

STJÓRN
NEYÐARAÐGERÐA

Kennslurit í vettvangsstjórn



Útgefandi:

Ríkislögreglustjórnin

Almannavarnadeild

Kennslurit í vettvangsstjórn
Skipulag, uppsetning
og framkvæmd aðgerða vegna slysa

Mars 2010

Efnisyfirlit

1	INNGANGUR	5
2	SKILGREININGAR Á ORÐUM OG HUGTÖKUM	6
3	ALMENN NEYÐARÞJÓNUSTA	9
3.1	ÁBYRGÐ OG LAGALEGUR RAMMI	9
3.2	VIÐBRAGÐSAÐILAR – ATVINNUMENN	10
3.2.1	Lögreglan	10
3.2.2	Slökkvilið	10
3.2.3	Sjúkraflutningamenn	10
3.2.4	Læknar og hjúkrunarfræðingar	11
3.2.5	Landhelgisgæslan	11
3.2.6	Bæjarstarfsmenn og starfsmenn veitustofnana	11
3.3	VIÐBRAGÐSAÐILAR – SJÁLFBODALIDAR	11
3.3.1	Björgunarsveitir	11
3.3.2	Rauða kross deildir	12
3.4	ALMENNINGUR	12
3.5	BOÐUN	13
3.6	ERLEND AÐSTÖÐ	13
3.6.1	Fyrir milligöngu sendiráða	13
3.6.2	Fyrir milligöngu Sameinuðu þjóðanna / SP	13
3.6.3	Fyrir milligöngu Atlantshafsbandalagsins / NATO	14
3.6.4	Fyrir milligöngu Evrópusambandsins	14
3.6.5	Fyrir milligöngu NORDRED (Norrænt samstarf)	14
4	NEYÐARÞJÓNUSTA VIÐ HÓPSLYS EÐA STÓRÁFÖLL	15
4.1	HEILDARSKIPULAG ALMANNAVARNA	15
4.1.1	Almannavarnir sem undir ríkisvaldið falla	15
4.2	ALMANNAVARNANEFNDIR	15
4.2.1	Neyðarskipulag	16
4.2.2	Séráætlanir	19
4.2.3	Aðgerða- og vettvangsstjórn í héraði	19
4.2.4	VST, AST og Samhæfingarstöðin (SST)	19
4.3	RÍKISLÖGREGLUSTJÓRI	20
4.3.1	Verkefni ríkislögreglustjóra á sviði almannavarna	20
4.3.2	Eftirlitskerfi	21
4.3.3	Hlutverk í útköllum	22
5	VETTvangsstjórnun	23
5.1	SKILGREININGAR	23
5.1.1	Hlutverk vettvangsstjóra	23
5.1.2	Skipun vettvangsstjóra	24
5.1.3	Boðun vettvangsstjóra	24
5.1.4	Starfssvæði vettvangsstjóra	25
5.1.5	Skipan vettvangsstjórnar	25
5.1.6	Starfslið vettvangsstjórnar	26
5.1.7	Skipun varavettvangsstjóra	26
5.2	SÁBF VERKÞÁTTASKIPURITID OG NOTKUN ÞESS	26
5.2.1	Stjórnun	27
5.2.2	Áætlun	27
5.2.3	Bjargir	29
5.2.4	Framkvæmd	30
5.3	VERKÞÁTTASKIPURIT VEGNA SLYSA OG NOTKUN ÞESS	30
5.3.1	Leit og björgun (L og B)	30
5.3.2	Sjúkra- og fjöldahjálp (S og F)	31
5.3.3	Gæslustörf (G)	32
5.3.4	Flutningar (F)	32
5.4	HELSTU STARFSSVÆÐI Á VETTvangi	33
5.4.1	Söfnunarsvæði slasaðra (SSS)	33
5.4.2	Söfnunarsvæði óslasaðra (SSÓ)	35

5.4.3	Söfnunarsvæði látinna (SSL).....	35
5.4.4	Söfnunarsvæði aðstandenda (SSA).....	35
5.4.5	Biðsvæði hjálparliðs (BH).....	36
5.4.6	Biðsvæði flutningstækja (BF).....	36
5.4.7	Biðsvæði tækja og búnaðar (BTB).....	36
5.4.8	Móttökustaður (MÓT).....	36
5.4.9	Starfssvæði og verkþáttastjórar.....	36
5.5	FERLI FRAMKVÆMDA Á VETTVANGI.....	37
5.5.1	Ferli þolenda.....	37
5.5.2	Ferli hjálparliðs.....	39
5.5.3	Einn slysstaður eða margir slysstaðir innan vettvangsins.....	39
5.5.4	Heildarferli – heildarstjórnun - samhæfing.....	39
5.6	AÐ HEFJA, STÝRA OG LJÚKA AÐGERÐUM.....	39
5.6.1	Skilgreining á aðgerðalotum.....	39
5.6.2	Lota I - Að hefja aðgerðir.....	40
5.6.3	Lota I - Uppsetning vettvangsstjórnstöðvar.....	41
5.6.4	Lota I - Stjórn og samhæfing.....	41
5.6.5	Lota II - Vettvangskannanir.....	43
5.6.6	Lota II - Upplýsingaflæði, boðleiðir og fjarskiptaáætlun.....	44
5.6.7	Lota II - Beiðnir.....	45
5.6.8	Lota II - Sjúkraflutningar.....	46
5.6.9	Lota II - Stöðufundir.....	46
5.6.10	Lota II - Stöðuskýrslur.....	46
5.6.11	Lota II - Talning, skráning og stöðuyfirlit vegna þolenda.....	47
5.6.12	Lota II - Atburðaskráning („logg“-skráning).....	48
5.6.13	Lota II - Fjölmíðlar.....	49
5.6.14	Lota II - Vaktaskipti í vettvangsstjórn.....	50
5.6.15	Lota III - Að draga úr aðgerðum og ljúka þeim.....	50
5.6.16	Lota III - Aðgerðaskýrslur.....	51
5.6.17	Lota III - Rannsókn slysstaðar/slysavettvangs.....	52
5.7	VERKÞÁTTASTJÓRAR.....	53
6	FJARSKIPTI.....	55
7	EIGIN UNDIRBÚNINGUR VETTVANGSSTJÓRA.....	57
7.1	ÞEKING Á VERKÞÁTTASKIPURITINU.....	57
7.2	UPPLÝSINGAR UM BJARGIR.....	57
7.3	HALDA GÓÐU SAMBANDI VIÐ VETTVANGSLIÐ Í HÉRAÐI.....	57
7.4	LÍKLEG AÐSTAÐA / AÐSETUR VETTVANGSSTJÓRA.....	58
7.4.1	Húsnæði.....	58
7.4.2	Bílar.....	58
7.4.3	Annað.....	58
7.5	GÁTLISTAR.....	59
7.6	ÖNNUR HJÁLARGÖGN.....	59
7.7	UPPLÝSINGAR AF INTERNETINU.....	59
8	KORT, LOFTMYNDIR, KORTATÁKN OG MERKINGAR.....	61
8.1	LANDAKORT OG LOFTMYNDIR.....	61
8.2	MÆLIKVARÐI KORTA OG LOFTMYNDA.....	61
9	VIÐAUKAR.....	68

1 Inngangur

Markmið þessa kennslurits í vettvangsstjórn er að tryggja samræmingu á því efni sem nota á við kennslu í þeim fræðum. Kennslurit þetta var upphaflega gefið út af Almennavörnum ríkisins í nóvember 2002 en er nú gefið út á ný eftir endurskoðun. Endurskoðun þessi var unnin af starfsmönnum Almennavarnadeildar ríkislögreglustjórna undir ritstjórn Víðis Reynissonar.

Árið 1998 var hafist handa við endurskoðun vettvangsstjórnunarskipulags almennavarna með aðkomu fulltrúa þeirra viðbragðsaðila sem að jafnaði vinna á vettvangi. Markmiðið var að útbúa skipulag sem væri hægt að beita þegar stærri áföll yrðu en endurspeglaði þau verkefni, sem verið væri að vinna í daglegum viðbrögðum. Niðurstaðan varð verkþáttaskipurit, sem gengið hefur undir nafninu SÁBF; Stjórnun, Áætlun, Bjargir, Framkvæmd, eftir fjórum megin verkþáttum skipulagsins. Stjórnun og ábyrgð miðast við mismunandi verkþætti en ekki einstaklinga eða stöður. Uppbygging skipulagsins miðast fyrst og fremst við skipulagða aðstoð við fólk á vettvangi en auðvelt er að heimfæra það upp á önnur verkefni, svo sem björgun húsdýra, verðmæta o.þ.h.

Í ritinu er lýst skipulagi, uppsetningu og framkvæmd aðgerða á vettvangi þegar stórslys verða. Stórslys eru ekki eingöngu margfeldi af minni slysum. Við stærðaraukninguna koma upp ýmis vandamál sem auka til muna álag á stjórnendur og aðra er taka þátt í aðgerðinni. Við því verður að bregðast með skipulögðum hætti en það er markmið vettvangsstjórnunarskipulagsins.

Í verkþáttaskipuritinu er ekki ákveðið fyrirfram hvar vettvangsstjórn er staðsett; það tekur mið af eðli, umfangi og staðsetningu þess atburðar, sem um ræðir hverju sinni en skipuleg vettvangsstjórn er talin með mikilvægustu þáttum í stjórnun neyðaraðgerða.

Samræmt vettvangsstjórnunarskipulag, er menn þekkja úr sínu daglega starfi og umhverfi, auðveldar mjög samhæfingu ólíkra starfseininga, sem við umfangsmiklar aðgerðir koma víðsvegar að af landinu. Það er eimitt einn megin kosturinn við skipulagsið að það gagnast öllum viðbragðseiningum. Yfirmenn í neyðarþjónustu eru hvattir til að tileinka sér skipulagið, kynna undirmönnum sínum það og innleiða það við dagleg störf.

Vettvangsstjórn er heildarstjórn framkvæmda á vettvangi, ekki fagstjórnun. Á vettvangsstjórnunarnámskeiðum er kennt að vettvangsstjóri stýrir og samhæfir aðgerðum allra viðbragðsaðila á vettvangi og þarf að hafa yfirsýn heildaraðgerða, ekki aðeins verkefni sem falla á þá starfsstétt sem viðkomandi kemur úr. Þetta er merking hugtaksins vettvangsstjórnun sem tekið var í notkun af Almennavörnum ríkisins árið 1985.

2 Skilgreiningar á orðum og hugtökum

Eitt af grunnatriðum skipulags er sameiginlegur skilningur og því er lögð mikil áhersla á að skilgreiningar í þessu vettvangsstjórnunarriti séu öllum kunnar og notaðar rétt.

Aðgerðalotur	Aðgerðum má skipta í þrjár lotur; upphafsaðgerðir, skipulagt ferli aðgerða og aðgerðalok.
Aðgerðastjórn	Hópur manna sem fer með aðgerðastjórnun og sem starfar í fyrirfram skilgreindri aðgerðastjórnstöð.
Aðgerðastjórnun	Heildarstjórnun og samhæfing aðgerða í umdæmi sem nær yfir einn vettvang eða fleiri. Aðgerðastjórnun felst m.a. í samskiptum við vettvangsstjóra, þau starfssvæði innan umdæmis, sem falla ekki undir vettvangsstjóra og samskiptum við Samhæfingarstöðina. Aðgerðastjórnun getur verið framkvæmd af almannavarnanefnd eða aðgerðastjórn.
Aðgerðastjórnstöð / Aðgerðastöð	Aðsetur almannavarnanefndar eða aðgerðastjórnar.
Aðhlynningarstjóri	Stjórnandi verkþáttarins Sjúkra- og fjöldahjálp .
Áfall	Atburður þegar fólk slasast, rýma þarf svæði, flótti brestur á eða önnur meiriháttar röskun verður á daglegu lífi fólks.
Áfallssvæði / Skaðasvæði / Áhrifasvæði	Svæðið þar sem beinna eða óbeinna áhrifa áfalls gætir. Getur verið afmarkað eða mjög víðfeðmt. Oftast er slíkt svæði skilgreint með ytri lokun.
Almannavarnir	Hugtak og skipulag, sem notuð eru þegar margar starfseiningar koma saman til þess að vinna að hjálpar- og neyðaraðgerðum og unnið er eftir neyðarskipulagi almannavarna.
Almannavarnadeild ríkislögreglustjórans	Deild innan embættis ríkislögreglustjóra sem sinnir verkefnum á sviði almannavarna sbr. 5. gr. lögreglulaga nr. 90/1996.
Áhætta	Áhætta er margfeldi af líkum sinnum afleiðingar.
Biðsvæði	Svæði þar sem bjargir bíða frekari fyrirmæla.
Brotflutningur	Fólk flutt út úr einu stjórnsýsluumdæmi yfir í annað.
Bjargir	Mannafli, tæki og búnaður til þess að leysa verkefnið.
Björgunarstjóri	Stjórnandi verkþáttarins Leit og björgun .
Flutningastjóri	Stjórnandi verkþáttarins Flutningar .
Polandi	Einstaklingur sem lendir í áfalli eða slysi, óháð því hver afdrif hans verða; óslasaður, slasaður eða látinn.
Gæslustjóri	Stjórnandi verkþáttarins Gæslustörf .
Hlutverk	Skilgreinir stöðu viðkomandi á vettvangi. Dæmi: ég er ...birgðastjóri, vettvangsstjóri, bílstjóri o.s.frv.
Hætta	Vá eða ógn.
Hættustig	Eitt af þremur háskastigum í neyðarskipulagi almannavarna. Á Hættustigi er brugðist við tiltekinni vá með því t.d. að loka svæðum eða rýma hverfi. Aðgerðir á Hættustigi miða að því að lágmarka afleiðingar sem yfirvofandi hættu. Hættustig er miðstig neyðarskipulagsins.
Neyðarstig	Eitt af þremur háskastigum í neyðarskipulagi almannavarna. Neyðarstig einkennist af atburði sem valdið hefur slysum á fólki og /eða tjóni á mannvirkjum. Verkefni á þessu stigi krefjast tafarlausra aðgerða til lífsbjargandi aðstoðar og viðleitni til að afstýra fleiri slysum og varna frekara tjóni. Neyðarstig er efsta stig neyðarskipulagsins.

Slys	Atburður eða óhapp þar sem fólk slasast.
Slysstaður/ Slysavettvangur	Svæði sem afmarkast af slysinu sjálfu. Skilgreint eins þröngt og hægt er og oftast afgirt með innri lokun. Er hluti af vettvangnum.
Söfnunarsvæði	Svæði sem þolendum er safnað saman til fyrstu aðhlynningar og frekari flutninga.
Verkpáttaskipurit	Verkpáttaskipuritið SÁBF .
Verkpáttastjórar	Stjórnendur undir vettvangsstjórn; björgunarstjóri, aðhlynningarstjóri, gæslustjóri og flutningastjóri.
Verkpáttur	Málaflokkur sem felur í sér ákveðinn verknað, t.d. stjórnun, áætlanagerð, skipulagningu o.þ.h.
Vettvangsstjóri	Æðsti stjórnandi á vettvangi. Stjórnar og samhæfir aðgerðir allra starfseininga á vettvangi. Heyrir undir aðgerðastjórn.
Vettvangsstjórn	Vettvangsstjóri og þeir menn sem hann tilnefnir til að stjórna aðalverkpáttum vettvangsstjórnar (Áætlanir, Bjargir, Framkvæmd).
Vettvangsstjórnstöð/ Vettvangsstöð	Aðsetur vettvangsstjóra. Getur verið í húsi, tjaldi, bíl eða undir berum himni.
Vettvangur	Yfirráðasvæði vettvangsstjóra, þ.e.a.s. slysavettvangur og öll starfssvæði sem vettvangsstjóri setur upp. Markast oft af ytri lokunum. Þegar ofangreind bið- og söfnunarsvæði anna ekki lengur þjónustu við vettvang skal aðgerðastjórn skipta aðgerðasvæðinu í fleiri vettvanga.
Óvissustig	Eitt af þremur háskastigum í neyðarskipulagi almannavarna. Einkennist af atburðarás sem hafin er og ætla má að geti leitt til þess að öryggi fólks og/eða byggðar er stefnt í hættu. Á Óvissustigi hefst samráð milli vísindastofnanna og almannavarna; athuganir, rannsóknir og mælingar eru efldar og reglubundið er framkvæmt hættumat sem leiðir í ljós hvort hættan fer vaxandi, dvínandi eða helst óbreytt. Óvissustig er lægsta stig neyðarskipulagsins.
Yfirstjórn í umdæmi	Æðsta stjórnstig tiltekins stjórnkerfis innan umdæmis. Í stjórnkerfi almannavarna er það lögreglustjóri og þeir meðstjórnendur sem lög ákveða, eða sem hann velur.

SKAMMSTAFANIR

AST	Aðgerðastjórn /-stjóri
AVN, Av-nefnd	Almannavarnanefnd
BF	Biðsvæði flutningstækja
BH	Biðsvæði hjálparliðs
BTB	Biðsvæði tækja og búnaðar
IL	Innri lokun
LP	Lendingarsvæði fyrir þyrlur
MÓT	Móttökustaður fyrir bjargir
SLY	Slysstaður / slysavettvangur
SÁBF	Stjórnun-Áætlun-Bjargir-Framkvæmd, fjórir megin verkþættir verkþáttaskipuritsins
SSA	Söfnunarsvæði aðstandenda
SSL	Söfnunarsvæði látinna
SSÓ	Söfnunarsvæði óslasaðra
SSS	Söfnunarsvæði slasaðra
SST	Samhæfingarstöðin, sem er staðsett í Björgunarmiðstöðinni Skógarhlíð í Reykjavík og varastöð er á lögreglustöðinni á Akureyri
F	Verkþátturinn Flutningar
G	Verkþátturinn Gæslustörf
L og B	Verkþátturinn Leit og björgun
S og F	Verkþátturinn Sjúkra- og fjöldahjálp
VST	Vettvangsstjórn /-stjóri
YL	Ytri lokun

3 Almenn neyðarþjónusta

3.1 Ábyrgð og lagalegur rammi

Stjórn og ábyrgð hinnar daglegu neyðarþjónustu er alla jafna í höndum stofnanna, ýmist á vegum ríkisins eða sveitarfélaga svo sem lögreglu, slökkviliðs, heilbrigðisþjónustu, sjúkraflutninga og Landhelgisgæslunnar (LHG).

Í megin atriðum skiptist ábyrgð á hinni daglegu neyðarþjónustu á eftirtalda aðila:

1. Lögreglustjórar fara með stjórn lögregluliðs, hver í sínu umdæmi. Samkvæmt lögreglulögum fer lögreglustjóri með stjórn leitar og björgunar á landi í sínu umdæmi. Ríkislögreglustjóri hefur með höndum yfirstjórn á framkvæmd einstakra löggæsluverkefna, sem krefjast viðamikils undirbúnings eða þátttöku lögreglumanna úr fleiri en einu umdæmi. Æðsti yfirmaður lögreglumála í landinu er dómsmálaráðherra. Í 4 gr. lögreglulaganna segir að ríkislögreglustjórinn fari með málefni lögreglunnar í umboði dómsmálaráðherra (sjá lög nr. 90/1996).
2. Slökkvilið lúta stjórn viðkomandi slökkviliðsstjóra eða í forföllum hans, varaslökkviliðsstjóra. Eftirlit með brunavörnum og brunamálum er hinsvegar í höndum Brunamálastofnunar ríkisins. Æðsti yfirmaður brunamála í landinu er umhverfisráðherra (sjá lög nr. 75/2000 um brunavarnir).
3. Heilbrigðisþjónustan lýtur stjórn hinna ýmsu sjúkrastofnana, skv. gildandi lögum og reglugerðum. Æðsti yfirmaður heilbrigðisþjónustunnar í landinu er heilbrigðisráðherra.
4. Stjórn sjúkraflutninga er í höndum héraðslæknis viðkomandi heilsugæsluumdæmis. Æðsti yfirmaður sjúkraflutninga í landinu er heilbrigðisráðherra.
5. Stjórn Landhelgisgæslu og þyrluþjónustu á hennar vegum er í höndum forstjóra stofnunarinnar. Æðsti yfirmaður LHG er dómsmálaráðherra sbr. lög nr. 52/2006 um Landhelgisgæslu Íslands.
6. Neyðarlínan 112 annast viðtöku tilkynninga um fólk í neyð og beiðnum um aðstoð lögreglu, slökkviliðs, björgunarsveita og sjúkraflutningaliðs og aðra neyðaraðstoð. Dagleg stjórn er í höndum framkvæmdastjóra. Neyðarlínan er opinbert hlutafélag og um starfar hún eftir lögum nr. 40/2008 um neyðarsvörun. Ríkið á meirihluta í Neyðarlínunni og fer dómsmálaráðuneytið með málefni hennar fyrir hönd ríkisins.

Heildarskipulag hinnar daglegu neyðarþjónustu við samræmdar aðgerðir er sem hér segir:

1. Lögreglustjórar fara með yfirstjórn leitar- og björgunaraðgerða á landi. Um björgun sem heyrir undir skipulag almannavarna gilda sérstök lög. Ráðherra setur reglur um samstarf lögreglu og björgunarsveita (sjá lögreglulögin, lög nr. 43/2003 um björgunarsveitir og björgunarsveitarmenn og reglugerð nr. 289/2003 um leit og björgun á landi og samstarf lögreglu og björgunarsveita).
2. Flugstoðir stjórna leit að týndu loftfari fram til þess að slysstaður finnst en þá tekur lögreglustjóri í viðkomandi umdæmi við ábyrgð á vettvangsstjórn finnist loftfarið á landi en annars Landhelgisgæslan. Rannsóknarnefnd flugslysa fer með yfirstjórn vettvangsrannsóknar og skal lögreglustjóri aðstoða hana í hvívetna.
3. Yfirstjórn björgunarmála á sjó er í höndum samstarfshóps sem skipaður er fulltrúum frá Landhelgisgæslu, Slysavarnafélaginu Landsbjörgu og Landssímanum.

Auk þess sem að framan er greint hefur Slysavarnafélagið Landsbjörg skipulagt starfsemi sína með hliðsjón af verkefnum á sviði leitar- og björgunarþjónustu. Skipulag þetta byggir á kerfi 16 svæðisstjórna björgunarsveita vítt og breytt um landið, sem hver um sig stjórnar samræmdum aðgerðum björgunarsveita innan síns starfssvæðis. Þegar um samræmdar aðgerðir á landsvísu er að ræða eða aðgerð, sem nær yfir fleiri en eitt svæðisstjórnarumdæmi, fer Landsstjórn björgunarsveita með yfirstjórn samræmdra aðgerða björgunarsveita. Landsstjórn og/eða svæðisstjórnir vinna alla jafnan í umboði lögreglustjóra, Flugstoða, ríkislögreglustjórans eða Landhelgisgæslunnar.

Í þessum kafla verður fjallað stuttlega um þá aðila sem sinna verkefnum á vettvangi við samræmdar neyðaraðgerðir. Þeim má í megin dráttum skipta í tvo flokka; annars vegar atvinnumenn, sem gegna opinberum störfum og fá greidd laun fyrir störf sín og hinsvegar sjálfbóðaliða, sem hafa þjálfað sig til björgunar- og hjálparstarfa en eru ekki launaðir.

Þegar verið er að fjalla um ólíka viðbragðsaðila er hugtakið fagmenn stundum notað yfir atvinnumenn til aðgreiningar frá sjálfbóðaliðum. Þetta getur verið villandi því fagmennska sjálfbóðaliða er ekki dregin í efa og ljóst er að með aukinni fræðslu, menntun og þjálfun sjálfbóðaliða ber að líta á störf þeirra sem fagmennsku innan þeirra sérsviða.

3.2 Viðbragðsaðilar – atvinnumenn

Atvinnumönnum á vettvangi má skipta í fjóra megin flokka: lögreglumenn, slökkviliðsmenn, sjúkraflutningamenn og heilbrigðisstarfsmenn (lækna og hjúkrunarfræðinga). Allar þessar starfsgreinar sinna opinberum störfum ýmist fyrir ríki eða sveitarfélög og hljóta greiðslu fyrir störf sín eins og fyrr sagði. Sumir atvinnumenn sinna þessu í fullu starfi en aðrir í hlutastarfi og enn aðrir standa bakvaktir og mæta einungis þegar um útkall er að ræða.

3.2.1 Lögreglan

Lögreglumenn eru ríkisstarfsmenn sem vinna fyrir og á starfssvæði viðkomandi lögreglustjóra. Íslandi er skipt upp í 15 lögregluumdæmi og er lögreglustjóri yfir hverju umdæmi. Fjöldi lögreglumanna við störf (meðtaldir afleysingamenn og héraðslögreglumenn) í ágúst 2009 er um 750, en dreifing þeirra um landið er mjög misjöfn. Þannig eru rúmlega 70% lögreglumanna á suðvesturhorni landsins eða nánar tiltekið höfuðborgarsvæðinu og Suðurnesjum.

Lögreglumenn eru ráðnir með þrennskunar hætti. Almennir lögreglumenn, sem lokið hafa námi í Lögregluskóla ríkisins eru skipaðir lögreglumenn. Afleysingarlögreglumenn eru ráðnir til tímabundinna starfa að loknu námskeiði sem lögreglumenn. Loks eru það héraðslögreglumenn, sem ekki starfa dags daglega sem lögreglumenn, en eru kallaðir til starfa ef á þarf að halda og starfa þá undir stjórn lögreglumanna.

Dagleg störf lögreglumanna við slys eða áföll eru fyrst og fremst á sviði stjórnunar, verndunar og gæslu, umferðastjórnar og rannsókna.

3.2.2 Slökkvilið

Slökkviliðsmenn eru starfsmenn sveitarfélaganna og afmarkast starfssvæði þeirra við mörk viðkomandi sveitarfélags. Töluvert er um það að sveitarfélög geri með sér samkomulag um að samnýta eitt slökkvilið fyrir fleiri en eitt sveitarfélag. Á Íslandi eru um 1.400 slökkviliðsmenn í 45 slökkviliðum. Um það bil 300 þeirra eru fastráðnir sem launaðir starfsmenn í fullu starfi en u.þ.b. 1.100 slökkviliðsmenn eru hlutastarfandi og sinna því ekki slökkviliðsstörfum dags daglega, en sinna útköllum og stunda æfingar.

Reglugerð um Brunamálaskólann og réttindi og skyldur slökkviliðsmanna kveður á um menntun og starfsskilyrði slökkviliðsmanna. Brunamálaskólinn er rekinn sem sjálfstæð deild innan Brunamálastofnunar og setur skólinn námsskrá þar sem menntun slökkviliðsmanna er nánar skilgreind. Náminu er skipt í nám fyrir atvinnuslökkviliðsmenn, hlutastarfandi slökkviliðsmenn, eldvarnaeftirlitsmenn og endurmenntun.

Dagleg störf slökkviliðsmanna eru fyrst og fremst á sviði slökkvistarfa, eldvarnaeftirlits, mengunarvarna og björgunarstarfa.

3.2.3 Sjúkraflutningamenn

Ábyrgð sjúkraflutninga er á höndum héraðslækna hvers læknishéraðs sem eru 8 talsins. Aftur á móti er framkvæmd sjúkraflutninga sinnt af ýmsum embættum, stofnunum eða samtökum, svo sem bæjarfélögum (slökkvilið), lögreglustjórum (lögreglulið), heilsugæslustöðvum og sjálfbóðaliðadeildum (rauða kross deildum eða björgunarsveitum). Mikilvægt er að menn geri sér grein fyrir því að þegar t.d. slökkviliðsmaður kemur á slysstað á sjúkrabíl er hann þar sem sjúkraflutningamaður en ekki slökkviliðsmaður. Í landinu eru starfandi um 300 löggiltir

sjúkraflutningamenn en auk þess starfa nokkrir sjúkraflutningamenn sem enn hafa ekki sótt löggilt sjúkraflutninganámskeið. Um helmingur löggiltra sjúkraflutningamanna starfar á suðvesturhorni landsins. Fjöldi sérútbúinna sjúkrabifreiða í landinu er um 70.

Sjúkraflutningaskólinn sér um menntun sjúkraflutningamanna. Hér á landi eru kennd tvö stig í menntun sjúkraflutningamanna. Annars vegar almennt sjúkraflutninganám og hins vegar framhaldsnám sem veitir réttindi til að starfa á neyðarbílum. Menntun svonefndra bráðataekna (enska: paramedics) hefur aukist á síðustu árum en það nám fer fram erlendis.

Dagleg störf sjúkraflutningamanna eru umönnun slasaðra, jafnt á vettvangi sem í flutningi, og sjúkraflutningurinn sjálfur.

3.2.4 Læknar og hjúkrunarfræðingar

Þó svo að læknar og hjúkrunarfræðingar starfi að mestu leyti innan veggja heilbrigðisstofnanna starfa þeir í vissum tilfellum einnig á vettvangi. Landinu er skipt upp í 8 læknishéruð og er héraðslæknir yfir í hverju héraði. Fjöldi lækna á landinu er um 900 og fjöldi starfandi hjúkrunarfræðinga um 2.000. Rétt er að hafa það í huga að vegna sérhæfingar sinnar og þeirra starfa sem læknar og hjúkrunarfræðingar sinna daglega er ekki nema lítið brot þeirra sem stendur frami fyrir því að þurfa að starfa á vettvangi.

Grunnnám lækna eru sex ár. Framhaldsmenntun fer fram á ákveðnu sviði, svo sem heimilislækningar, lyflækningar og skurðlækningar. Grunnnám hjúkrunarfræðinga er fjögur ár. Framhaldsmenntun fer fram á ákveðnum sviðum svo sem heilsugæslu- og svæfingarhjúkrun. Störf lækna á vettvangi eru fyrst og fremst áverkamat slasaðra, umönnun og fyrirmæli vegna sjúkraflutninga.

3.2.5 Landhelgisgæslan

Flugdeild Landhelgisgæslunnar rekur þrjár björgunarþyrlur sem við störf á landi eru fyrst og fremst notaðar til sjúkraflutninga og flutnings á mannafla og búnaði á þá staði sem erfitt er að komast á eða þar sem tími skiptir miklu máli. Eitt af öflugustu tækjum nútíma björgunaraðgerða er vafalítið þyrlan, ekki síst þar sem um er að ræða strjálar byggðir og erfiðar samgöngur. Að jafnaði er þyrlan sett í viðbragðsstöðu um leið og fréttist af alvarlegum slysum á landsbyggðinni. Samskipti og samvinna við þyrluna og áhöfn hennar er ekki ýkja flókin, Miklu máli skiptir að þeir sem stýra aðgerðum á slysstað viti til hvers áhöfn þyrlunnar ætlast þegar hún kemur á staðinn, hvernig samskipti við áhöfnina þurfa að vera og ekki síst hvað þarf að hafa í huga við val á lendingarstað. Vettvangsstjórar eru hvattir til að kynna sér heftið „Notkun þyrlu við neyðar- og björgunarþjónustu“, sem gefið var út af Almannavörnum ríkisins í samvinnu við flugdeild Landhelgisgæslunnar. Landhelgisgæslan sinnir einnig sjúkraflugi með flugvél sinni.

Þá eru varðskip og flugvél Landhelgisgæslunnar notuð til þess að flytja björgunarlið og þolendur ef þess þarf.

3.2.6 Bæjarstarfsmenn og starfsmenn veitustofnana

Bæjarstarfsmenn teljast ekki til hefðbundinna viðbragðsaðila. Þeir geta verið kallaðir út af bæjaryfirvöldum og verið mikilvæg viðbót þegar á þarf að halda. Sérstaklega við áföll í byggð.

Starfsmenn þjónustu- og veitustofnanna eru kallaðir út þegar veitukerfi bila eða skemmast.

3.3 Viðbragðsaðilar – sjálfbóðaliðar

Sjálfbóðaliðar sem starfa á vettvangi koma fyrst og fremst úr röðum björgunarsveita og deildum Rauða krossins.

3.3.1 Björgunarsveitir

Ein björgunarsamtök eru starfandi í landinu, þ.e. Slysavarnarfélagið Landsbjörg. Aðildarsveitir þess eru um 100 og virkir félagsmenn á bilinu 3.000 - 4.000. Landinu er skipt í 18 svæði eða umdæmi. Svæðisstjórn er í hverju umdæmi sem fer með stjórn aðgerða af hálfu björgunarsveita viðkomandi

svæðis. Björgunarsveitarmenn koma sem liðsstyrkur við úrlausn þeirra verkefna, sem framkvæmd eru á ábyrgð opinberra aðila.

Menntun björgunarsveitarmanna skiptist í þrjú stig: grunnnám, framhaldsnám og fagnám. Grunn nám og framhaldsnám felur í sér almenna þekkingu á meðan fagnámskeiðin fela í sér sérhæfingu á ákveðnu sviði.

Helstu störf björgunarsveitarmanna eru á sviði leitar, björgunar, fyrstuhjálpar með áherslu á uppsetningu og rekstur söfnunarsvæða slasaðra og flutninga. Þá hafa björgunarsveitarmenn komið sem liðsstyrkur vegna gæslustarfa. Störf björgunarsveitarmanna eru flest unnin á vettvangi og falla undir stjórn vettvangsstjóra.

Ríkislögreglustjórinn og Slysavarnafélagið Landsbjörg hafa með sér samstarfssamning um virkjun hjálparliðs samtakanna við almannavarnaaðgerðir en samningurinn var gerður af Almannavörnum ríkisins í apríl 2002 til fimm ára. Þá gera almannavarnanefndir samninga við björgunarsveitir í héraði.

3.3.2 Rauða kross deildir

Deildir Rauða kross Íslands (RKÍ) eru 50 (september 2009) og starfa um allt land. Virkir félagsmenn Rauða kross deilda teljast vera milli 1.500 - 1.700 (2009). Rauði krossinn hefur tekið að sér þann verkþátt almannavarnaskipulagsins sem lýtur að fjöldahjálp og félagslegu hjálparstarfi. Í því felst uppsetning og rekstur á fjöldahjálparstöðvum þar sem skráning, vistun og umönnun óslasaðra og heimilislausa eftir áfall fer fram. Þá hefur Rauði kross Íslands sérhæft sig í umsjón söfnunarsvæðis aðstandanda, þar sem hlúð er að þeim, sem þurfa aðstoð eða upplýsingar vegna ættingja eða vina, sem lentu í áfalli. Áfallahjálp fyrir almenning er einnig verkþáttur sem Rauði kross Íslands hefur sérhæft sig í. Sumstaðar á landinu hefur Rauði krossinn tekið að sér aðra þætti svo sem heildarskráningu á þolendum, aðstoð á söfnunarsvæði óslasaðra á vettvangi o.fl. En að jafnaði starfar Rauða krossinn í fjöldahjálparstöðvum, sem eru staðsettar utan vettvangs og störf hans falla undir aðgerðastjórn.

Rauða kross fólk, sem starfar innan verkþáttarins Fjölda- og félagshjálp, sækir sérstakt námskeið á því sviði.

Ríkislögreglustjórinn og Rauði kross Íslands hafa með sér samstarfssamning um virkjun hjálparliðs samtakanna við almannavarnaaðgerðir en samningurinn var gerður af Almannavörnum ríkisins í apríl 2002 til fimm ára. Þá gera almannavarnanefndir samninga við Rauða kross deildir í héraði.

3.4 Almenningsur

Reynslan hefur sýnt, bæði hérlandis, t.d. í þeim snjóflóðum sem fallið hafa á byggð og erlendis, t.d. við björgunaraðgerða vegna fallinna húsa í Oklahoma borg og New York í Bandaríkjunum, að almenningur er oft stór hluti af þeim viðbragðsaðilum sem starfa á vettvangi. Stundum getur framlag almennings skipt sköpum varðandi björgun mannlífa. Í einöngruðum byggðum á Íslandi eru það almennir íbúar sem veita einu aðstoðina í byrjun. Stundum er framlag almennings aukin byrði á aðgerðirnar og veldur einungis töfum við að skipuleggja og framkvæma störf á vettvangi. Hið síðarnefnda á sérstaklega við í mjög stórum aðgerðum þar sem aðgangur almennings að vettvangi er auðveldur.

En er rétt að nota óþjálfaðan almenning við björgunarstörf eftir umfangsmiklar hamfarir? Mikið gagn getur verið að framlagi almennings ef gert er ráð fyrir því í skipulagt aðgerða og þá skal hafa eftirfarandi í huga:

- nýta sérþekkingu svo sem iðnaðar-, tækni- og heilbrigðisstarfsmanna.
- skilgreina verksvið þeirra og tryggja að þeir tengist ríkjandi skipulagi með eðlilegum hætti, m.a. með því að skilgreina stjórnanda úr röðum viðbragðsaðila.
- við slíkar aðgerðir starfar almenningur í framandi umhverfi og skipulagi.
- tryggja skráningu þeirra.
- tryggja öryggi þeirra.

- gefa þeim skýrar leiðbeiningar og fyrirmæli.
- tryggja að þjálfaður vettvangsaðili leiði sjálfboðaliða við störf.
- auðkenna almenning sérstaklega við störf á vettvangi.

Þá þarf að hafa í huga aðstöðu fyrir almenning til að bíða og þannig tryggja að ávallt sé hægt að halda utan um hópinn, sem vildi leggja sitt af mörkum. Hins vegar, ef ljóst er að þessi hópur er að verða baggi á stjórnendur aðgerðanna, verður að vísa fólkinu frá.

3.5 Boðun

Samkvæmt lögum og samningnum boðar Neyðarlínan út lögreglu, slökkvilið, sjúkraflutningsaðila, læknavaktir og björgunarsveitir. Hlutverk hennar hefur undanfarin ár verið að aukast og fleiri aðilar nýta sér möguleika fyrirtækisins til þess að boða þá sem þarf á neyðarstundu.

Hægt er að kalla út bakvakt almannavarnadeildar ríkislögreglustjórans og áhöfn Samhæfingarstöðvarinnar í gegnum Neyðarlínuna. Þá hafa margar almannavarnanefndir einnig gefið Neyðarlínunni upplýsingar um hvernig hægt sé að ná í lykilmenn innan þeirra raða. Einnig hefur allt útkallskerfi björgunarsveita verið fært inn í kerfi Neyðarlínunnar.

Útbúinn hefur verið samræmdur gagnagrunnur, sem inniheldur upplýsingar um hvern þann, sem hlutverki hefur að gegna innan neyðarþjónustunnar. Inn í grunninn eru færðar boðunaráætlanir vegna viðbragðsáætlana almannavarna og aðrar áætlanir, sem skilgreindar eru af þeim sem tengjast grunninum.

Mikilvægt er að boðun sé skipulögð og gangi hratt og örugglega fyrir sig. Um leið og fyrsta boðun er búin geta frekari boðanir átt sér stað í gegnum Neyðarlínuna eða af hálfu aðila í héraði. Við það síðarnefnda er mikilvægt að haldið sé vel utan um hverjir hafa verið boðaðir til starfa og það skráð sérstaklega.

3.6 Erlend aðstoð

Ekki er almennt gert ráð fyrir að Íslendingar þurfi að leita eftir erlendri aðstoð vegna náttúruhamfara eða stórslysa. Þó er ekki hægt að útiloka tilfelli sem væru svo umfangsmikil eða flókin að hjálp gæti orðið í því að fá aukinn mannafla, búnað eða sérþekkingu á tilteknu sviði erlendis frá. Þetta gæti gerst við jarðskjálfta, sem hefði alvarlegar afleiðingar á þéttbýli. Annað dæmi er rústabjörgun í stórri steinsteyptri byggingu. Í því samhengi má benda á að það tók um 700 björgunarmenn 16 daga að ná öllum út úr 9 hæða stjórnsýslubyggingu sem var sprengd í loft upp í Oklahomaborg 1995.

Ef til þess kemur að beðið verður um erlenda aðstoð væri það gert á eftirfarandi hátt. Vettvangsstjóri biður um aðstoð til aðgerðastjórnar samkvæmt hefðbundnum leiðum og aðgerðastjórn sendir beiðnina áfram til Samhæfingarstöðvarinnar. Ef ekki er hægt að útvega umbeðna aðstoð hérlandis, annað hvort vegna þess að önnur umdæmi hafa full not fyrir eigin bjargir eða vegna þess að hún er ekki til í landinu, er farið að huga að því hvort ástæða sé til þess að fá erlenda aðstoð. Í framhaldi yrði haft samband við dómsmálaráðuneytið og utanríkisráðuneytið til endanlegrar ákvörðunar. Þegar um umfangsmiklar aðgerðir er að ræða getur frumkvæði að erlendri aðstoð komið frá Samhæfingarstöðinni.

Til eru fjórar megin leiðir til þess að biðja um alþjóðlega aðstoð:

3.6.1 Fyrir milligöngu sendiráða

Haft er samband við sendiráð Íslands og þau beðin um að koma beiðninni til réttra aðila í viðkomandi landi. Sum lönd hafa gert milliríkjasamninga um slíka aðstoð fyrirfram og greiðir það fyrir að aðstoðin sé veitt fljótt og örugglega.

3.6.2 Fyrir milligöngu Sameinuðu þjóðanna / SP

Miðstöð alþjóðlegrar neyðarhjálpar SP er í Genf í Sviss. SP skiptast í margar undirstofnanir sem fara með mismunandi þætti hjálparstarfa. Hlutverk stofnunarinnar í Genf er að hafa upplýsingar um hvaða þjóðir eru með sérhæft björgunarlið á tilteknum sviðum og hafa milligöngu um útvegun þess.

Jafnframt getur stofnunin leitað til aðildarríkja SP og beðið þau að útvega sérþjálfað fólk til þess að fara á vettvang og aðstoða við að meta þörf á alþjóðlegu hjálparliði og vera yfirvöldum til aðstoðar við að skipuleggja móttöku og tryggja hámarks nýtingu þess. Umræddir einsaklingar hafa sótt svokallað UNDAC námskeið sem Sameinuðu þjóðirnar standa fyrir. Heppilegt getur verið að fá þjálfaða UNDAC aðila til þess að aðstoða í Samhæfingarstöðinni, jafnvel þó að erlendar sveitir komi fyrir milligöngu sendiráða. UNDAC er skammstöfun á United Nations Disaster Assessment and Coordination og þeir hópar eða lið, sem fara á vettvang eru nefnd UNDAC Team.

3.6.3 Fyrir milligöngu Atlantshafsbandalagsins / NATO

Árið 1998 setti NATO (North Atlantic Treaty Organization) upp samræmingarstöð sem nefnd er EADRCC (Euro-Atlantic Disaster Response Coordination Center). Hún getur tekið á mótí hjálparbeiðnum og komið þeim til aðildarríkja. Að stöðinni standa, auk NATO ríkjanna, þau lönd sem eru í friðarsamstarfi við NATO, alls 44 lönd, þar með talin NATO ríkin 19. Stöðin er staðsett í höfuðstöðvum NATO í Brussel.

3.6.4 Fyrir milligöngu Evrópusambandsins

Á vegum Evrópusambandsins er í vinnslu verkefni sem kallað er „Mechanism in the Field of Civil Protection“. Í tengslum við það er opnuð samhæfingarstöð þegar áfall verður innan þeirra ríkja sem taka þátt í verkefninu. Einnig er gert ráð fyrir að þessi samhæfingarstöð sinni aðstoðarbeiðnum utan Evrópu. Samhæfingarstöðin er staðsett í Brussel.

3.6.5 Fyrir milligöngu NORDRED (Norrænt samstarf)

Á grundvelli norræna björgunarsamningsins (NORDRED avtalen), sem allar Norðurlandabjóðirnar eru aðilar að, er hægt að óska eftir aðstoð. Almannavarnadeildin fer með þetta samstarf af hálfu íslenskra yfirvalda og getur haft beint og milliliðalaust samband við samstarfsaðila sína, sem eru Beredskapstyrelsen í Danmörku, Direktoratet for samfunnsikkerhed og beredskap (DSB) í Noregi, Räddningsverket í Svíþjóð og Innanríkisráðuneytið í Finnlandi.

Allir þessir möguleikar standa ekki bara Íslendingum til boða heldur einnig öðrum þjóðum þannig að ljóst má vera að þegar áfall dynur yfir er hætta á að framboð þeirra, sem vilja aðstoða verði meiri en eftirspurnin. Hugsanlega gætu Íslendingar verið beðnir um aðstoð eftir öllum þessum fimm leiðum samtímis.

Það er einkum tvennt sem veldur tregðu hjá yfirvöldum þegar óska þarf eftir erlendri aðstoð. Í fyrsta lagi er hún oft lengi að komast á skaðasvæðið. Líklegt er að fyrstu erlendu sveitirnar komi til landsins í fyrsta lagi 12 tímum eftir að beiðni um slíkt berst til þeirra, en sumar sveitir hafa mætt nokkrum dögum eftir að áfall hefur orðið. Í öðru lagi er aðbúnaðarmál fyrir erlendar björgunarsveitir mun flóknari en fyrir heimasveitir. Þó svo að slíkar sveitir hafi oftast með sér fæði, búnað og jafnvel tjöld þarf yfirleitt að sjá þeim fyrir flutningi og túlk. Ekki eru til skipulag eða reglur um móttöku erlendra björgunarsveitar en líklegakoma erlendar björgunarsveitir og neyðaraðstoð kemur inn í skipulagðar aðgerðir almannavarna á sama máta og önnur utanaðkomandi aðstoð í umsjá ríkislögreglustjórans. Almannavarnir ríkisins hvöttu til samstarfs við erlendar björgunarsveitir og hefur almannavarnadeild ríkislögreglustjóra haldið þeirri vinnu áfram. Undanfarin ár hefur þróast öflugt samstarf íslensks rústabjörgunarfólks við bandarísku alþjóðabjörgunarsveitina, sem er að stofni til aðilar úr slökkviliði frá Fairfax County í Virginíufylki í Bandaríkjunum sem og norsku alþjóðabjörgunarsveitina.

4 Neyðarþjónusta við hópslys eða stóráföll

4.1 Heildarskipulag almannavarna

Þegar slys eða áföll ná þeirri stærð að þau snerta fleiri en þá sem sinna daglegri neyðarþjónustu eða kalla þarf aðila frá öðrum umdæmum til aðstoðar, eru aðgerðirnar framkvæmdar samkvæmt samræmdu skipulagi almannavarna. Í því felst að unnið er eftir skipulagi sem miðar að því að þeir, sem að aðgerðunum koma, vinni samkvæmt samhæfðum verklagsreglum; skipulagi almannavarna. Þegar almannavarnir „fara í gang“ eru í raun þrjú stjórnstig sem taka til starfa. Í fyrsta lagi samhæfð vettvangsstjórn á vettvangi, í öðru lagi aðgerðastjórn í fyrirfram skipaðri stjórnstöð umdæmisins undir stjórn lögreglustjóra og að lokum samhæfingar- og stjórnstöð þar sem fram fer samhæfing og yfirstjórn almannavarna aðgerða með hliðsjón af almannavarnastigi og viðeigandi viðbragðsáætlun.

Skipta má ábyrgðinni í tvo þætti, annars vegar almannavarnir á landsvísu og sem falla undir ríkisvaldið og hins vegar almannavarnir í héraði. Þegar til neyðaraðgerða kemur fer í gang vettvangsstjórn og ef nauðsyn krefur aðgerðastjórn og loks aðstoð sem veitt er í gegnum Samhæfingarstöðina.

Markmiðið er að þegar skipulag almannavarna er virkjað til stuðnings hinna daglegu neyðarþjónustu sé skipulag aðgerðanna með sem líkustum hætti og hjá hinna daglegu neyðarþjónustu. Hins vegar er ljóst að því fleiri sem koma að tilteknum aðgerðum þeim mun umfangsmeira verður það starf að halda utan um allar upplýsingar, tryggja samhæfingu og fyrirbyggja flöskuhálsa í upplýsingastreymi. Þess vegna eru hópslys yfirgrípsmeiri í framkvæmd en lítil slys.

4.1.1 Almennavarnir sem undir ríkisvaldið falla

Lögin um almannavarnir taka til samhæfðra almannavarnaviðbragða til þess að takast á við afleiðingar neyðarástands sem kann að ógna lífi og heilsu almennings, umhverfi og/eða eignum.

Markmið almannavarna er að undirbúa, skipuleggja og framkvæma ráðstafanir sem miða að því að koma í veg fyrir og takmarka, eftir því sem unnt er, að almenningur verði fyrir líkams- eða heilsutjóni, eða umhverfi eða eignir verði fyrir tjóni, af völdum náttúruhamfara eða af mannavöldum, farsóttu eða hernaðaraðgerða eða af öðrum ástæðum og veita líkn í nauð og aðstoð vegna tjóns sem hugsanlega kann að verða eða hefur orðið.

Orðið almannavarnir er því hugtak og skipulag, sem notað er þegar margar starfseiningar koma saman til þess að vinna að hjálpar- og neyðaraðgerðum.

Almannavarnir heyra undir dómsmálaráðherra.

Stefna stjórnvalda í almannavarna- og öryggismálum skal mörkuð af almannavarna- og öryggismálaráði til þriggja ára í senn. Í almannavarna- og öryggismálastefnu stjórnvalda skal gera grein fyrir ástandi og horfum í almannavarna- og öryggismálum í landinu, fjalla um áhersluatriði varðandi skipulag almannavarna- og öryggismála, forvarnastarf, nauðsynlega samhæfingu á efni viðbragðsáætlana og starfsemi opinberra stofnana á því sviði, sbr. VI. kafla almannavarnalaganna, nauðsynlegar birgðir til þess að tryggja lífsafkomu þjóðarinnar á hættutímum, endurreisn eftir hamfarir og aðrar aðgerðir sem ráðið telur nauðsynlegar til þess að markmið laga þessara náist.

Umsýsla vegna almannavarna- og öryggismálaráðs og undirbúningur vegna funda þess er í höndum dómsmálaráðherra en forsætisráðherra er formaður ráðsins.

Ríkislögreglustjóri annast málefni almannavarna í umboði dómsmálaráðherra.

4.2 Almennavarnanefndir

Í hverju sveitarfélagi starfar almannavarnanefnd sem sveitarstjórn skipar og ákveður sveitarstjórnin fjölda nefndarmanna. Almennavarnanefnd skal skipuð sýslumanni þess umdæmis sem sveitarfélagið er í, fulltrúum úr sveitarstjórn og þeim fulltrúum sveitarstjórna sem í starfi sínu sinna verkefnum í

þágu öryggis hins almenna borgara. Á höfuðborgarsvæðinu og á Suðurnesjum sitja lögreglustjórar viðkomandi umdæma í almannavarnanefndum en ekki sýslumenn.

Almannavarnanefnd kys sér sjálf formann og varaformann. Sveitarstjórnir ráða starfsmenn almannavarnanefnda og greiða kostnað af störfum þeirra.

Sveitarstjórnnum er heimilt að vinna saman að gerð viðbragðsáætlunar, semja um gagnkvæma aðstoð eða koma á fót sameiginlegri almannavarnanefnd. Sameining almannavarnanefnda eða samstarf þeirra er háð staðfestingu dómsmálaráðherra. Ráðherra ákveður hvaða sýslumaður skuli sitja í almannavarnanefnd ef fleiri en eitt sýslumannsumdæmi fellur undir nefndina. Ef ein almannavarnanefnd er í umdæmi lögreglustjóra skal hann sitja í nefndinni.

Hlutverk almannavarnanefnda.

Almannavarnanefndir móta stefnu og skipuleggja starf sitt að almannavörnum í héraði í samræmi við lög um almannavarnir 82/2008.

Í umdæmum sínum vinna almannavarnanefndir að gerð hættumats og viðbragðsáætlana, í samvinnu við ríkislögreglustjóra. Almannavarnanefndir skulu endurskoða hættumat og framkvæma prófanir á viðbragðsáætlunum í samvinnu við ríkislögreglustjóra.

Í september 2009 voru starfandi 24 almannavarnanefndir í landinu. Á undanförunum árum hefur verið unnið markvist að fækkun þeirra með auknu samstarfi sveitarfélaga í almannavörnum. Slíkt hefur skilað sér í öflugra starfi nefndanna.

4.2.1 Neyðarskipulag

Það er hlutverk ríkislögreglustjóra að sjá til þess, í samvinnu við almannavarnanefndirnar að til séu samræmdar neyðaráætlanir fyrir byggðir landsins. Í dag hafa allar byggðir aðgang að stöðluðum áætlunum, sem er skipt í tvennt, A- og B-hluta. Í A-hluta er sagt fyrir um skipulag, uppbyggingu, stjórnun, rekstur og búnað stjórnstöðva, boðleiðir, fjarskipti og verkaskiptingu þegar starfað er að almannavörnum. Í B-hluta eru hinsvegar gefnar einfaldar leiðbeiningar um viðbrögð og virkjun neyðarþjónustunnar þegar áföll verða, sem ógna öryggi fólks og/eða byggðar, svo sem eldgos, jarðskjálftar, fárviðri, snjóflóð, skriðuföll, stórbrunnar, sprengingar eða meiriháttar veitubílanir. Þessar neyðaráætlanir eru komnar til ára sinna og þurfa uppfærslu m.a. vegna mikilla breytinga á umdæmum og lagaumhverfi.

Í skipulagi almannavarna sem og daglegu skipulagi viðbragðsaðila hefur náðs mikilvæg sátt um að skilgreina neyðarástand eftir alvarleika og umfangi ásamt því að nota samræmda kóða við forgansröðun í boðun aðila. Alvarleikinn skiptist í þrjú stig:

a. ÓVISSUSTIG - Uncertainty Phase

- i. Þegar skip, loftfar eða einstaklingar hafa ekki komið fram á ákvörðunarstað eða ekkert heyrst frá þeim í tiltekinn tíma.
- ii. Þar sem óvissa ríkir um öryggi skips eða loftfars og þeirra sem í því eru.
- iii. Þegar grunur vaknar um að eitthvað sé að gerast af náttúru- eða mannavöldum sem á síðari stigum, geti leitt til þess að öryggi fólks og byggðar sé ógnað.
- iv. Þegar afla þarf frekari upplýsinga um einstaklinga sem óvissa ríkir um.

b. HÆTTUSTIG - Alert Phase

- i. Þegar tilraunir til að ná sambandi við skip, loftfar eða einstaklinga hafa ekki borið árangur.
- ii. Þegar upplýsingar hafa borist sem gefa til kynna að sjóhæfni skips sé takmörkuð, flughæfni loftfars skert og einstaklingar í vanda staddir þó ekki svo alvarlegar að líkur séu á neyðarástandi.
- iii. Ef öryggi fólks og byggðar er ógnað af náttúru- eða mannavöldum þó ekki svo alvarlegar að um neyðarástand sé að ræða.
- iv. Þegar hefja þarf eftirgrennslna eftir einstakling/um sem óttast er um

c. NEYÐARSTIG - Distress Phase

- i. Þegar ítrekaðar tilraunir til að hafa samband við skip, loftfar eða einstaklinga hafa reynst árangurslausar og óttast er að viðkomandi sé í neyð.
- ii. Þegar staðfestar upplýsingar hafa borist um að skip, loftfar eða einstaklingar séu í neyð eða yfirvofandi hættu og þarfnist tafarlausrar aðstoðar.
- iii. Þegar slys eða hamfarir hafa orðið.
- iv. Þegar viðhafa þarf tafalaus viðbrögð vegna einstaklinga sem óttast er um.

Þessi stig yrðu alltaf notuð. Þ.e. ef einn maður slasast þá er það NEYÐ. Ef tveir menn eru í flugvél sem er í vandræðum þá er það HÆTTA. Ef veðurspá gerir ráð fyrir aukinni snjókomu þá gæti það verið ÓVISSA.

Umfang viðbragða er gefið til kynna með eftirfarandi litum: Grænt, gult, rautt eða svart. Litirnir gefa til kynna hversu mikils viðbúnaðar sé þörf, svo sem fjölda þeirra eininga sem eru virkjaðar í þágu almannaþarna í hvert sinn, þörfina fyrir samhæfingu og fjölda stjórnstiga.

1. Grænt – dagleg verkefni.

Slys eða atburði er sinnt af fáum viðbragðsaðilum eða stofnunum þar sem dagleg skipan mála á viðbúnaði er nægjanleg til þess að eiga við verkefnið.

2. Gult – stærri og flóknari aðgerðir.

Alvarlegt slys eða atburður svo sem leit á einu svæði eða þörf er á að margir viðbragðsaðilar eða stofnanir sinni verkefninu.


3. Rautt – stórslys og hamfarir.

Mjög umfangsmikið slys eða atburður svo sem leit eða björgun við erfiðar aðstæður eða á mörgum svæðum. Þörf á aðkomu mikils fjölda viðbragðsaðila eða stofnana og aukin þörf á samhæfingu og stjórnskipulagi almannaþarna.

4. Svart – þjóðarvá.

Þjóðarvá; hamfarir eða atburðir sem hafa áhrif á mörg umdæmi á sama tíma

Fjöldi þeirra eininga sem virkjaðar eru gefa til kynna umfangið og þá kallar það um leið á aukna samhæfingu og fjölgun stjórnstiga. Segja má að á grænu ástandi væru bara verkþáttastjórar að störfum á gulu væri komin vettvangsstjórn. Aðgerðarstjórn og Samhæfingarstöð á rauðu. Fleiri en ein aðgerðarstjórn og Samhæfingarstöðin væru þá að störfum á svörtu.




Þörf á forgangshraða viðbragðsaðila ræðst af alvarleika slyss eða atburðar. Við boðun viðbragðsaðila í aðgerðir skal nota eftirfarandi skilgreiningar á forgangi:

1. F1 – Mesti hraði.
2. F2 – Mikill hraði.
3. F3 – Lítil hraði.
4. F4 – Ekki forgangur.

Hver viðbragðsaðili skilgreinir nánar inntak forgangshraða samkvæmt eigin skipulagi. Áhafnir á þyrlum Landhelgisgæslunnar verða áfram boðaðar með forgangslýsingu Alfa – Bravo – Charlie – Delta.

Við boðun viðbragðsaðila skal tilgreina forgang boðunar, stig alvarleika, umfang eftir því sem það er þekkt, staðsetningu atburðar, til hvers konar aðgerðar er verið að boða, hver sendir út boðin og hverja er verið að boða til aðgerða.



4.2.2 Séráætlanir

Ef sérstök staðbundin vá er talin ógna viðkomandi byggð eða svæði, er í samvinnu við almannavarnanefnd unnin upp svokölluð séráætlun (ítaráætlun), sem segir á mun nákvæmari hátt hvernig brugðist skuli við.

Til þess að auðvelda þeim sem þurfa að setja sig inn í margar áætlanir eru efnisyfirlit séráætlana miðuð við neðanskrað. Þó eru eldri útgáfur með annað form.

1. Inngangur
2. Staðhættir
3. Skilgreiningar
4. Boðun
5. Stjórnkerfi
6. Starfssvæði og verkefni þeirra
7. Sértekur kafla miðað við viðkomandi áætlun (ef þarf)
8. Verkefni viðbragðsaðila
9. Fjarskipti
10. Kort
11. Dreifing
12. Breytingasaga
13. Viðaukar (ef þarf)

Þegar séráætlanir hafa verið unnar skal unnin sérstök boðunaráætlun upp úr kafla 4 og færð inn í samræmdan gagnagrunn viðbragðsaðila, sem vistaður er á tölvukerfi Neyðarlínunnar.

4.2.3 Aðgerða- og vettvangsstjórn í héraði.

Stjórn aðgerða í héraði þegar almannavarnaástand ríkir er í höndum lögreglustjóra í viðkomandi lögregluumdæmi. Hann situr í aðgerðastjórn ásamt fulltrúa almannavarnanefndar, fulltrúa Slysavarnafélagsins Landsbjargar, fulltrúa Rauða kross Íslands, hlutaðeigandi viðbragðsaðila, sbr. viðbragðsáætlun, svo og öðrum hlutaðeigandi aðilum sem tengjast aðgerðum hverju sinni. Aðgerðastjórn starfar í samvinnu við samhæfingar- og stjórnstöð. Í stjórn aðgerða felst m.a. skipulag björgunar- og hjálparstarfa vegna hættu eða tjóns sem getur eða hefur skapast og að stýra neyðaraðgerðum í samvinnu við samhæfingar- og stjórnstöð

Lögreglustjóri tilnefnir vettvangsstjóra er fari með stjórn og samhæfingu á vettvangi.

Aðgerðastjórn er næsta stjórnstig fyrir ofan vettvangsstjórn, er tengiliður umdæmisins við Samhæfingar- og stjórnstöðina og sér um að biðja um alla utanaðkomandi aðstoð. Aðgerðastjórn vinnur eftir sömu grundvallarverkþáttum og vettvangsstjórn, þ.e.a.s. Stjórnun - Áætlun - Bjargir - Framkvæmd.

Vettvangsstjóri leitar til aðgerðastjórnar um þá aðstoð sem vantar á vettvang. Þegar umbeðna aðstoð er ekki að fá í umdæminu leitar aðgerðastjórn til SST, sem útvegar aðstoðina. Auðveldara er að vinna að verkefnum við betri skilyrði í stjórnstöð umdæmisins en í aðstöðu vettvangsstjórans. Ef aðgerðastjórn hefur ekki verið virkjuð, en vettvangsstjóri þarf á henni að halda, skal hann óska eftir því að hún verði virkjuð. Er það undirstrikað hér að hlutverk aðgerðastjórnar er ekki eingöngu að stjórna vettvangsstjórnnum heldur að styðja vettvangsstjórnina og aðgerðirnar í heild sinni. Heppilegasta fyrirkomulagið er að allar einingar sem starfa á vettvangi eigi fulltrúa í aðgerðastjórn til þess að tryggja sem best nýtingu þeirra og samhæfingu við aðra aðila.

4.2.4 VST, AST og Samhæfingarstöðin (SST)

Samantekt á þeim þremur grunn stjórnunar- og samhæfingareiningum, sem taka til starfa þegar áfall dýnur yfir.

	Stjórnun og samhæfing aðgerða er unnin á :	Stjórn og samhæfing verkþátta á þessum stöðum er á höndum:	Ábyrgðaraðilar á aðgerðum eru:
1	Á vettvangi	Vettvangsstjóra / vettvangsstjórn (VST)	Vettvangsstjóri
2	Í aðgerðastjórnstöð umdæmisins	Aðgerðastjóra / aðgerðastjórn (AST), almannavarnanefnd	Lögreglustjóri
3	Í Samhæfingarstöðinni	Stjórnandi / starfslið í Samhæfingarstöðinni (SST)	Ríkislögreglustjóri

4.3 Ríkislögreglustjóri

4.3.1 Verkefni ríkislögreglustjóra á sviði almannavarna

Ríkislögreglustjóri annast málefni almannavarna í umboði dómsmálaráðherra. Ríkislögreglustjóri tekur ákvörðun um almannavarnastig hverju sinni í samráði við viðkomandi lögreglustjóra ef unnt er og tilkynnir það dómsmálaráðherra. Heimilt er að lýsa yfir almannavarnaástandi þegar neyðarástand er líklegt, er yfirvofandi eða ríkir eða sambærilegar aðstæður eru fyrir hendi.

Við embætti ríkislögreglustjóra starfar í Reykjavík samhæfingar- og stjórnstöð undir sérstakri stjórn, sbr. V. kafla laga þessara.

Ríkislögreglustjóri hefur umsjón með að ráðstafanir séu gerðar í samræmi við stefnu stjórnvalda í almannavarna- og öryggismálum.

Ríkislögreglustjóri hefur eftirlit með skipulagi almannavarna á landinu öllu og eftirlit með almannavörnum sveitarfélaga. Hann hefur eftirlit með gerð hættumats í samráði við almannavarnanefndir. Hann tekur þátt í undirbúningi og gerð viðbragðsáætlana ríkis og sveitarfélaga, sbr. VI. kafla laga þessara, og hefur eftirlit með endurskoðun þeirra og samhæfingu. Auk þessa hefur ríkislögreglustjóri eftirlit með gerð viðbragðsáætlana einkaaðila. Hann hefur með höndum eftirlit með samhæfingu viðbragðsaðila og annarra aðila, sbr. 8. gr., og með stjórn aðgerða bæði áður og eftir að hættu ber að garði.

Ríkislögreglustjóri skipuleggur forvarnir og almenningsfræðslu á sviði almannavarna, svo og fræðslu einkaaðila, stjórnvalda og almennings um skipulag almannavarnakerfisins eftir því sem þurfa þykir. Auk þess annast ríkislögreglustjóri þjálfun og fræðslu á sviði almannavarna.

Ríkislögreglustjóri tekur þátt í alþjóðlegu samstarfi stjórnvalda um almannavarnir.

Samkvæmt lögreglulögum (5. gr. g) er eitt af hlutverkum ríkislögreglustjóra að starfrækja almannavarnadeild sem annist verkefni á sviði almannavarna

Verkefni almannavarnadeildar snúast um undirbúning almannavarnakerfisins og um leið almennings til að bregðast við hugsanlegri náttúruvá, slysum, eða atburðum sem geta ógnað almanniheill. Almannavarnadeildin vinnur að því að til sé skipulag, þekking og reynsla sem hægt er að grípa til á neyðarstundu með það að markmiði að vernda almenning, líf þeirra og heilsu, eignir og umhverfi.

Verkefni almannavarnadeildarinnar felast í vöktun, greiningu og viðbrögðum vegna aðsteðjandi og skilgreindri hættu og áhættu. Í framhaldinu er unnið að mótvægisáðgerðum, viðbúnaði og viðbragði við þeirri hættu og áhættu.

Kanna þarf áfallaþol samfélagsins á afleiðingum neyðarástands og hamfara. Það, hvernig einstaklingar og sveitarfélög landsins eru í stakk búin til að hverfa aftur til venjubundinna starfa og komast í fyrri horf eftir stóráföll og neyðarástand í nærsamfélagi þeirra, getur skipt sköpum fyrir framtíðina. Einstaklingar og samfélög þeirra verða að hafa tiltæk úrræði til þess að halda út, þar til hjálp berst ef hamfarir eða stóráföll verða. Þannig getur uppbygging samfélagsins einnig hafist fyrir.

Varnir og viðbúnaður við hættu er forsenda þess að viðunandi áfallaþol verði tryggt. Þess háttar varnir geta m.a. falist í því að draga úr hættu á slysum eða tjóni við áföllum á vinnustað, heimili eða skóla með einföldum áðgerðum. Þannig má minnka líkur á tjóni í jarðskjálfta með því að festa tryggilega hillur og innanstokksmuni og yfirfara öruggi innanhúss með tilliti til jarðskjálfta. Fræða þarf almenning og leiðbeina um hvernig bregðast megir við hættu og verjast henni, en slík miðlun upplýsinga er stór þáttur í starfsemi almannavarna.

Almannavarnadeildin kemur að gerð viðbragðsáætlana um allt land ásamt kennslu, þjálfun og æfingum í samstarfi við hlutaðeigandi aðila.

Neyðarskipulag almannavarna bregst strax við og samhefir viðbrögð og samvinnu þeirra sem bregðast við þegar almannavarnaástand skapast. Almannavarnadeildin virkjar innra skipulag sem tekur til þeirra áðgerða sem fara í gang þegar bregðast þarf við neyðarástandi. Þá eru virkjaðar almennar áætlanir eða séráætlanir í samræmi við það háskastig sem er skilgreint hverju sinni.

Ríkislögreglustjóri hefur heimild til að stofna tímabundið þjónustumiðstöð þegar hættu ber að garði eða hún um garð gengin, til að aðstoða við enduruppbyggingu. Verkefni þjónustumiðstöðvarinnar felast í upplýsingagjöf til almennings og þjónustu við þá sem hafa orðið fyrir tjóni. Í samvinnu við hlutaðeigandi almannavarnanefndir sér þjónustumiðstöðin um samskipti við fjölmiðla. Ráðuneyti og sveitarfélög vinna í nánú samstarfi við þjónustumiðstöðvarnar.

Almannavarnadeildin er í alþjóðlegri samvinnu um skipulagningu á samvinnu og gagnkvæmri aðstoð á neyðartímum og þátttöku í alþjóðlegum rannsóknarverkefnum.

Utan hefðbundins vinnutíma er ávallt einn starfsmaður almannavarnadeildar ríkislögreglustjóra á bakvakt. Á því tímabili annast Neyðarlínan símsvörun ásamt fjarskipta- og símbrefamóttöku. Berist tilkynning til deildarinnar utan vinnutíma hefur Neyðarlínan tafarlaust samband við bakvaktarmann, sem þá tekur að sér að sinna umræddu erindi. Í því getur m.a. falist að opna og virkja Samhæfingarstöðina, fela Neyðarlínu að boða áhöfn til starfa og leiða fyrstu áðgerðir.

4.3.2 Eftirlitskerfi

Eins og fram er komið er það eitt af megin verkefnum ríkislögreglustjóra að vakta og meta hættu ásamt öflun upplýsinga um náttúruhamfarir, hernaðaraðgerðir eða aðra vá. Jafnframt skal embættið stuðla að, fylgjast með og samræma ráðstafanir, sem miða að því að draga úr líkum á líkams- og/eða eignatjóni af völdum náttúruhamfara, hernaðarátaka eða annarrar vár, svo sem með gerð varnarvirkja eða með öðrum verndarráðstöfunum.

Samkvæmt framansögðu hefur ríkislögreglustjórinn mótað samskipta- og boðkerfi við eftirtaldir vísinda- og sérfræðistofnanir:

- Norrænu eldfjallastöðina
- Orkustofnun
- Raunvísindastofnun Háskóla Íslands
- Veðurstofu (jarðeðlisfræðideild, snjóflóðadeild, veðurspádeild og hafísdeild)
- Geislavarnir ríkisins.
- Siglingastofnun

Samkvæmt framangreindu samskipta- og boðkerfi láta ofangreindar stofnanir ríkislögreglustjóra vita þegar ætla má að náttúrufarsleg atburðarás eða önnur ógn, sem kallar á viðbúnað eða viðbrögð af hálfu almannaþarna, er yfirvofandi eða viðvarandi. Við móttöku slíkra tilkynninga hefur ríkislögreglustjóri ávallt samband við lögreglustjóra viðkomandi umdæmis. Þegar atburðarrás tekur á sig gleggri mynd og almannavarnanefnd er virkjuð getur ríkislögreglustjóri haft samband við almannavarnanefndina.

Starfandi er ráðgjafahópur, sem fengið hefur nafnið „vísindamannaráð almannaþarna“ sem í eiga sæti sérfræðingar frá ofangreindum vísindastofnunum. Hlutverk hópsins er að vera ríkislögreglustjóra og almannavarnaráði til ráðuneytis um túlkun gagna og mat á ástandi og þróun. Skipan vísindamannaráðs fer eftir eðli atburða á hverjum tíma því leitast er við að hafa þá sérfræðinga til staðar sem best þekkja eðli og þróun atburða.

4.3.3 Hlutverk í útköllum

Við embætti ríkislögreglustjóra starfar í Reykjavík samhæfingar- og stjórnstöð undir sérstakri stjórn. Auk starfsmanna ríkislögreglustjórans, eiga allir aðilar, sem vinna á landsvísu, fulltrúa í áhöfn samhæfingarstöðvarinnar. Samhæfingarstöðin vinnur samkvæmt SÁBF; Stjórnun - Áætlun - Bjargir - Framkvæmd og unnið er að því að aðlagja hverja einingu þeim verkþáttum sem undir hana falla.

Þegar áfall verður hefur bakvaktin eða sá, sem fer með framkvæmdina í Samhæfingarstöðinni, fyrst og fremst samband við lögreglustjóra, aðgerðastjórn eða æðsta vakthafandi lögreglumann. Þó getur Samhæfingarstöðin, að höfðu samráði við lögreglustjóra eða aðgerðastjóra, haft beint samband við vettvangsstjórn ef það er talið gagnast betur framgangi björgunar- og hjálparstarfsins. **Slíkt telst þó til undantekninga.**

Einnig er opin sá möguleiki að starfseiningarnar Áætlun, Bjargir og Framkvæmd hafi beint samband við hliðstæðar starfseiningar hjá aðgerða- eða vettvangsstjórn. Þess skal þó gætt að þau boðskipti sem þar eru í gangi séu í fullu samræmi við gildandi fyrirmæli og áætlanir. Einnig skulu þau færð til atburðaskráningar og á stöðuyfirlit ef tilefni krefst.

Fjarskipta- og símkerfi Samhæfingarstöðvarinnar eru sniðin að þörfum þeirrar starfsemi sem þar fer fram. Það samanstendur af fjarskiptatækjum, með allar helstu tíðnir, sem notaðar eru innan neyðarþjónustunnar í dag, á landi, í lofti og á sjó. Símkerfi stöðvarinnar er samtengt símkerfi Neyðarlínu og lítur sömu öryggiskröfum. Svokölluð beinlínunúmer í símsstöðinni gefa möguleika á sambandi við ráðherra, mikilvægar stofnanir og félagasamtök, óháð álagi á hinu almenna símkerfi. Þannig er t.d. unnt að hringja í Ríkisútvarpið, Veðurstofuna, Flugstöðir, Landhelgisgæsluna og Vegagerðina.

Neyðarlínan vaktar símkerfi almannaþarna.

Samhæfingarstöðin er mönnuð af starfsmönnum almannavarnadeildar ríkislögreglustjórans (5 að tölu) sem gegna stjórnunar- og leiðbeiningarstörfum og hópi sem nefnast hjálparliðar. Umræddir hjálparliðar koma frá Landspítalanum, Landsstjórn björgunarsveita, Rauða krossi Íslands, Fjarskiptamiðstöð ríkislögreglustjórans, Neyðarlínunni, Vegagerðinni, Flugstöðum, Landhelgisgæslunni, Vaktstöð siglinga, Ríkisútvarpinu og Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins sem jafnframt er fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga. Hlutverk þeirra er að manna þá verkþætti sem virkja þarf hverju sinni og miðla þekkingu og ráðgjöf varðandi sitt sérsvið.

Samhæfingarstöðin er í Skógarhlíð 14, Reykjavík

5 Vettvangsstjórnun

5.1 Skilgreiningar

5.1.1 Hlutverk vettvangsstjóra

Vettvangsstjóri (VST) fer með heildarstjórn og samhæfingu á vettvangi. Einungis einn vettvangsstjóri stjórnar vettvangi á hverjum tíma. Fleiri geta verið í vettvangsstjórn eða aðstoðarvettvangsstjórar. Þannig er hægt að skipa vettvangsstjórn sem tekur mið af aðstæðum hverju sinni.

Vettvangsstjóri er æðsti stjórnandi á vettvangi. Undir hans samhæfingarstjórn starfa ýmsir fagstjórnendur, t.d. stjórnar lækna meðferð sjúkra og slökkvilið slökkvistarfi. Vettvangsstjóri er þannig sérlegur fulltrúi lögreglustjóra eða ríkislögreglustjóra á áfallssvæði. Sá sem tekur að sér eða er skipaður vettvangsstjóri verður að hafa fullan skilning á því að hann er ekki lengur fulltrúi sinnar starfseiningar, hvort sem það er lögregla eða önnur starfseining. Hann er nú fulltrúi allra starfseininga sem starfa á vettvangi og tryggir samhæfðar aðgerðir á þann máta, sem þolendum áfallsins er fyrir bestu.

Lögð er áhersla á að stjórnendur starfseininga á vettvangi, t.d. varðstjóri lögreglunnar, getur ekki kallað sig vettvangsstjóra ef hann er eingöngu að stjórnar og samhæfa aðgerðir lögreglunnar. Sama á við um stjórnanda slökkviliðs. Hann getur ekki kallað sig vettvangsstjóra slökkviliðs ef hann sinnir bara stjórnun slökkvistarfs. Með öðrum orðum, „vettvangsstjóri lögreglunnar“, „vettvangsstjóri slökkviliðs“, „vettvangsstjóri björgunarsveita“, o.s.frv., eru ekki skilgreindir titlar. Slíkir titlar eru misnotkun á orðinu vettvangsstjóri og valda misskilningi á vettvangi. Einungis þeir sem eru að huga að vettvangsaðgerðunum í heild (samhæfðum vinnubrögðum slökkviliðs, lögreglu, björgunarsveita og annarra á vettvangi) geta borið titilinn vettvangsstjóri, eða verið hluti af vettvangsstjórn.

Hlutverk vettvangsstjóra er að samræma og stjórnar þeirri starfsemi sem fram fer á vettvangi með það að markmiði að:

1. Tryggja öryggi þolenda, viðbragðsaðila og almennings.
2. Finna og bjarga öllum þolendum á sem stystum tíma.
3. Veita fyrstu lífsbjargandi aðstoð og undirbúa fyrir flutning.
4. Flytja þolendur af vettvangi:
 - særða á sjúkrahús
 - óslasaða í sjúkrahús/fjöldahjálparstöð/heim
 - látna í líkhús eða tryggja vernd þeirra á slysstað.
5. Tryggja skipulögð aðgerðalok og afhendingu vettvangs til rannsóknaraðila.

Þar að auki eru sett markmið háð eðli slyss eða atburðar á hverjum tíma.

Viðbragðsaðilar, sem eru vanir að fást við minniháttar slys og auk þess vanir að vinna saman, hafa gert grein sér fyrir því að oft er ekki þörf á vettvangsstjóra þar sem vettvangsvinna gengur samkvæmt viðtekinni venju. Hins vegar ef þeir, sem eru á vettvangi, eru ekki vanir að vinna saman eða að áfallið krefst viðbragða, sem eru utan þess sem hægt er að flokka undir viðtekna venju, skiptir það sköpum að vettvangsstjóri sé afgerandi stjórnandi heildaraðgerða, hafi yfirsýn yfir framkvæmdina og tryggi að vinnan gangi hnökralítið fyrir sig.

Vettvangsstjóri er tenging vettvangs við aðgerðastjórn. Aðgerðastjórn (AST) sér ekki slysið með eigin augum og verður að treysta upplýsingum frá vettvangsstjóra sem eru sendar áfram til Samhæfingarstöðvar. Það skiptir öllu máli að vettvangsstjóri gefi greinargóða lýsingu á ástandi á vettvangi og biðji um það sem hann þarf á að halda til að tryggja réttu aðstöðina. Vettvangsstjóri og aðgerðastjórn bera sameiginlega ábyrgð á að tryggja að fjarskiptasamband á milli þeirra komist á í upphafi aðgerða og haldist þar til aðgerðum er lokið. Ef ekki næst beint samband vegna lélegra skilyrða verður að skipuleggja samskipti í gegnum boðaðila sem bera á milli.

Þegar hópslys eða önnur stór áföll verða einkennast fyrstu mínúturnar eða fyrsta klukkustundin oft af ringulreið. Eitt fyrsta verkefni vettvangsstjóra er að ná heildarsýn yfir ástandið á vettvangi. Gefa fyrirmæli, sem miða að því að koma skipulagi og reglu á hjálparstarfið. Vettvangsstjóri skal hafa í huga að í flestum tilfellum mun hann fá á vettvang ólíkar viðbragðseiningar, sem hafa litla eða enga reynslu af því að vinna saman.

Vettvangsstjóri styðst við SÁBF verkþáttaskipunirnið þegar hann skipuleggur störf á vettvangi. Á skipuritinu er greint frá öllum megin verkþáttum sem sinna þarf á vettvangi þegar slys verður á fólki. Til þess að aðgerðirnar gangi hratt og vel þurfa allir sem vinna á vettvangi að hafa þekkingu á verkþáttaskipunin. Hlutverk vettvangsstjóra er að ráða þeim mannafla, sem hann hefur yfir að ráða, á þá verkþætti sem hann telur nauðsynlegt að virkja hverju sinni. Vettvangsstjóri verður ávallt að vera meðvitaður um að nauðsynlegt getur verið að bæta við verkþáttum eftir umfangi og eðli aðgerða. Vettvangsstjóri skal í öllum meginatriðum fylgja þeim reglum og leiðbeiningum sem gilda um beitingu verkþáttaskipursins sem lýst er í kennsluritinu.

Hin eiginlegu störf vettvangsstjóra og vettvangsstjórnar eru ávallt háð umfangi og eðli aðgerðarinnar, bæði í tíma og rúmi. Aðgerðir, sem taka stuttan tíma í framkvæmd eða þurfa takmarkaðan liðsafla á vettvangi, kalla á umfangsminni stjórnun en þær aðgerðir sem eru umfangsmeiri og þyngri í vöfum. Fjölmennar eða umfangsmiklar aðgerðir kalla á fólk í verkefni sem ekki er þörf á að sinna í minni slysum, t.d. að eftirlit sé með því hvort fyrirmælum sé framfylgt, fleiri millistjórnendur, sérstakan aðbúnað fyrir hjálparlið og fleira. Það liggur því í hlutarins eðli að stjórnunarþáttur umfangsmikilla aðgerða verður ávallt viðameiri en í smærri slysum eða þar sem það tekur stuttan tíma að koma fólki til hjálpar. Það hve vettvangsstjóri grípur mikið inn í framkvæmdirnar sjálfar er ávallt háð eðli og umfangi slyssins/atburðarins og því hvernig hjálparstörf ganga hverju sinni.

Þegar um viðamiklar neyðaraðgerðir er að ræða getur verið að fleiri en ein vettvangsstjórn sé virkjuð. Þannig getur vettvangsstjóri lent í því að “keppa” við aðra vettvangsstjóra um bjargir. Í slíkum tilvikum er það hlutverk aðgerðarstjórnar að samræma aðgerðir og bjargir á milli vettvanga.

Vettvangsstjóri skal ekki gegna öðrum störfum á meðan hann sinnir vettvangsstjórn.

5.1.2 Skipun vettvangsstjóra

Þegar starfað er samkvæmt skipulagi almannavarna fer lögreglustjóri með stjórn aðgerða og það er hlutverk hans að tilnefna vettvangsstjóra. Þar sem leit og björgun almennt fellur samkvæmt lögreglulögum einnig undir stjórn lögreglustjóra skiptir ekki máli hvort áfallið sé skilgreint sem almannavarnaástand eða flokkast sem minni háttar slys. Sami aðili fer með stjórn aðgerðanna. Séu almannavarnir í héraði óstarfhæfar vegna áfallsins fellur það í hlut ríkislögreglustjóra að tilnefna vettvangsstjóra. Æskilegt er að sá sem skipaður er vettvangsstjóri hafi lokið námskeiði í vettvangsstjórn.

Þegar áfall verður skyndilega og skipa þarf vettvangsstjóra samstundis er það gert af æðsta vakthafandi yfirmanni lögreglu í því lögregluumdæmi sem áfallið varð í. Viðkomandi yfirmaður lögreglu sér jafnframt til þess að haft sé samband við lögreglustjóra og honum tilkynnt um tilnefninguna. Ef lögreglustjóri er fjarverandi skal hafa samband við staðgengil hans eða fulltrúa lögreglustjóra, sem er ýmist löglærður fulltrúi eða yfirlögregluþjónn. Lögreglustjóri getur breytt skipun vettvangsstjóra ef hann telur slíkt nauðsynlegt.

Líklegt er að fyrstu boð, upplýsingar um atburðinn og aðstoð vettvangsstjóra verði frá lögreglustöð eða jafnvel Neyðarlínu. Á síðari stigum er sett upp aðgerðarstjórn sem tekur við stjórnun aðgerða. Lögð er áhersla á að vettvangsstjóri geri sér grein fyrir því sem fyrst hvort hann telur sig þurfa aðstoð frá aðgerðastjórn og láti kalla hana saman sem fyrst.

5.1.3 Boðun vettvangsstjóra

Slys eru að öllu jöfnu tilkynnt til Neyðarlínunnar sem í framhaldinu hefur samband við lögreglu í umdæminu, sem eftir það ber ábyrgð á viðbrögðum. Í sumum tilfellum lætur Neyðarlínan fleiri aðila vita af slysinu, t.d. vakthafandi lækni eða bakvakt almannavarnadeildar.

Lögreglan fer á vettvang. Lögreglumaður er vettvangsstjóri þar til annað er ákveðið. Ef aðrir koma að slysinu fyrst skipa þeir sér vettvangsstjóra. Þegar lögreglumaður kemur á staðinn er ákveðið hvort

hann tekur við eða hvort sá, sem fyrir er, gegnir stöðunni áfram. Það er afar mikilvægt að sá, sem gegnir stöðu vettvangsstjóra, geri sér grein fyrir ábyrgð sinni og skyldum (sjá kafla 5.1.1.) en ekki eingöngu verkefnum sem falla undir þá starfsstétt sem viðkomandi er í.

Breytilegt er eftir lögregluumdæmum hvort lögreglan er með sólarhringsvakt á lögreglustöð eða sinnir bakvaktarskyldu utan venjulegs vinnutíma. Ef lögregla er á vakt á lögreglustöð og getur haldið áfram að vinna að aðgerðinni á meðan aðrir lögreglumenn fara á vettvang, hefst aðgerðastjórnunin þar.

Þegar vettvangsstjóri hefur verið tilnefndur skal upplýsa hann um eftirfarandi:

1. *Hvað* hefur gerst og hvernig ástandið er á vettvangi.
2. *Hvernig* hann kemst á vettvang. Flutningur vettvangsstjóra á vettvang er ávallt forgangsmál.
3. *Hvaða* viðbúnaður er þegar viðhafður á vettvangi, t.d. hvaða hjálparlið er við störf, eða hefur verið boðað, hvaða viðbúnaður er tiltækur vegna vegalokana og umferðarstjórnar.
4. *Hvaða* viðbúnaður er viðhafður varðandi aðgerðastjórn.
5. *Hvaða* fjarskipta- og boðskiptaleiðir eru í notkun eða hafa verið ákveðnar.

Einnig skal tryggja honum aðgang að viðeigandi búnaði eins fljótt og hægt er. Í vissum tilfellum er það vettvangsstjórans að afla ofantaldra upplýsinga og sækja búnaðinn sjálfur.

5.1.4 Starfssvæði vettvangsstjóra

Starfssvæði vettvangsstjóra nefnist vettvangur. Oftast afmarkast hann af ytri lokun.

Miðað er við að á hverjum vettvangi séu sett upp þau starfssvæði, sem þarf til þess að framkvæmdir gangi vel og snurðulaust fyrir sig. Ef álag á vettvangi er orðið það mikið eða vettvangurinn svo stór (viðfeðmur) að nauðsynlegt er að setja upp fleiri starfssvæði af sömu tegund (t.d. fleiri en eitt söfnunarsvæði slasaðra), er rétt að vettvangsstjóri hugi að því í tíma að leggja til við aðgerðastjórn að hún skipi fleiri vettvangsstjóra og fjölgi vettvöngum.

5.1.5 Skipan vettvangsstjórnar

Þegar umfang stjórnunar á vettvangi er orðið meira en svo að vettvangsstjóri ráði einn við að huga að áætlunargerð, útvegum bjarga og samskiptum við stjórnendur á vettvangi og annað sem felst í heildarstjórnun, skal hann velja sér aðstoðarmenn (millistjórnendur) til þess að fara með stjórn einnar eða fleiri af burðarstöðum skipulagsins, þ.e. *Áætlun*, *Bjargir* eða *Framkvæmd*. Minnt er á að skipuritið segir til um verkþætti en ekki fólk og því getur einn maður tekið að sér fleiri en einn verkþátt. Vettvangsstjórn er þá skipuð vettvangsstjóra ásamt þeim mönnum sem hann tilnefnir til þess að stýra og samhæfa ákveðna verkþætti. Þessir millistjórnendur skipa sér síðan aðstoðarlið eftir þörfum.

Áætlun: Gert er ráð fyrir að sá/þeir sem taka að sér Áætlun séu í stjórnstöð á vettvangi og vinni fyrir vettvangsstjórnann við að halda utan um, afla og dreifa nauðsynlegum upplýsingum. Áætlun hugsar um næstu skref aðgerðanna með vettvangsstjórnun og tryggir að áætlun um það sé fyrir hendi. Í kafla 5.2.2 er farið yfir þá þætti sem Áætlun skal leggja áherslu á. Æskilegt er að sá sem tekur að sér Áætlun hafi fengið til þess sérstaka þjálfun.

Bjargir: Gert er ráð fyrir að sá/þeir sem taka að sér Bjargir séu einnig í stjórnstöð á vettvangi, vinni fyrir vettvangsstjórnann við að tryggja aðföng sem nauðsynleg eru til aðgerðanna, sinni aðbúnaðarmálum gagnvart þeim og að nauðsynlegur fjarskiptabúnaður sé til staðar. Í kafla 5.2.3 er farið yfir þá þætti sem Bjargir skulu leggja áherslu á. Æskilegt er að sá sem tekur að sér Bjargir hafi fengið til þess sérstaka þjálfun. Algengur misskilningur er að halda að verkþátturinn Bjargir sjái um björgun. Þetta er skiljanlegt vegna nafnsins. Þetta þýðir hins vegar sá mannskapur, tæki og búnaður sem þarf vegna aðgerðarinnar því gott er að geta dregið björg í bú.

Framkvæmd: Gert er ráð fyrir að sá/þeir sem taka að sér Framkvæmd séu hreyfanlegir, vel merktir hlutverki sínu og augsýnilegur, sérstaklega fyrir verkþáttastjórnana, þ.e. augu og eyru vettvangsstjórans á vettvangi. Hann getur ýmist verið staðsettur í vettvangsstjórnstöðinni, t.d. vegna stöðufundar vettvangsstjórnar eða samráðs við vettvangsstjóra, verið á slysstað í beinum

samskiptum við verkþáttastjóra eða fylgst með aðgerðunum til þess að fá heildaryfirsýn og kanna hvort allt er í þeim skorðum sem áætlað var. Í kafla 5.2.4 er farið yfir þá þætti sem Framkvæmd skal leggja áherslu á. Þá fjallar kafla 5.3 um þá þætti sem Framkvæmd þarf að sinna þegar um slys á fólki er að ræða. Æskilegt er að sá sem tekur að sér Framkvæmd hafi fengið til þess þjálfun.

5.1.6 Starfslið vettvangsstjórnar

Vettvangsstjórn fær til sín aðstoðarmenn eftir þörfum til þess að sinna ýmsum störfum í þágu vettvangsstjórnar. Fjöldi slíkra aðstoðarmanna ræðst fyrst og fremst af eðli og umfangi aðgerðanna. Aðstoðarmenn þessir kallast starfslið og hafa ekki stjórnunarumboð heldur sinna ákveðnum verkefnum fyrir vettvangsstjórnina, svo sem skráningu, eftirliti, símsvörun o.fl.

5.1.7 Skipun varavettvangsstjóra


Ef fyrrséð er að um langtíma aðgerð er að ræða þarf að huga að skipun varavettvangsstjóra til þess að leysa vettvangsstjóra af. Þetta þarf að gera tímanlega þannig að varavettvangsstjóri geti kynnt sér stöðu mála áður en hann tekur við stjórn aðgerða á vettvangi. Góð regla er að skipa varavettvangsstjóra strax við upphaf aðgerða. Þannig er tryggt að hann geti aðstoðað vettvangsstjóra við að leysa það álag sem gjarnan skapast við upphaf aðgerðarinnar, þ.e.a.s. meðan verið er að ná utan um atburðinn. Með því kemst varavettvangsstjóri einnig vel inn í þá atburðarás sem í gangi er og það nýtist honum á seinni stigum aðgerða. Þegar sýnt er að aðgerðin muni dragast á langinn getur verið gott að varavettvangsstjóri dragi sig í hlé og hvílist fram að vaktaskiptum.

5.2 SÁBF verkþáttaskipun og notkun þess

Hér að neðan verður gerð grein fyrir helstu verkþáttum vegna aðgerða, óháð áfallinu og aðgerðinni því samfara.

Verkþáttaskipun

Verkþáttaskipun er upptalning á málaflokkum og verkefnum sem sinna þarf við hvers konar aðgerðir, sett fram á skipulegan hátt, þannig að líkir verkþættir eru flokkaðir saman. Verkþáttaskipun segir ekki til um fjölda þeirra manna, sem þarf til þess að leysa tiltekið verkefni né heldur hvaða starfsstéttir eigi að leysa það. Grunnverkþáttaskipuninu má beita við hvaða aðgerðir/verkefni sem er, óháð starfseiningum, umfangi eða stjórnstigi, svo sem við slys, leit, umferðarstjórnun, fjölda- og félagslega hjálp, þjóðhátíð, o.fl. Umræðan í þessu hefti snýst þó um slys. Grunnverkþáttaskipun má sjá hér að neðan.



5.2.1 Stjórnun

Stjórnun á vettvangi byggist fyrst og fremst á heildaryfirsýn þess sem stjórnar. Samhæfing á störfum burðarstoðanna þriggja, þ.e. *Áætlana*, *Bjarga* og *Framkvæmda*, er forsenda fyrir árangri og undirstaða hans. Ábyrgð stjórnanda er ótvíræð og því er mikilvægt að hann sé í góðum tengslum við næstu stjórnstig fyrir ofan og neðan. Nánar er rætt um hvað felst í stjórnun aðgerða í kafla 5.6.

Tengiliðir Í þeim tilfellum þegar sérstakir starfshópar starfa á vettvangi, en falla utan við verkþáttaskipulagið, getur verið heppilegt að hafa sérstaka tengiliði þeirra við stjórn aðgerðanna. Sem dæmi um slíka starfshópa má nefna:

- Björgun búpenings, aflifun eða flutninga.
- Björgun verðmæta.
- Úttekt á nothæfi bygginga, styrkingu þeirra eða niðurbroti.
- Rafvæðingu mikilvægra staða og bráðabirgðaviðgerðir rafkerfis.
- Sambandskerfi, bráðabirgðaviðgerðir (sími, fjarskipti).
- Vatnsmiðlun v/ slökkvistarfa og mikilvægrar þjónustu.
- Varnaraðgerðir vegna hraunrennslis, öskufalls eða flóða.

Björgun mannlífa og störf sem því tengjast hafa ávallt forgang.

Fjölmiðlar Huga þarf að öflun upplýsinga fyrir fjölmiðla eða vegna spurninga frá þeim. Skipuleggja þarf aðgang fjölmiðlafólks að stjórn aðgerðanna eða tilnefnds fjölmiðlafulltrúa.

Vettvangsstjóri skal vera viðbúinn því að svara fyrirspurnum fjölmiðla og veita þeim upplýsingar um skipulag og framkvæmd björgunarstarfa á slysstað ef almannavarnanefnd eða aðgerðarstjórn óskar þess. Að öðru leyti fer almannavarnanefndin/aðgerðastjórn með tengsl við fjölmiðla.

Nauðsynlegt er að fjölmiðlatengsl séu vel skipulögð, markviss og ákveðin. Miðað er við að vettvangsstjóri haldi blaðamannafundi. Á slíkum fundum skýrir hann frá meginþáttum atburða og útskýrir skipulag framkvæmdar björgunar- og hjálparstarfa. Forðast ber að gefa upplýsingar um einstaklinga, einkahagi þeirra eða að veita aðrar viðkvæmar upplýsingar, sem geta valdið ótta eða áhyggjum.

Í vissum tilvikum getur verið rétt að skipa sérstakan fjölmiðlafulltrúa, sem vinnur með fjölmiðlafulltrúa aðgerðastjórnarinnar. Nánar er fjallað um samskipti við fjölmiðla í kafla 5.6.13

5.2.2 Áætlun

Þær áætlanir, sem lagðar eru fram hverju sinni, eru forsenda fyrir starfsemi innan verkþáttanna *Bjarga* og *Framkvæmda*. Slíkar áætlanir geta náð yfir næstu mínútur, næstu daga eða vikur, allt eftir því sem fyrirliggjandi verkefni gefa tilefni til. Hafa þarf vakandi auga með stöðunni og breyta áætlunum í takt við framvindu og þróun hverju sinni.

Upplýsingar Til að áætlanir skili árangri verða upplýsingar að berast hratt, vera skilmerkilegar og réttar á þeirri stundu sem þeim er miðlað. Upplýsingaöflun og miðlun verður ávallt að vera lifandi starfsemi. Rangar upplýsingar geta leitt til rangra áætlana.

Þeir sem sinna þessum verkþætti skulu m.a. safna saman öllum skráningum og dagbókum sem gerðar eru bæði vegna stöðurita og atburðaskýrslu að lokinni aðgerðinni. Þá snýst þessi verkþáttur um miðlun upplýsinga eftir því sem óskað er og / eða vettvangsstjóri ákveður.

Ástand mála Eitt af mikilvægum verkfærum stjórnanda er meðferð upplýsinga, verkefnið Ástand mála snýr að söfnun og miðlun upplýsinga, sem varða slysið sérstaklega, t.d. fjöldi

Þess fólks sem þarf á aðstoð að halda, fjöldi hjálparliðs við störf og ástand á vettvangi. Mikilvægt er að skráð sé fyrir mæli og atburðarás á vettvangi ásamt tímasetningum. Sérstök áhersla er lögð á skráningu á öllum skjólstæðingum, slösuðum, óslösuðum og látnum.

Ytri aðstæður

Verkefnið Ytri aðstæður snýr að söfnun og miðlun almennra upplýsinga, sem tengjast slysinu, eru óháðar aðgerðunum, en geta haft áhrif á þær. Dæmi: fjöldi íbúa í byggðarlaginu, sem slysið varð í, upplýsingar um veður, færð á vegum og flugvöllum og rannsókn á tildrögum (t.d. vegna leitar).

Samantektir um stöðu mála eru gefnar út með reglubundnum hætti með stöðuskýrslum. Upplýsingar í stöðuskýrslum eru m.a. fengnar frá stöðufundum.

Stöðuskýrslur eru sendar til aðgerðastjórnar til þess að hún fái sem gleggsta mynd af ástandinu og geta þannig á árangursríkasta hátt stutt við bakið á vettvangsstjóranum. Í stöðuskýrslum skal m.a. koma fram:

1. **Hvað** hefur gerst. Hvaða ástand er (stutt lýsing).
2. **Hvernig** er ástand fólks, mannvirkja og eigna.
3. **Hverjar** eru helstu hættur eða ógnir við: fólk, mannvirki og eignir.
4. **Staðan**: hvað er búið að gera, hvað er í gangi og hvað er framundan.
5. **Vandamál**: eru vandamál og þá hvaða.

Áætlanagerð

Áætlanagerð byggist á ástandi mála og ytri aðstæðum sem snerta þá atburði sem átt hafa sér stað eða eru væntanlegir.

Mikilvægt er að áætlanagerð veki sérstaka athygli á þeim hættum sem kunna að leynast í umhverfinu og ógnað geta öryggi fólks.

Áætlanir leggja megin línur fyrir *Framkvæmd* til að vinna eftir og taka fyrst og fremst mið af eðli og umfangi slyssins.

Markmið og verkáætlun

Skilgreina þarf markmið aðgerðanna fyrir hvert tímabil (t.d. næstu vakt, næsta dag, næstu viku), þar sem áherslur breytast eftir því sem á aðgerðirnar líður. Markmið hjálpa til við að vinna á skipulegan hátt og eru tæki, sem hægt er að nota til að meta hvort það, sem áætlað var, hafi tekist. Til þess að hægt sé að vinna eftir markmiðum og jafnframt að nota þau sem mælistiku á árangur þurfa þau að vera:

1. **Mælanleg** í tíma og / eða rúmi.
Dæmi: *Á næstu 2 tímum skal vera búið að flytja alla slasaða úr brakinu og á öruggt svæði.*
2. **Raunhæf**; að hægt sé að framkvæma þau með hliðsjón af fyrirliggjandi björgum og innan ásættanlegra tímamarka.
3. **Opin**; veiti svigrúm, þannig að hægt sé að vinna eftir þeim
Dæmi: *Á næstu klukkustund skal vera búið að staðsetja alla í húsinu og bjarga þeim út. Segir ekki til um hvernig eigi að staðsetja þá eða hvernig eiga að bjarga þeim né í hvaða röð.*

Samkvæmt skilgreindum markmiðum er unnin verkáætlun fyrir framvindu aðgerðarinnar, sem inniheldur upplýsingar um nauðsynlegar þarfir og áætlaðan tíma. Við gerð verkáætlunar skal reynt að sjá fyrir óörðna atburði. Í verkáætlun er ekki gerð grein fyrir tæknilegum úrlausnum verkefna á vettvangi, heldur vinnur vettvangsliðið að þeim á eigin spýtur. Það fellur svo í hlut *Framkvæmda* að koma verkáætluninni í framkvæmd. Verkáætlunin er einnig send til aðgerðastjórnar.

<i>þarfir</i>	Skilgreina allar bjargir sem nauðsynlegar eru taldar vegna áfallsins. Jafnframt þarf að skilgreina annan nauðsynlegan stoðbúnað, t.d. skrifstofubúnað fyrir vettvangsstjórn og starfslið hennar. Upplýsingum um nauðsynlegan búnað og stoðgögn er komið til <i>Bjarga</i> .
<i>Skipulag</i>	Skipulag aðgerða skal lýsa því fyrirkomulagi sem unnið er eftir. Þar skal m.a. koma fram staðsetning slysavettvangs og einstakra starfssvæða, hver fer með stjórn hvers verkþáttar, vaktaskipti og afleysingar. Einnig skulu settar fram leiðbeiningar um það hvernig upplýsingamiðlun fari fram á milli þeirra sem þátt taka í aðgerðinni. Grunnskipulag aðgerða helst nokkuð óbreytt í gegnum aðgerðaferlið óháð markmiðum og framvindu á hverjum tíma. Auðveldast er að setja skipulag aðgerða fram sem teikningar. Annars vegar kort, þar sem færðar eru inn á slysstaðinn helstu hættur fyrir almenning og hjálparlið, ytri og innri mörk vettvangsins, helstu starfssvæði og akstursleiðir og hins vegar skipurit þar sem skráðir eru stjórnendur og hjálparlið á hverri vakt fyrir sig.
<i>Sérfræðiráðgjöf</i>	Ráðgjöf getur verið sótt eftir ýmsum leiðum annaðhvort á vettvang eða til fjarstaddra aðila. Tengsl ráðgjafa á vettvangi skulu vera við áætlanagerð nema að annað fyrirkomulag sé talið henta betur. Vettvangsstjóri getur hvenær sem ástand útheimtir kallað eftir sérfræðiráðgjöf. Beiðni um slíkt skal komið á framfæri við aðgerðastjórn, sem ýmist sendir umbeðinn sérfræðing á vettvang eða setur ráðgjafann í samband við vettvangsstjórn eftir þeim boð- eða sambandsleiðum sem tiltækar eru.

5.2.3 Bjargir

Bjargir eru samnefnari fyrir mannafla, tæki og búnað. Verkpátturinn Bjargir eru stuðningur við vettvang, sem tryggir að þar sé á hverjum tíma fullnægjandi mannafla, búnaður og tæki, með hliðsjón af eðli og umfangi aðgerða og samkvæmt þeim áætlunum sem í gildi eru á hverjum tíma. Enn fremur skulu þær tryggja aðbúnað þeirra sem eru við störf, í bið eða í hvíld.

Meta skal reglulega þörf fyrir bjargir og koma beiðnum um slíka útvegum tímanlega á framfæri við aðgerðastjórn.

Aðföng og fjarskipti	Allar ráðstafanir sem gerðar eru til að útvega það sem til þarf, þannig að allir verkþættir tengdir <i>Framkvæmd</i> gangi vel og snurðulaust fyrir sig.
<i>Aðföng</i>	Annast útvegum bjarga samkvæmt áætlanagerð þar að lútandi. Öllum björgum skal vísa til <i>Móttöku</i> þegar þær koma á vettvang. Annast útvegum stoðgagna fyrir vettvangsstjórn.
<i>Fjarskipti</i>	Verkpáttur þessi skal tryggja sem víðtækustu samskiptamöguleika innan vettvangsins og út fyrir hann, þ.m.t. að ákveða hvers konar fjarskiptabúnaður hentar best, sjá um útvegum hans, uppsetningu og rekstur. Vinnur upp fjarskiptaskipulag með hliðsjón af heildarskipulagi aðgerða og lætur <i>Skipulag</i> fá eintak af því.
Aðbúnaður	Öll aðhlynning og aðbúnaður hjálparliðs, sem og viðhald tækja og búnaðar.
<i>Grunnþjónusta</i>	Allt er varðar grunnþarfir þess hjálparliðs sem er við störf hverju sinni, þ.e. fæði, matar- og svefnaðstöðu, snyrtingu og fleira.
<i>Sérþjónusta</i>	Önnur aðhlynning sem nauðsynlegt er að veita einstaklingum eða sérhópum, t.d. læknishjálp og/eða áfallahjálp til björgunarliðs. Verkpáttur þessi hefur einnig heildarsýn yfir áfallahjálp, sem veitt er eða veita þarf björgunarmönnum, þolendum og aðstandendum.

Viðhald Ráðstafanir sem gerðar eru til að tryggja eðlilegt viðhald á tækjum og búnaði.

5.2.4 Framkvæmd

Undir *Framkvæmd* falla öll verkefni sem unnið er að á vettvangi hverju sinni. *Framkvæmd* virkjar þær áætlanir sem fyrir liggja og styðjast við þær bjargir sem útvegaðar hafa verið. Sjá um að koma fyrir mælum og upplýsingum frá vettvangsstjóra og vettvangsstjórn til vettvangsaðila. Heldur vettvangsstjórn upplýstri um gang aðgerða á hverjum tíma. Grunnreglan er sú, að sá sem fer með *Framkvæmd* sér um samskipti við þá sem eru að störfum á vettvangi fyrir hönd vettvangsstjórnar. Víkja má frá þessari reglu ef þurfa þykir, t.d. geta *Flutningar* haft beint samband við *Bjargir* ef það er talið gagnast betur framvindu hjálparstarfsins. Stór hluti samskipta vettvangs við vettvangsstjórn fer í gegnum þennan verkþátt og því falla fjarskiptasamband og atburðaskráning („logg“) hér undir. Almennri atburðaskráningu þurfa þó allir verkþættir að sinna.

5.3 Verkbáttaskipurit vegna slysa og notkun þess

Hér á eftir fylgja lýsingar verkþátta sem fram koma í verkbáttaskipuriti vegna slysa og falla undir *framkvæmd*. Einnig eru þar skilgreind helstu starfssvæði vegna aðgerða við slys. Um aðra verkþætti hefur þegar verið fjallað í kafla 5.2 hér að framan.

Framkvæmd Megin verkþættir á slysavettvangi eru:

1. Leit og björgun
2. Sjúkra- og fjöldahjálp
3. Gæslustörf
4. Flutningar

5.3.1 Leit og björgun (L og B)

Leit og björgun tekur yfir þann þátt aðgerða á vettvangi sem snýst um að koma í veg fyrir frekari slys. Losa fólk eða bjarga því úr hvers kyns gildrum eða af hættulegum svæðum og veita lífsbjargandi aðstoð. Framkvæmd leitar og björgunar fer gjarnan fram innan við innri lokun, sem afmarkar slysstaðinn sjálfan eða einstök starfssvæði / hættusvæði. Sá einstaklingur, sem fer með stjórn þessa verkþátts, er ábyrgur fyrir framkvæmd allra verkþátta innan við innri lokun.

Stjórnandi “Leitar og björgunar” heitir **Björgunarstjóri**.

Leit Í mörgum tilfellum getur reynst nauðsynlegt að leita að þeim þolendum sem lent hafa í slysinu og staðsetja þá til björgunar. Þar getur verið um að ræða leit í braki eða húsarúst, í snjóflóði eða á og í kringum tiltekið skaðasvæði. Þannig getur reynst nauðsynlegt að virkja þennan verkþátt ýmist við upphaf eða á síðari stigum aðgerða.

Bráðaflokkun Bráðaflokkun er hugtak sem rutt hefur sér til rúms í seinni tíð. Það miðar að því að forgangsraða slösuðum á vettvangi til flutnings yfir á næsta örugga svæði t.d. söfnunarsvæði slasaðra. Áður en einstaklingar eru fluttir getur reynst nauðsynlegt að veita þeim lífsbjargandi aðstoð. Sé þess nokkur kostur er heppilegt að faglærður aðili sinni þessum verkþætti. Svo sem læknir, hjúkrunarfræðingur eða þjálfaður sjúkraflutningamaður.

Innan við innri lokun geta leynst ýmsar hættur og skulu þeir sem þar vinna leita upplýsinga hjá Björgunarstjóra um hvað beri að varast og hvort hafa þurfi uppi sérstaka aðstoð eða leiðsögn á svæðinu.

Björgun Við margskonar slys hendir það að fólk lokast inni, verður undir fargi eða lendir á öðrum þeim stöðum, þar sem erfitt er að ná til þess. Í slíkum tilfellum þarf oft að beita sérhæfðri þekkingu og búnaði til þess að ná því og koma á næsta örugga

svæði.

- Slökkvistörf* Þegar eldur brýst út við eða í kjölfar áfalls, er mikilvægt að stöðva hann og/eða koma í veg fyrir frekari útbreiðslu. Minnt er á að mikilvægur þáttur slökkvistarfa er reykköfun.
- Viðbrögð mengun* við Björgunarmönnum, ekki síður en þeim sem lenda í slysi, getur stafað mikil hætta af ýmiskonar mengandi efnum. Ýmist skynjum við þau með lykt, sjón, snertingu eða þau liggja utan skynjunarsviðs okkar. Því er mikilvægt að gera sér sem allra fyrst grein fyrir því hvort hætta stafi af mengandi efnum og gera viðeigandi ráðstafanir til að stöðva eða draga úr útbreiðslu og áhrifum þeirra. Þar sem þekking á viðbrögðum við mengandi efnum er yfirleitt ekki á færi leikmanna, getur verið nauðsynlegt að kalla til sérfræðinga. Einn af mikilvægum þáttum mengunarstarfa er eiturefnaköfun í þar til gerðum hlífðarfatnaði.

5.3.2 Sjúkra- og fjöldahjálp (S og F)

Einn af mikilvægustu framkvæmdaþáttum á vettvangi er umönnun og aðhlyning skjólstæðinga þar til að búið er að flytja þá til frekari umönnunar eða meðferðar. Þessi verkþáttur hefur heildarumsjón með öllu því sem lýtur að umönnun og aðhlyningu þeirra sem lent hafa í áfallinu og lifað það af, slasaðir eða óslasaðir.

Stjórnandi þessa verkþátts er nefndur **Aðhlyningarstjóri**.

- Áverkamat* Þegar fjöldi slasaðra er meiri en afkastageta flutningstækja og / eða móttökugeta sjúkrahúss er mikilvægt að slösuðum sé forgangsraðað með tilliti til flutnings á sjúkrahús. Í forgangsröðun felst m.a. að greina ástand þess slasaða m.t.t. áverka og veita honum æskilegan forgang með hliðsjón af þeim. Hér fer einnig fram fyrsta skráning á ástandi slasaðra. Áverkamat slasaðra er hreyfanlegt ferli, sem að jafnaði byrjar áður en viðkomandi er kominn inn á söfnunarsvæði slasaðra (sjá nánar kafla 5.4.1).
- Meðferð* Til að tryggja sem best öryggi slasaðra fram að flutningi getur reynst nauðsynlegt að veita honum ákveðna meðferð. Hér getur verið um að ræða allt frá lífsbjargandi aðstoð og til þess að búa um minniháttar áverka. Mikilvægur þáttur í meðferðinni er að undirbúa hinn slasaða fyrir flutning og gefa fyrirmæli um þá lækisfræðilegu meðferð sem veita skal í flutningi.
- Forgangsröðun* Mikilvægt er að þeir aðilar sem sinna sjúkraflutningnum viti hverja eigi að flytja fyrst, á hvaða sjúkrahús, hvenær, með hverskonar flutningstæki og hvaða lækisfræðilega meðferð skuli veitt meðan á flutningi stendur. *Forgangsröðun sjúkraflutninga* fær ofangreindar upplýsingar frá stjórnanda *meðferðar* og kemur þeim áfram til þess aðila sem sér um *flutningstæki*.
- Söfnun óslasaðra* Við áföll er oft ekki nema hluti þeirra, sem verða fyrir áfallinu, er slasast eða látast. Þó svo að fyrsti forgangur miði ávallt að því að sinna slösuðum þarf að sinna þeim sem virðast óslasaðir eins fljótt og auðið er. Allir sem lenda í slysi þar sem hætta er á svokölluðum háorkuáverkum teljast slasaðir þar til annað er staðfest, þessir einstaklingar eru flokkaðir í lægsta forgang þ.e. grænir. Á vettvangi gildir það fyrst og fremst að safna þeim saman á ákveðinn stað; þ.e. söfnunarsvæði óslasaðra, SSÓ (sjá nánar kafla 5.4.2). Mikilvægt er að þessir einstaklingar séu skráðir sem fyrst. Sé þess nokkur kostur skal tryggja óslösuðum lágmarks aðhlyningu á meðan beðið er eftir flutningi í fjöldahjálparstöð eða annan stað til frekari aðhlyningar, svo sem með því að kalla til presta eða aðra sálgæsluaðila. Reynslan hefur sýnt að í hópsum er að jafnaði farið með óslasaða fyrst til nánari skoðunar á sjúkrahús áður en þeir fara í fjöldahjálparstöð. Þetta á sérstaklega við þegar um tengsl milli þolenda er að ræða, t.d. hópferðir

erlendra ferðamanna.

5.3.3 Gæslustörf (G)

Verndun og gæsla á vettvangi er nauðsynleg til að tryggja öryggi, skipulag umferðar, vinnufrið og verndun ummerkja vegna væntanlegrar rannsóknar.

Stjórnandi þessa verkþáttar er nefndur **Gæslustjóri**.

<i>Lokun svæða</i>	Eitt af lykilatriðunum í því að tryggja vinnufrið á vettvangi eru lokanir. Þeim er skipt í tvo megin flokka, <i>innri lokanir</i> og <i>ytri lokanir</i> . Ef hægt er skal aðeins vera ein ytri lokun sem afmarkar vettvanginn í heild. Inn fyrir ytri lokun fara engir, sem ekki er ætlað að starfa á eða við vettvanginn, nema með sérstöku leyfi vettvangsstjóra. Innri lokun afmarkar hinsvegar slysstaðinn sjálfan eða sérstök starfs- eða hættusvæði. Umfang og fjöldi innri lokana er háð eðli slyssins. Þannig getur á dreifðum vettvangi, svo sem vegna jarðskjálfta eða óveðurs, verið nauðsynlegt að koma upp fleiri en einni innri lokun.
<i>Umferðar-skipulag</i>	Til að tryggja að flutningar og samgöngur á vettvangi gangi sem greiðast er mikilvægt að huga að stýringu umferðar á vettvangi.
<i>Verndun svæða</i>	Verkefnið Verndun svæða tekur á öllu því sem lýtur að verndun vettvangsins í heild og einstakra starfssvæða innan hans. Sérstök áhersla er lögð á verndun látinna, rannsóknarvettvang og lendingarsvæði þyrilu.
<i>Verndun látinna</i>	Á slysstað er látnum gjarnan safnað saman á SSL áður en þeir eru fluttir í líkhús. Megin verkþátturinn á slíku svæði er verndun bæði með hliðsjón af rannsóknarhagsmunum og ekki síður vegna virðingar við hina látnu. Á SSL fer fram skráning og skoðun látinna.
<i>Verndun rannsóknar vettvangs</i>	Rannsókn er ætíð framkvæmd þar sem slys hefur orðið. Stundum hefst rannsóknin meðan björgun stendur yfir. Alla jafna fylgir hún í kjölfar björgunarinnar. Mikilvægi rannsókna er einkum af tvennum toga. Annars vegar til þess að draga fram orsakir slysa svo læra megi af þeim og hugsanlega koma í veg fyrir samskonar slys. Hins vegar eru rannsóknir framkvæmdar til þess að leiða í ljós hvort um refsivert athæfi hafi verið að ræða. Því skiptir miklu máli að sönnunargögn eða vísbendingar sem kunna að finnast á vettvangi séu ekki skemmd eða máð út.
<i>Verndun lendingar-svæði þyrilu</i>	Lendingarsvæði þyrilu er gjarnan valinn staður nærri SSS til þess að ekki þurfi að flytja slasaða langar leiðir í þyriluna. Hættan þessu samfara er að á og við SSS og önnur starfssvæði er oft mikil umferð og erill. Því getur verið nauðsynlegt að setja upp vörslu við lendingarsvæðið.
<i>Verndun annarra</i>	Hér að framan eru nefnd tvö helstu starfssvæðin sem gætu þarfnast verndunar.
<i>starfssvæða</i>	Við vissar aðstæður getur verið mjög mikilvægt að tryggja verndun á öðrum starfssvæðum svo sem SSS og SSÓ.

5.3.4 Flutningar (F)

Umsjón og eftirlit með flutningum, flutningstækjum og biðsvæðum fyrir bjargir. Áhersla er lögð á að tryggja hámarks nýtingu flutningstækja og áhafna þeirra í aðgerðunum, skráningu ferða og upplýsingar um staðsetningu tækja.

Stjórnandi þessa verkþáttar nefnist **Flutningastjóri**.

<i>Móttaka bjarga</i>	Verkefni þetta snýst um að skrá liðsafla, tæki og búnað við fyrstu komu inn á vettvang. Allar starfseiningar skulu gefa sig fram við <i>Móttöku</i> , annaðhvort með því að mæta á Móttökustað (MÓT) eða tilkynna sig um fjarskipti. Eftir móttöku er liðsafla ýmist vísað á biðsvæði eða beint í verkefni.
<i>Biðsvæði bjarga</i> <i>(innra biðsvæði</i> <i>/ ytra biðsvæði)</i>	Uppsetning og rekstur á innri biðsvæðum. Innri biðsvæði falla undir stjórn vettvangsstjóra. Staðsetning þeirra er á eða í nánd við vettvang. Ytra biðsvæði er í meiri fjarlægð frá vettvangi og fellur undir aðgerðastjórn. Um er að ræða þrjú megin biðsvæði. <i>Biðsvæði hjálparliðs</i> , þar sem það vettvangslið sem ekki er í verkefnum bíður frekari fyrirmæla eða er í hvíld. <i>Biðsvæði flutningstækja</i> , þar sem flutningstækjum er safnað saman (ath. eðlilegur munur er á staðsetningu þyrilu, sjúkrabíla, annarra bifreiða og skipa). <i>Biðsvæði tækja og búnaðar</i> , þar sem öðrum tækjum og búnaði er safnað saman.
<i>Flutningstæki</i>	Heildaryfirlit og umsjón með tæknilegri framkvæmd flutninga. Veita upplýsingar um hvaða flutningstæki eru til taks, hvaða flutningstæki eru í flutningi, hvenær þau eru væntanleg og skráning ferða. Verkpátturinn <i>flutningstæki</i> vinnur náið með öðrum verkpáttum sem eru að flytja fólk eða búnað, t.d. upplýsir <i>flutningstæki</i> þá <i>Forgangsröðun sjúkraflutninga</i> um það hvaða flutningstæki eru laus eða væntanleg og fær fyrirmæli frá <i>forgangsröðun sjúkraflutninga</i> um hvert á að flytja slasaða eða óslasaða sem og aðrar leiðbeiningar varðandi flutning á fólki.

5.4 Helstu starfssvæði á vettvangi


Til að auðvelda skipulag aðgerða á vettvangi og tryggja að helstu verkpáttum sé sinnt á viðeigandi stöðum hafa verið skilgreind nokkur starfssvæði. Mikilvægt er að menn geri sér grein fyrir megin uppbyggingu þessara svæða og helstu verkefnum sem þar er sinnt.

Yfirlit yfir starfssvæði á vettvangi:

SSS	Söfnunarsvæði slasaðra
SSÓ	Söfnunarsvæði óslasaðra
SSL	Söfnunarsvæði látinna
SSA	Söfnunarsvæði aðstandenda
BH	Biðsvæði hjálparliðs
BF	Biðsvæði flutningstækja (bílar, þyrilur, flugvélar, skip)
BTB	Biðsvæði tækja og búnaðar
MÓT	Móttökustaður fyrir bjargir
SLY	Slysstaður

5.4.1 Söfnunarsvæði slasaðra (SSS)

Við uppsetningu á söfnunarsvæði slasaðra skal leitast við að hafa það eins nærri slysstað og kostur er. Ef um víðfeðmt áfallssvæði er að ræða skal reynt að tryggja sem best akvegasamband við svæðið í heild. Sé þess nokkur kostur skal velja SSS stað í rúmgóðu húsnæði t.d. í skóla, íþróttahúsi, félagsheimili, skemmu eða flugskýli. Ef aðstaður eru þannig að ekkert slíkt er fyrir hendi skal reyna að mynda sem best skjól fyrir hina slösuðu t.d. með því að tjalda eða skýla þeim á annan hátt.



Eins og með önnur starfssvæði er gert ráð fyrir að aðeins eitt SSS sé sett upp á starfssvæði viðkomandi vettvangsstjóra. SSS er eins og nafnið bendir til sá staður þar sem slösuðu fólki er safnað saman. Hér að ofan er tillaga að uppsetningu á SSS.

Áverkamat slasaðra er ýmist framkvæmd á SSS eða á öðrum þeim stað sem yfirmaður greiningarsveitar ákveður. Þegar áverkamat fer fram á SSS er það gjarnan nefnt greiningarstöð. Af SSS/greiningarstöð eru þolendur sendir af vettvangi og á sjúkrahús. Unnt er að setja upp ýmsa pósta á eða við slysstaði, þar sem þolendur bíða eftir flutningi á SSS, ef langt er á milli slysstaðar og SSS. Þeim stöðum er ekki gefið sérstakt nafn enda er tilvist þeirra ávallt tímabundin.

Æðsti fagstjórnandi lækna er jafnan kallaður Stjórnandi læknir.

Greiningarsveit er alla jafna skipuð þrem læknum og einum hjúkrunarfræðingi. Gert er ráð fyrir að ein slík sveit starfi á eða í tengslum við SSS og stýri þar allri læknishjálpi og hjúkrun við slasaða, þ.m.t.:

- Áverkamat
- Meðferð
- Ákvörðun varðandi forgangsörðun til flutnings
- Fyrirmæli vegna sjúkraflutninga

Einn læknanna í greiningarsveitinni veitir henni forystu.

Önnur verkefni innan SSS sem eru ekki endilega unnin af greiningarsveitarfólki:

- Stjórnandi uppsetningar og reksturs svæðisins. Yfirmaður þeirra manna sem vinna á svæðinu utan greiningarsveitarinnar (Aðhlynningarstjóri).
- Skráning inn á svæðið
- Aðhlynning á forgangi grænn, gulur og rauður
- Skráning út
- Umsjón og framkvæmd á burði með sjúkrabörum

Gert er ráð fyrir að það þurfi *lágmark* 10 manna lið til að reka SSS, fyrir utan greiningarsveit. Þá er einungis gert ráð fyrir einum fjöggra manna hópi í allan burð og einn skyndihjálparmann til að sinna aðhlynningu í hverjum forgangsflokki. Ljóst er að 10 manna hópur mun ekki anna því að reka fjölmennt SSS. Stjórnandi SSS sér um að biðja aðhlynningarstjórnann um aukið hjálparlið ef álag útheimtir. Ef nauðsynlegt reynist að vernda svæðið sérstaklega getur stjórnandi SSS óskað eftir aðstoð frá gæslustjóra.

Huga þarf að skyndihjálparbúnaði til þess að nota við aðhlynningu slasaðra. Sum sjúkrahús í landinu hafa keypt sérstakan búnað ætlaðan til notkunar á vettvangi, svokallaðan SORA búnað. Þá hefur búnaður sem þróaður hefur verið til notkunar í þylum LHG, reynst vel til vettvangsvinnu.

5.4.2 Söfnunarsvæði óslasaðra (SSÓ)

Hafa skal í huga þegar um er að ræða hópslys þar sem hættu er á svokölluðum háorku áverkum þá teljast engir þeirra sem í slysinu lenda óslasaðir fyrr en eftir læknisskoðun. Flestar gerðir hópslysa eru þannig að hættu er á slíkum áverkum.

Á þetta starfssvæði er óslösuðum safnað saman til skráningar og undirbúnings fyrir flutning af svæðinu. Við val og staðsetningu á SSÓ skal haft í huga að koma því fyrir í húsnæði úr augsýn frá öðrum starfssvæðum, þ.e. SSS og SSL. Leggja skal áherslu á að flytja fólk sem fyrst frá SSÓ og á næsta sjúkrahús/fjöldahjálparstöð utan vettvangs.

Sjaldnast er áfallahjálp veitt á SSÓ heldur er slík þjónusta veitt í fjöldahjálparstöð.

Starfsmenn SSÓ skulu tryggja að starfsfólk í fjöldahjálparstöð fái upplýsingar um þá sem verið er að senda þangað.

5.4.3 Söfnunarsvæði látinna (SSL)

Látið fólk eða líkamshluta skal ekki hreyfa eða flytja burt af slysstað nema að fengnu samþykki lögreglustjóra, kennslanefndar ríkislögreglustjóra (ID-nefndar), rannsóknarnefndar flugslysa, rannsóknarnefndar sjóslysa, rannsóknarnefndar umferðaslysa eða annarra lagalega skipaðra rannsóknaraðila.

Hinsvegar, ef nauðsynlegt reynist að flytja lík eða líkamshluta til vegna björgunaraðgerða, skal gera ráðstafanir (sé þess nokkur kostur) til að ljósmynda stöðu þeirra áður en þeir eru hreyfðir, merkja þá vandlega og skrá hver flutti þá og hvert. Hliðstætt merki skal setja við staðinn þar sem viðkomandi lá eða líkamshluti fannst.

Ef ekki er unnt að flytja látna beint af slysstað í líkhús eða af vettvangi á annan öruggan stað skal gera ráðstafanir á vettvangi til að flytja þá látnu á einn stað SSL. Velja skal kaldan stað til geymslu látinna. Ef aðstæður leyfa skal gera ráðstafanir til að fá kæligám á svæðið. Reynt er að velja staðsetningu sem ekki blasir við annarri starfsemi eða umferð á svæðinu almennt. Samkvæmt lögum á lækni að skoða hinn látna og úrskurða viðkomandi látinn þó augljóst þyki að svo sé. Lík eru frá lagalegum sjónarhóli í vörslu lögreglu.

5.4.4 Söfnunarsvæði aðstandenda (SSA)

Í kjölfar slysa eða áfalla getur sú staða komið upp að aðstandendur þeirra, sem í slysinu lentu, safnist saman á ákveðnum stöðum. Þetta gæti t.d. verið á brottfarar- eða komustað flugvéla, ferja eða hópþíla. Einnig er möguleiki að aðstandendur komi á sjúkrahús til að taka á móti þeim sem í slysinu lentu. Til að mæta þessu þarf að skipuleggja Söfnunarsvæði aðstandenda. Þetta svæði fellur undir stjórn og skipulag aðgerðastjórnar. Mikilvægt er fyrir vettvangsstjóra að vita hvar þessi aðstaða er.

5.4.5 Biðsvæði hjálparliðs (BH)

Í lengri aðgerðum getur reynst nauðsynlegt að hafa tiltækt í næsta nágranni við slysstaðinn björgunar- og hjálparlið, sem er tilbúið að grípa inn í ef verkefni aukast skyndilega eða ef leysa þarf af hólmi þá sem starfað hafa lengi. Þá getur verið nauðsynlegt að biðja hjálparlið að bíða á meðan verið er að skipuleggja frekari fyrirmæli varðandi aðgerðir á vettvangi. Sama gildir ef svo mikill mannaflí er sendur til áfallssvæðisins að rétt þyki að halda hluta þess í bið.

Við skipulag og uppsetningu á biðsvæðinu skal þess gætt að það sé í góðu vegasambandi við vettvanginn og hafi rúmgott svæði til þess að leggja bílum á. Ef aðstæður leyfa skal nýta skóla/félagsheimili eða sambærilegar byggingar í þessu skyni og koma upp þjónustu fyrir umrætt lið til dæmis í samvinnu við Rauða kross deild, Slysavarnadeild eða kvenfélag.

5.4.6 Biðsvæði flutningstækja (BF)

Biðsvæði flutningstækja (bílar, þyrlur, skip, flugvélar) er samheiti yfir þá staði sem flutningstækjum er vísað á þegar þau eru ekki í verkefnum og ökumenn bíða frekari fyrirmæla. Hafa ber í huga við val á staðsetningu biðsvæða flutningstækja að tækin hafi sem greiðastan aðgang að slysstað, söfnunarsvæðum og á aðra þá staði þar sem sjúkra- og fólksflutningar eiga sér stað.

Í hlutarins eðli liggur að skip og flugvélar eru háð höfnum og flugvöllum. Þegar biðsvæði ökutækja er ákveðið skal helst finna rúmgóð malbikuð/malarborin bílastæði eða opin svæði. Hafa ber í huga að mörg farartæki viðbragðsaðila geta keyrt utan vegar.

Þar sem fáar þyrlur eru tiltækar til þjónustu þegar almannavarnir eru virkjaðar er ekki talin þörf á sérstöku biðsvæði fyrir þyrlur. Því er í riti þessu eingöngu fjallað um lendingarsvæði fyrir þyrlur.

5.4.7 Biðsvæði tækja og búnaðar (BTB)

Sumar aðgerðir útheimta að sérstaklega sé haldið utan um tæki og búnað. Birgðahald á geymslusvæði (þ.e.a.s. biðsvæði) búnaðar þarf því að vera í góðu lagi. Umsjónarmaður birgðahalds skipuleggur móttöku birgða og búnaðar á biðsvæðum. Hann gerir viðeigandi ráðstafanir varðandi geymslu, skráningu og úthlutun birgða.

5.4.8 Móttökustaður (MÓT)

Við stærri aðgerðir þarf að skrá allar bjargir, t.d. tegund sveitar, stærð og kallmerki. Vettvangsstjóri skilgreinir aðila til þess að sjá um móttökuna þar sem forsvarsmönnum er gert að tilkynna sig inn, ýmist með því að fara á móttökustað eða tilkynna sig í gegnum fjarskipti. Móttökustaður er jafnframt sá staður þar sem öllum björgum er ætlað að mæta á við komu sína á vettvang nema að annað sé tekið fram. Móttakan veitir upplýsingar um hvort viðkomandi eigi að fara beint í verkefni eða bíða á tilteknu biðsvæði (BH, BF eða BTB), heldur til haga upplýsingum um hvar viðkomandi er (nákvæmni fer eftir eðli atburðarins) og skráir út aftur þegar viðkomandi hefur lokið störfum.

Móttaka getur verið staðsett hjá vettvangsstjóra, við biðsvæði eða á öðrum þeim stað, sem er auðvelt fyrir bæði vettvangsstjóra og bjargir að hafa aðgang að.

5.4.9 Starfssvæði og verkþáttastjórar

Starfssvæðin falla undir eftirtalda verkþáttastjóra

Vettvangsstjóri

Björgunarstjóri	Aðhlynningarstjóri	Gæslustjóri	Flutningastjóri
Slysstaður	SSS	Lokunarpóstur	Móttökustaður
	SSÓ	Umferðarpóstur	Biðsvæði
	SSL	Verndunarpóstur	Hleðslusvæði
	Skoðun látinn	SSL rekstur	LP

SSL er merkt undir tveimur verkþáttastjórum. Varsla látinna fellur undir lögreglu samkvæmt lögum, en lækni þarf að gefa út dánarvottorð. Þessir aðilar þurfa því að hafa samvinnu sín á milli.

5.5 Ferli framkvæmda á vettvangi

Vettvangsstjórn vegna slyss felur m.a. í sér að byggja upp ferli og fylgja því eftir. Þegar aðgerðir á vettvangi eru umfangsmiklar er mikilvægt að stjórnendur hugsi skýrt og dragi fram helstu áhersluatriði ferilsins, sem er í raun tvíþætt. Annars vegar það sem snýr að því að koma þolendum sem fyrst af vettvangi og hins vegar það sem snýr að því að koma hjálparliðinu sem fyrst á vettvang og af honum aftur. Af þessu er ljóst að gerðar eru þær kröfur til vettvangsstjóra, að hann geti hugsað um og tileinkað sér marga hluti í einu.


Á stórslysavettvangi má að jafnaði gera ráð fyrir því að fyrst séu þolendur á slysstað bráðaflokkaðir (grænn, gulur, rauður og svartur) og gefið raðnúmer með hliðsjón af því (gulur 1, 2, 3; grænn 1, 2, 3, o.s.frv.). Af slysstað eru þolendur fluttir á eitt hinna þriggja söfnunarsvæða, sem sett eru upp á vettvangi, þ.e. söfnunarsvæði slasaðra (SSS), söfnunarsvæði óslasaðra (SSÓ) og söfnunarsvæði látinna (SSL). Af söfnunarsvæðunum eru slasaðir síðan fluttir á sjúkrahús. Óslasaðir eru ýmist fluttir á sjúkrahús eða á fjöldahjálparstöð og látnir í líkhús eða sjúkrahús.

5.5.1 Ferli þolenda


Ferli þolenda við slys felst í fimm grunnmarkmiðum vettvangsstjórnar:

1. Tryggja öryggi þolenda, viðbragðsaðila og almennings.
2. Finna og bjarga öllum þolendum á sem stystum tíma.
3. Veita fyrstu lífsbjargandi aðstoð og undirbúa fyrir flutning.
4. Flytja þolendur burt af vettvangi.
 - slasaða á sjúkrahús
 - óslasaða á sjúkrahús/fjöldahjálparstöð/heim
 - látna í líkhús, eða tryggja vernd þeirra á slysstað.
5. Tryggja skipulögð aðgerðalok og afhendingu vettvangs til rannsóknaraðila


Ofantalið felur í sér ákveðna forgangs röðun. Oftast er hægt að vinna að fleiru en einu verkefni í einu. Meginþættir ferilsins fela í sér annars vegar pósta, þar sem starfsemi fer fram og svo hins vegar tengingarnar á milli póstanna, sem fyrst og fremst liggja í flutningum og/eða samskiptum.



Ferlið er það sama í minni og stærri slysum en póstarnir verða fleiri í stærri slysum og því verður stjórnunin umfangsmeiri. Í litlum slysum, t.d. árekstri tveggja bíla, þar sem allar aðgerðirnar fara fram á mjög litlu svæði, geta nánast allir á vettvangi talað saman og þannig er samhæfing aðgerða sjálfkrafa tryggð. Í slíkum tilvikum er víkjandi þörf fyrir virkan vettvangsstjóra til að samhæfa aðgerðirnar. Ferli í fámennu slysi má lýsa á einfaldan máta með eftirfarandi hætti:




Þegar umfangið vex og fjarlægðir aukast fer þörfin fyrir markvissari stjórnun á vettvangi að gera vart við sig. Vettvangsstjóri og vettvangsaðilar gera sér grein fyrir því hvaða starfssvæði eru nauðsynleg, hvar þeim er best fyrir komið og hvaða tengingar eru á milli þeirra. Myndin hér að neðan er sambærileg þeirri, sem að framan er sýnd, nema að búið er að bæta við póstum sem eru einkennandi fyrir stærri slys. Ein skilgreining á stórslysi þar sem þörf er á að virkja skipulag almannavarna, er þegar ljóst verður að setja þarf upp fleiri starfssvæði / pósta.



Þegar hin daglega neyðarþjónusta er að störfum er oftast skýr verkaskipting á milli starfsstétta (lögreglu, slökkviliða, lækna, sjúkraflutningamanna) og engin þörf fyrir stjórnanda að raða mönnum í verkefni. Þegar um stærri slys er að ræða fer þessi venjubundna verkaskipting úr skorðum. Þá þarf stjórnandi að raða þeim mannafla, sem hann hefur tiltækan, í þau verkefni sem sinna þarf. Það sem vettvangsstjóri hefur að leiðarljósi er að raða mönnum í þau verkefni þar sem þekking þeirra, reynsla og sérhæfing nýtist sem best.

Myndin hér fyrir neðan sýnir hvernig póstarnir og tengingarnar falla undir hina mismunandi verkþætti í verkþáttaskipuriti vegna slysa.



Verkþáttastjórar yfir Leitt og Björgun, Sjúkra- og Fjöldahjálp, Gæslustörf og Flutningar bera þungann af því að tryggja að flæðið haldist gangandi. Finna flöskuhálsa og gera viðeigandi ráðstafanir vegna þeirra. Innbyrðis tengsl þeirra verða að vera tryggð til að þeir geti unnið vel saman. Til dæmis þurfa þeir, sem sinna bráðaflokkun á vettvangi, að upplýsa þá, sem sinna áverkamat og meðferð, um hversu margir þolendur eru á leiðinni til þeirra. Eins og með alla stjórnun þá afhenda þeir verkefni til sinna undirstjórna til að greiða fyrir upplýsingastreymi ef þess þarf.

Vettvangsstjórnin skipuleggur vettvanginn, kemur aðgerðunum af stað og greiðir úr vandamálum stjórnenda verkþátta þegar upp koma. Því betur sem vettvangsliðið er þjálfað og kann að vinna eftir vettvangsstjórnarskipulaginu, því auðveldara verður starf vettvangsstjóra.

5.5.2 Ferli hjálparliðs

Ferli hjálparliðs er úr bækistöð, á vettvang og þaðan í bækistöð aftur. Í hinni daglegu neyðarþjónustu er ferli hjálparliðs rótgróinn hluti hefðbundinnar starfssemi og þarf enga aðra sérstaka umfjöllun hér. Hins vegar, þegar kalla þarf til aðra aðila (björgunarsveitir, Rauða kross fólk, iðnaðarmenn o.fl.), eða þegar verið er að flytja mannafla á milli lögregluumdæma, koma upp póstar, sem ekki eru til staðar í minni slysum t.d. biðsvæði.

5.5.3 Einn slysstaður eða margir slysstaðir innan vettvangsins

Vettvangsstjórnarskipulagið leggur áherslu á að allir flutningar á slösuðum, óslösuðum og látnum sé þaulskipulagt og hafist sé handa við þá skipulagningu strax í byrjun aðgerðanna. Flutningar innan vettvangs verða mun umfangsmeiri og þarfnast nánari skipulagningar þegar um marga slysstaði er að ræða en þegar slysið afmarkast af tiltölulega litlu svæði. Dæmi um einn slysstað er t.d. flugslys. Vissulega geta aðstæður verið þannig að þolendur séu talsvert dreifð um tiltekið svæði. Flugslys í sjó eða fjöllum geta verið afar erfið viðureignar. Dæmi um marga slysstaði eru afleiðingar jarðskjálfta þar sem mörg hús hafa skemmst á víð og dreif innan tiltekins áfallssvæðis.

5.5.4 Heildarferli – heildarstjórnun - samhæfing

Vettvangsstjóri þarf að samhæfa vinnu og störf allra sem koma að aðgerðum óháð því frá hvaða einingu þeir eru. Til þess þarf að þekkja skipulagið og leitast við að koma því á sem fyrst. Eitt merki þess að menn eru að ná tökum á vettvangsstjórnarskipulagi er þegar stór atburður virðist ekki flókin. Dæmi um þetta er myndin sem er aftast í þessu hefti. Hafa ber í huga að ekki eru öll starfssvæði sem skilgreind eru í kafla 5.4 teiknuð inn á þessa mynd. Rétt er að undirstrika á ný að vettvangsstjórnun felst ekki í fagstjórnun heldur heildarstjórnun - samhæfing.

5.6 Að hefja, stýra og ljúka aðgerðum

Hægt er að skipuleggja og stýra aðgerðunum á fleiri en einn veg. Höfuðmáli skiptir að skipulagi sé komið á svo fljótt sem verða má þannig að þeir, sem á vettvangi starfa, geti hafist handa við uppsetningu vettvangsins með tilheyrandi starfssvæðum.

Grundvallaratriði er að vettvangsstjórnin noti það skipulag, sem ætlast er til að sé notað, eins og hægt er til að auðvelda þeim sem vinna í skipulaginu að ganga að því vísu. Ef skipulagning á vettvangi er byrjuð áður en vettvangsstjóri mætir skal hann leitast við að nýta sér það fyrirkomulag svo sem kostur er.

Í þessum kafla er farið yfir þá þætti sem vettvangsstjóri eða vettvangsstjórnin þarf að huga að við stýringu og samhæfingu aðgerðanna. Við fyrstu sýn kann kaflinn að sýnast langur og yfirgripsmikill listi sem ógerningur er að muna. Hinsvegar, með æfingum og útköllum, fæst reynsla sem gerir að verkum að viðkomandi fær margt af því sem hér er talið upp á tilfinninguna og framkvæmir flest af því án þess að hugsa sérstaklega út í það. Samt sem áður er gott fyrir hvern og einn, óháð því hversu reynslumikill hann er, að hafa eigin gátlista til að renna yfir þegar næði gefst, og tryggja að ekkert hafi gleymst.

5.6.1 Skilgreining á aðgerðalotum

Skipta má aðgerðunum í þrjár megin vinnulotur eftir því hversu langt er liðið frá því að slysið átti sér stað.

Lota I: *Upphafsaðgerðir*

Fyrsta lota er upphaf aðgerðanna þar sem verið er að kalla verk- og stjórnunareiningar til starfa, meta umfang slyssins og koma upp starfsskipulagi. Í

upphafi ríkir óhjákvæmilega óvissuástand. Reynir þá mjög á stjórnendur aðgerðanna að koma fljótt á góðu skipulagi sem miðast við umfang, eðli og staðsetningu slyssins.

Lota II: Skipulagt ferli aðgerða

Önnur lota aðgerðanna er skilgreind sem það tímabil þegar unnið er samkvæmt því starfsskipulagi sem hefur verið komið á. Verkeiningar hafa fengið fyrirmæli um að vinna sín störf nokkuð sjálfstætt innan þess ramma sem að stjórnendur hafa sett upp. Á þessu stigi skynja stjórnendur að álag á þá minnkar.

Lota III: Aðgerðalok

Við aðgerðalok má merkja að umfangið á vettvangi fer stig minnkandi allt þar til öll söfnunarsvæði hafa verið tæmd. Verkefnum einstakra verkeininga fer fækkandi og þær fara að huga að samantekt á búnaði sínum og vinna að öðrum frágangi. Álag á stjórnendur eykst á ný því nú er það hlutverk þeirra að ganga úr skugga um að öllum verkefnum sé lokið og leysa þarf verkeiningar formlega frá störfum.

5.6.2 Lota I - Að hefja aðgerðir

Fyrstu verkefni vettvangsstjóra þegar hann mætir á vettvang eru að sjálfsögðu háð aðstæðum hverju sinni. Varla er hægt að gefa nema almennar leiðbeiningar þar um. Þar reynir á stjórnunarreynslu og útsjónarsemi einstaklingsins. Eftirtalin atriði eru þó ávallt meðal þeirra fyrstu sem vettvangsstjóri þarf að tryggja að séu framkvæmd og er jafnframt tillaga að gátlista:

- ☐ Kynna sér:
 - hvað hefur gerst, hvenær, orsakir, afleiðingar, líkur á endurtekningum, hliðarafleiðingar
 - ástand á vettvangi
 - framkvæmdir sem þegar eru hafnar
 - horfur á vettvangi.
- ☐ Ákveða sambandsleiðir við AST.
- ☐ Ákveða staðsetningu og merkja vettvangsstjórnstöð.
- ☐ Skipa meðstjórnendur í og starfslið vettvangsstjórnar.
- ☐ Skipa björgunarstjóra, aðhlynningarstjóra, gæslustjóra og flutningastjóra og sjá til þess að þeir séu merktir og hafi fjarskiptasamband.
- ☐ Búa til starfsskipulag fyrir vettvanginn í samvinnu við verkþáttastjóra, sem felst í að:
 - ákveða og merkja starfssvæði
 - ákveða umferðarskipulag sem tengir biðsvæði, slysavettvang og söfnunarsvæði auk annarra staða.
- ☐ Gera fjarskipta- og boðleiðaskipulag og kynna (fjarskiptaskipurit).
- ☐ Skrá allar bjargir sem tilkynna sig til móttöku.
- ☐ Finna út nákvæma tölu á fjölda þolenda, ástand þeirra og þjóðerni.
- ☐ Hefja atburðaskráningu (skipa aðila í atburðarskráningu).
- ☐ Gera áætlun um næstu skref, kynna hana og koma henni í framkvæmd.
- ☐ Koma til aðgerðastjórnar upplýsingum um stöðu mála (stöðuskýrslu):
 - mat á framvindu (verkáætlun)
 - beiðnir um aðstoð.

Þegar slys verður á fólki er mikilvægt að afla upplýsinga sem fyrst um áhrif á fólk, þ.e. hve margir eru slasaðir, týndir eða heimilislausir, eins og þekkt er á þeirri stundu. Hugsanlega þarf að tilgreina hvaða áverkar eru taldir líklegastir með hliðsjón af orsök áfallsins (sár - beinbrot - bruni - eitranir).

Eftir aðstæðum geta þessar upplýsingar legið hjá eftirtöldum aðilum:

1. Þeim sem boðuðu hann í útkallið.
2. Lögreglustöð umdæmisins.
3. Lögreglustjóra.
4. Stjórnstöð/aðgerðastjórn.
5. Á vettvanginum sjálfum.
6. Samhæfingarstöðinni.

Helstu stjórnunarstöður sem vettvangsstjóri skipar í eru: stjórnendur megin verkþátta vettvangsstjórnar (áætlun, bjargir, framkvæmd) og einnig megin verkþátta á vettvangi (leit og björgun, sjúkra- og fjöldahjálp, gæslustörf, flutningar); þeir sem eru skipaðir í stjórnunarstöður af vettvangsstjóra, skipa svo fólk í millistjórnunarstöður og önnur hlutverk, hver á sínu sviði. Mikilvægur þáttur í stjórn aðgerða er að tryggja rétt hlutfall á milli þeirra sem eru í stjórnunarhlutverkum og þeirra sem eru að leysa verkefni hverju sinni. Eftir því sem fjöldi hjálparliða eykst þarf að fjölga millistjórnendum. Millistjórnendur eru ýmist stjórnendur heilla verkþátta, afmarkaðra undirverkþátta eða eru í forsvari fyrir tiltekinn hóp og nefnast flokksstjórar eða hópstjórar.

Vettvangsstjóri getur ýmist leitað samráðs við stjórnendur verkþátta eða falið þeim að finna hentuga staði fyrir tiltekin starfssvæði.

Eitt af hlutverkum vettvangsstjórans er að vera tengiliður (augu og eyru) aðgerðastjórnar á vettvangi og skal hann koma á fjarskiptasambandi við hana eins fljótt og hægt er. Ef aðgerðastjórn hefur ekki tekið til starfa skal vettvangsstjórinn meta þörfina fyrir aðstoð frá stjórnstöð. Ef einhver vafi leikur á að slík aðstoð nýtist skal vettvangsstjórinn fara fram á að aðgerðastjórn taki til starfa. Sá möguleiki er fyrir hendi að fyrst sé það lögreglustöðin, sem veiti vettvangsstjórninni þá aðstoð og stýringu sem hún þarf á að halda. Heildarstjórn aðgerðanna færir á seinni stigum yfir á aðgerðastjórn.

5.6.3 Lota I - Uppsetning vettvangsstjórnstöðvar

Ein af grundvallarskilgreiningum vettvangsstjórnar / stjórnstöðvar er að staðsetning hennar getur verið breytileg eða jafnvel færanleg. Staðsetning hennar er ekki fyrirfram ákveðin, ólíkt því sem gerist með aðgerðastjórn, sem ávallt er í fyrirfram ákveðinni stjórnstöð. Við upphaf aðgerðanna skal vettvangsstjóri koma sér upp vinnuaðstöðu á stað sem er í ásættanlegri fjarlægð frá slysstað. Ásættanleg fjarlægð er í næstu nálægð við slysstað / áfallssvæði, þannig að auðvelt sé að fylgjast með og skynja starfseminna þar, án þess þó að verða fyrir eða valda óþarfa truflun. Ef mengun eldfimra, eittraða eða geislavirkra efna er viðvarandi eða yfirvofandi á áfallssvæðinu skal þess gætt að vettvangsstjórnstöð og önnur starfssvæði séu vel utan hins mengaða svæðis og ávallt vindmegin við það.

Gott er að vettvangsstjórnstöðin sé í húsi, ef þess er kostur en sérútbúinn stjórnstöðvarbíl, er afar hentugur vegna hreyfanleika. Ef hvorki húsnæði né hentugur bíll er til staðar má velja vettvangsstjórninni stað í tjaldi eða undir berum himni.

Tryggja skal, að þeir sem starfa á eða við vettvang og þurfa að eiga samskipti við vettvangsstjórnstöðina, viti hvar hún er staðsett. Þetta má t.d. gera með hvítu flaggi með áletruninni VST.

Mikilvægt er að vettvangsstjórnstöðin sé vel útbúin öllum helstu fjarskiptatækjum, svo sem talstöðvum, síma og faxtæki (sjá nánar kafla 6 um fjarskipti).

Vettvangsstjórinn þarf að ákveða hvort hann ætlar að sjá um vettvangsstjórnina einn eða hvort hann ætlar að fá til sín aðstoðarlið.

5.6.4 Lota I - Stjórn og samhæfing

Tilgangur stjórnunar er að fá fólk til þess að leysa sameiginlega tiltekið verkefni. Stjórnun hefur tekist vel ef verkið er leyst fljótt og örugglega (miðað við aðstæður) og á sem árangursríkan hátt. Að

vísu þarf fleira að koma til, s.s. þjálfun og viðunandi bjargir. Ef stjórnun er léleg eru miklar líkur á að verkefnið verði illa leyst. Slæma vettvangsstjórnun má merkja m.a. á óvissu meðal viðbragðsaðila um hlutverk sín eða á takmörkuðu upplýsingaflæði, ýmist vegna skorts á upplýsingum eða lélegu fjarskipta og samskiptaplani. Við slíkar aðstæður verða lítil vandamál að stórum og óþarflegar tafir hindra að þolendur fái þá þjónustu sem þau hefðu annars getað fengið ef vettvangsstjórnin hefði staðið betur að verki. Til þess að ná fram ætlunarverki sínu þarf stjórnandi (hvort sem það er leikstjóri, hljómsveitarstjóri eða vettvangsstjóri) að huga sérstaklega að **Samhæfingu**.

Samhæfing er skilgreind út frá sögninni að aðlaga, eða m.ö.o. stjórnandi þarf með einum eða öðrum hætti að aðlaga störf meðstjórnenda sinna hvert að öðru og við sín eigin störf, þannig að allir gangi í takt. Segja má að eftirtalin þrjú grundvallaratriði ráði mestu um það hvernig stjórnanda tekst að stjórna og samræma störf þeirra sem undir hann falla:

- Hafa frumkvæði
- Taka ákvarðanir
- Gefa fyrirmæli.

Mikilvægt er að vettvangsstjóri útteili verkefnum og leyfi síðan fólki að vinna sína vinnu en grípi inni ef nauðsyn krefur. Vettvangsstjóri skal temja sér að hugsa lengra fram í tímann en verkþáttastjórnir. Samsvarandi er að aðgerðastjórn hugsar lengra fram í tímann en vettvangsstjórnir.

Síðan er það hvernig einstaklingurinn sjálfur tileinkar sér ofangreind grundvallaratriði, sem segir til um hversu góður stjórnandi hann er. Enginn er fæddur afburðastjórnandi og því þurfa allir að fá einhverja leiðsögn í því hvernig best sé að stjórna. Þá er ekki síður mikilvægt að væntanlegir stjórnendur fái tækifæri til þess að æfa sig í að stjórna. Vægi beinnar stjórnunar í aðgerðum getur verið breytilegt, en öfgar í stjórnun eru:

- *Ofstjórnun:* Stjórnandi tekur allar ákvarðanir EINN og tekur ekki tillit til sjónarmiða meðstjórnenda.
- *Vanstjórnun:* Stjórnandi leitar eftir því að samræma ÖLL sjónarmið og hafa alla meðstjórnendur alltaf ánægða.

Það þykir góð vinnuregla að fara bil beggja, t.d. með því að leita eftir samráði við meðstjórnendur og taka síðan endanlega ákvörðun eftir að hafa metið framkomnar upplýsingar og álit. Það er einstaklingsbundið hvoru megin við miðjuna fólk lendir og þá hvers konar leiðsögn varðandi vettvangsstjórnun hentar hverjum og einum. Hver og einn verður að finna sjálfan sig í þessu ferli og átta sig á hvort og þá hvenær hann þarf að vera röggssamari eða hvort hann þurfi að víkka sjóndeildarhringinn með því að hlusta betur á aðra.

Við stjórnun skal vettvangsstjóri ávallt hafa í huga að það getur skipt verulegu máli að taka ákvörðun strax eða eins fljótt og hægt er. Það getur bitnað verulega á aðgerðinni í heild að fresta ákvörðun og reyna ávallt að finna *bestu* lausnina. Það að vera skjóttur til ákvörðunar, jafnvel þó það feli í sér *næst bestu* lausnina getur gagnast aðgerðinni mun betur. Ef í ljós kemur að röng ákvörðun hefur verið tekin þá skulu tafarlaust gerðar ráðstafanir til þess að leiðrétta hana. Hikandi stjórnandi er ekki góður stjórnandi. Áhrifaríkast er að taka ákvarðanir fljótt og framfylgja ákveðið og skilmerkilega. Þetta á ekki síst við þegar mannslíf eru í húfi eða tími til aðgerða er naumur.

Rétt er að hafa það í huga að ef aðilar á vettvangi fá ekki nauðsynleg fyrirmæli á réttum tíma taka þeir ákvarðanir sjálfir. Þannig getur vettvangsstjóri misst tökin á stjórnun aðgerðanna. Því verður vettvangsstjóri að kunna að greina hvaða ákvarðanir þurfi að taka strax og hverjar megi bíða.

Eins og fram kom í kafla 5.6.1 um að hefja aðgerðir eru ýmis verkefni sem vettvangsstjóri þarf að sinna til þess að koma aðgerðunum í gang. Í hinum fullkomna heimi væru verkefni vettvangsstjóra lítil eftir að búið er að koma á skipulagi á framkvæmd vettvangsaðgerðanna, sem sagt aðalvinna vettvangsstjóra væri í fyrstu aðgerðalotunni. Eftir það ættu viðbragðsaðilarnir að geta leyst sín verk án frekari afskipta vettvangsstjóra. Reyndin er þó oftast sú að vettvangsstjóri þarf stöðugt í gegnum aðgerðirnar að vera að leysa úr ýmsum óvæntum málum til þess að halda þeim gangandi.

Sú fullyrðing verður seint of oft endurtekin að sá, sem er vettvangsstjóri er heildarstjórnandi framkvæmdarinnar á vettvangi og ber hag þolendanna og allra viðbragðsaðila (ekki eingöngu

sinnar starfsstéttar) fyrir brjósti fyrir þann tiltekna vettvang sem hann er að veita forstöðu. Vettvangsstjóri er ekki fagstjórnandi. Hins vegar starfa nokkrir fagstjórnendur undir heildarstjórn vettvangsstjóra, sem lögum samkvæmt bera ábyrgð á sínum verkum. Mál er varða vörslu líkamsleifa eru lögreglumál. Vettvangsrannsókn er varða sakamál eru einnig mál lögreglunnar. Slökkvilið stjórna slökkvistarfi og mengunarstarfi samkvæmt lögum um brunavarnir. Læknar og annað heilbrigðisstarfsfólk stjórna aðhlynningu þeirra sem lenda í slysum. Fleiri dæmi mætti nefna, en þau sýna að það er megin hlutverk vettvangsstjórans að skapa þeim umhverfi til þess að vinna verk sín fljótt og vel og tryggja að verk þeirra séu samhæfð.

Segja má að þekking vettvangsstjóra þurfi að vera á tveimur megin sviðum:

- Þekking á viðfangsefninu.
- Þekking á skipulaginu.

Vettvangsstjóri þarf að hafa góða þekkingu á viðfangsefninu og tæknilegri úrlausn verkefna á vettvangi, án þess þó að þurfa sjálfur að vera sérfræðingur á þeim sviðum. Þeim mun betur sem hann þekkir til verkefna á vettvangi og getur sett sig í spor þeirra, sem eru að vinna þar, því meiri skilning hefur hann á þörfum þeirra sem þar starfa og þeim beiðnum sem þaðan koma.

Á námskeiði í vettvangsstjórn er gert ráð fyrir að nemendur hafi þegar þekkingu á þeim viðfangsefnum, sem þeim er ætlað að takast á við, en læri á námskeiðinu um skipulagið og stjórnun og fái heildarmynd á samræmdri vettvangsstjórn. Eftir að aðgerðirnar eru komnar í gang þarf vettvangsstjórnin m.a. að:

1. Sjá til þess að allir verkþættir séu virkir og gangi eðlilega. Í því felst að huga að því hversu nákvæmlega þarf að fylgja fyrirmælum eftir: er farið eftir fyrirmælum, er unnið eftir skipulaginu, o.s.frv.
2. Tryggja að vettvangsstjórnin og starfslið hennar hafi skýr fyrirmæli til þess að starfa eftir.
3. Tryggja að samhæfing og eðlileg samvinna sé milli verkþátta.
4. Tryggja fullnægjandi upplýsingastreymi innan vettvangs.
5. Tryggja fullnægjandi upplýsingastreymi við aðgerðastjórn og aðra aðila utan vettvangs.
6. Að hafa vakandi auga á því hvort skipulagið sé rétt eða hvort nauðsynlegt sé að breyta því. Það sama á við um áætlunina.
7. Fylgjast vel með álagi á stjórnendur og fela þeim að fylgjast með álagi á sínu fólki.
8. Hugsa fram í tímann. Gera sér grein fyrir líklegri atburðarás og skipuleggja aðgerðir í takt við hana. Vera ávallt skrefi á undan með nauðsynleg úrræði.
9. Geta gert grein fyrir staðsetningu á þeim björgum sem hafa verið sendar til hans.

5.6.5 Lota II - Vettvangskannanir

Þegar hjálparlið á vettvangi er farið að vinna samkvæmt áætlunum vettvangsstjóra og hlutirnir farnir að rúlla af sjálfu sér skal vettvangsstjóri reyna að finna sér tíma til þess að skima vettvanginn sjálfur. Hann tekur með sér þá aðila sem hann telur rétt að hafa meðferðis. Í ferð sinni um svæðið skal vettvangsstjóri veita athygli eftirfarandi:

- Var sú mynd sem hann hafði gert sér í hugarlund út frá þeim upplýsingum sem honum voru veittar rétt, bæði hvað varðar ástandið á svæðinu í heild og umfang og eðli áfallsins?
- Er aðsteðjandi ógn í sama takti og hann gerði ráð fyrir?
- Ganga framkvæmdir á vettvangi samkvæmt skipulaginu?
- Ganga framkvæmdir á vettvangi vel eða þarf að breyta skipulaginu?

Vettvangsstjóri skal, að svo miklu leyti sem unnt er, dvelja í aðsetri vettvangsstjórnar. Ef aðstæður útheimta annað skal hann tryggja að unnt sé að ná í hann með einum eða öðrum hætti og skipa stjórnanda í vettvangsstjórnina á meðan.

5.6.6 Lota II - Upplýsingaflæði, boðleiðir og fjarskiptaáætlun

Megin reglan er að boðskipti á milli manna fari fram samkvæmt verkþáttaritinu. Þá eru boðskipti vettvangsstjórnar við vettvanginn í gegnum verkþáttinn *Framkvæmd*. Sá aðili innan vettvangsstjórnarinnar sem sér um Framkvæmd er í samskiptum við björgunarstjórnann, aðhlyningarstjórnann, gæslustjórnann og flutningastjórnann. Samskiptin geta ýmist verið gegnum talstöð eða munnleg. Gert er ráð fyrir að sá sem sér um Framkvæmdina sé hreyfanlegur og auðsjáanlegur á vettvangi, en geti farið inn til vettvangsstjórnarinnar þegar þörf krefur.

Hafa skal í huga að í stærri aðgerðum getur það valdið töfum á nauðsynlegu upplýsingastreymi ef öll samskipti við vettvangsstjórn fara í gegnum einn mann. Öll megin fyrirmæli og ákvarðanir skulu fara eftir því ferli sem verkþáttaskipunin segir til um. Ef vettvangsstjóri ákveður að það sé hagur í því að hafa annað fyrirkomulag, verður hann að tryggja að þeir, sem eiga að starfa samkvæmt breyttu fyrirkomulagi, séu upplýstir um það.

Hins vegar geta hinar margvíslegu starfseiningar innan mismunandi verkþátta þurft að hafa samband sín á milli til þess að tryggja að upplýsingar berist á milli manna, til að halda aðgerðunum gangandi. Flöskuhálsar myndast gjarnan þegar upplýsingar tefjast hjá aðilum sem eiga að bera upplýsingarnar á milli en gera það ekki vegna þess að þeir eru ofhlaðnir. Allir stjórnendur aðgerðanna skulu vera meðvitaðir um að slíkt ástand getur skapast, vera vakandi fyrir því og gera viðeigandi úrbætur ef þess þarf.

Vettvangsstjóri þarf að spyrja alla undirstjórnendur eftirfarandi spurninga:

- Hvaða leið hefur þú til þess að koma ákvörðunum og upplýsingum frá þér?
- Hvaða leið hefur þú til þess að taka á móti upplýsingum?
- Skila upplýsingar sér alla leið?

Ef einhverra þessara spurninga er svarað neitandi verður að leysa úr því máli.

Upplýsingar sem þurfa að fara á milli aðila eru m.a.:

Milli vettvangsstjórnar og aðgerðastjórnar:

- Þegar gefin hafa verið út fyrirmæli eða verkáætlun fyrir aðgerðir á vettvangi skal vettvangsstjóri upplýsa aðgerðastjórn um í hverju þau felast. Fyrirmæli í verkáætlun skal innihalda þau fyrirmæli sem vettvangsstjóri hefur þegar fengið frá aðgerðastjórn.
- Jafnframt sendir vettvangsstjóri afrit af stöðuritum, munnlega eða skriflega.
- Beiðnir um bjargir.
- Aðgerðastjórn heldur vettvangsstjórn upplýstri um stöðu utanaðkomandi aðstoðar. Þær ræða saman sín á milli um nánara fyrirkomulag, t.d. á hvíldaraðstöðu fyrir björgunarlið, akstursleiðir og umferðarstjórn utan vettvangs og annan stuðning sem aðgerðastjórn veitir vettvanginum.
- Önnur samskipti.

Milli vettvangsstjórnar og verkþáttastjóra:

- Þegar gefin hafa verið fyrirmæli eða verkáætlun fyrir aðgerðirnar á vettvangi skal vettvangsstjóri tryggja dreifingu hennar innan vettvangsstjórnar og til stjórnenda verkþátta á vettvangi (fellur undir verkahring Framkvæmda).
- Stjórnendur verkþátta upplýsa vettvangsstjórn (í gegnum Framkvæmd) um gang mála, stöðu þolenda og vandamál, sem verkþáttastjórar þarfnast úrlausnar á.
- Önnur samskipti.

Innan vettvangs:

- Upplýsingar innan vettvangs eru tvíþættar: Annars vegar innan hvers verkþátta (þ.e. Leitar og björgunar, Sjúkra- og fjöldahjálpar, Gæslustarfa og Flutninga) og hinsvegar þau samskipti sem eru á milli verkþátta.
- Upplýsingar innan vettvangs eru fyrst og fremst í tengslum við flutning þolenda frá slysstað að söfnunarsvæðum og frá söfnunarsvæðum af vettvangi. Þeir sem sinna

bráðflokkun á slysstað ákveða í hvaða röð þolendur eru flutt þaðan og á söfnunarsvæðin. Flutningastjóri, sjálfur eða sérstakur hleðslustjóri fær upplýsingar um bráðaflokkun, annað hvort munnlega eða með því að fara eftir bráðaflokkun samkvæmt upplýsingum á greiningarspjöldum.

- Þegar þolendur eru komin á greiningarsvæðið er áverkamat endurmetin við betri skilyrði. Flutningastjóri, eða starfsmaður hans, upplýsir aðhlynningarstjóra, eða starfsmann hans, hvaða tæki eru fánleg til flutninga. Aðhlynningarstjóri gefur fyrirmæli um hverja skal flytja, í hvaða flutningatækjum og hverskonar aðhlynning er nauðsynleg á meðan á flutningi stendur.
- Á sama hátt þurfa upplýsingar að berast til Flutningastjóra um hvert eigi að flytja þá óslösuðu.
- Samsvarandi þarf Flutningastjóri að fá upplýsingar um þá látnu sem þarf að flytja.
- Einnig þarf Flutningastjóri upplýsingar um það björgunarlið sem hefur ekki eigin flutning og þarf að flytja og eins þann búnað sem þarf að flytja. Að fengnum ofantöldum upplýsingum sér flutningastjóri um heildarskipulagningu, framkvæmd og eftirfylgni flutninga.
- Önnur samskipti.

Til aðstandenda þolenda:

- Ef aðstandendur leita upplýsinga hjá vettvangsstjóra um afdrif ættingja á slysstað, skal vettvangsstjóri sjá til þess að þeir komist í samband við söfnunarsvæði aðstandenda. Ef slíkt hefur ekki verið sett upp skal hann vísa viðkomandi til aðgerðastjórnar.

Til fjölmiðla:

- Að jafnaði skal samræma við aðgerðastjórn samskipti og þær upplýsingar sem gefnar eru fjölmiðlum. Huga þarf vandlega að því að þær upplýsingar sem gefnar eru fjölmiðlum þoli birtingu (sjá nánar um fjölmiðla í kafla 5.6.13).

5.6.7 Lota II - Beiðnir

Það er afar mikilvægt að þær beiðnir sem vettvangsstjóri sendir frá sér, séu skýrar. Röng meðferð á beiðnum getur haft alvarlegar afleiðingar og því er það sérstaklega undirstrikað hér að temja sér rétt vinnubrögð við meðferð beiðna.

Vettvangsstjórn biður um bjargir eða aðra þá aðstoð, sem þarf á vettvang, til aðgerðastjórnar. Í stórum aðgerðum, þar sem margar beiðnir eru að berast aðgerðastjórn þarf að vera vel skipulagt hvernig sending, móttaka og afgreiðsla slíkra beiðna fer fram. Ef beiðnin er ekki vel skilgreind er óvíst hvort vettvangsstjórnin fær það sem beðið var um. Hafa ber í huga eftirfarandi:

- Beiðnin skal vera skrifleg, ef þess er nokkur kostur. Hægt er að senda fyrst beiðni munnlega og staðfesta hana skriflega síðar, ef ekki er hægt að senda hana skriflega strax.

Á beiðninni skal koma fram m.a.:

- Hvers konar aðstoð.
- Hversu mikið (fjöldi/magn).
- Hvað liggur mikið á, jafnvel forgangsraða.
- Tilgangur beiðni ef hægt er, til þess að aðgerðastjórn geti fundið önnur úrræði ef ekki er hægt að verða við beiðninni.
- Hvert á að senda það sem beðið er um.
- Við hvern á að tala hjá vettvangsstjórn ef ræða þarf um beiðnina.
- Auðkennisnúmer.
- Tíminn sem beiðnin er send.

Halda skal vel utan um allar beiðnir sem sendar eru út og tryggja að þeim sé fylgt eftir. Gera skal greinarmun á beiðnum annars vegar (m.a. á útliti og/eða númerakerfi) og öðrum skriflegum upplýsingum til aðgerðastjórnar hinsvegar til þess að fyrirbyggja að beiðnir týnist.

Aðgerðastjórn á að staðfesta móttöku beiðna um leið og þær berast.

Ef aðgerðastjórn getur ekki afgreitt beiðnina er hún send til Samhæfingarstöðvarinnar.

5.6.8 Lota II - Sjúkraflutningar

Vegna takmarkaðra aðstæðna heilbrigðisstofnana á landsbyggðinni er brugðið á það ráð í hópslysum ef veður leyfir að flytja þolendur loftleiðis á stærri sjúkrahús t.d. Akureyri eða Reykjavík, ef veður leyfir. Við stærri flutninga en það sem kallast hefðbundið sjúkraflug sendir AST beiðni til Samhæfingarstöðvar um að þörf sé að flytja slasaða úr umdæminu. Ef um stórt slys er að ræða er virkjuð svokölluð loftbrú.

Neyðarlínan útvegar upplýsingar um hvaða flugvélar/þyrlur eru til reiðu og aðstoðar við skipulagningu loftbrúa með þeim sem sjá um þau mál í Samhæfingarstöðinni. Til þess að geta sent þann flugkost sem hentar best hverju sinni og með tilliti til þess að hann er alltaf talsverðan tíma á leiðinni er mikilvægt að vettvangsstjóri geri sér sem fyrst grein fyrir því hvort og þá hve marga þarf að flytja loftleiðis af svæðinu. Þessar upplýsingar vinnur hann í samráði við aðhlynningarstjóra.

Starfsstöð Landslæknisembættis í Samhæfingarstöð skipuleggur hvert hver sjúklingur eigi að fara og kannar móttökugetu sjúkrahúsa á landinu.

Hafa ber í huga að ekki þarf að gefa nákvæma tölu strax. Sem dæmi má nefna að ef um rútuslys með 40 þolendum er að ræða, þá er það fljótlega ljóst hvort 10, 20, 30 eða 40 manns þurfi á flutningi að halda. Auðveldara er að snúa við vélum en að bæta við á seinni stigum.

Aðstæður geta skapast þannig að ekki er hægt að fljúga beint frá slyssað og á móttöku sjúkrahúss eða að veður hamli að hægt sé að flytja með flugi alla leiðina. Þá þarf AST og Samhæfingarstöðin að skipuleggja flutning fórnarlamba með öðrum hætti. Öll skipulagningin byggist á upplýsingum frá VST og því skiptir máli að VST gefi upplýsingar um fjölda fórnarlamba og ástand þeirra eins fljótt og hægt er þannig að hægt sé að hefja skipulagsvinnuna sem fyrst. Best er að koma á beinu sambandi frá Samhæfingarstöðinni til Aðhlynningarstjóra því það hefur sýnt sig að með þeim hætti er tryggast að réttar upplýsingar um þolendur berist þeim er þurfa að ákveða hvert viðkomandi er fluttur. Þetta á eingöngu við þegar margir þurfa flutning úr umdæmi.

Jafnframt er mikilvægt að huga sem fyrst að þessum þætti þar sem mögulegt er að þörf sé á að senda frekari bjargir með þeim vélum sem eru að fara á staðinn og nauðsynlegt að fá tíma til þess að kalla út lið og undirbúa til brottfarar.

5.6.9 Lota II - Stöðufundir

Vettvangsstjórinn skal halda stöðufundi með reglubundnum hætti. Á hann skulu vera boðaðir helstu stjórnendur í vettvangsstjórn og á vettvangi. Þar skal ræða:

- stöðu mála og vandamál á vettvangi
- framvindu á vettvangi
- langtíma horfur.

Fundirnir eiga að tryggja að allir stjórnendur séu samstíga í verkum sínum. Á fundinum, eða fljótlega eftir hann, skal vettvangsstjóri gefa út þau fyrirmæli sem nauðsynleg eru vegna frekari aðgerða. Upplýsingum af stöðufundum er safnað saman til úrvinnslu og gefnar út í stöðuskýrslum (fellur undir Áætlun).

Það er til mikilla þæginda ef bæði stöðufundir og útgáfa stöðuskýrslna er með reglubundnum hætti og á ákveðnum tímum og að öllum sem þangað eiga að mæta sé kunnugt um tímasetningar fyrirfram.

5.6.10 Lota II - Stöðuskýrslur

Við umfangsmiklar aðgerðir þarf að upplýsa marga um stöðu mála. Ein algengasta spurning til VST frá AST um það hvernig aðgerðirnar gangi. Í fyrsta lagi þarf aðgerðastjórn að hafa gott yfirlit yfir

stöðu mála á vettvangi. Einnig þurfa aðilar eins og Samhæfingarstöðin, stjórnvöld, fjölmiðlar og aðstandendur að fá upplýsingar um aðgerðirnar. Vettvangsstjórn upplýsir aðgerðastjórn, sem síðan sér um að upplýsa aðra aðila. Upplýsingar eru teknar saman í stöðuskýrslur. Stöðuskýrslur geta verið munnlegar eða skriflegar, stuttar eða langar, háð aðstæðum hverju sinni. Þó skal stefnt að því að hafa þær skriflegar.

Í stöðuskýrslum þarf að koma fram m.a.:

1. **Hvað** hefur gerst. Hvaða ástand er (stutt lýsing).
2. **Hvernig** er ástand fólks, mannvirkja og eigna.
3. **Hverjar** eru helstu hættur eða ógnir við fólk, mannvirki og eignir.
4. **Staðan**: hvað er búið að gera, hvað er í gangi og hvað er framundan.
5. **Vandamál**: eru vandamál og þá hvaða.

Ákveða þarf í takt við framvindu aðgerðanna hversu oft á að gefa út stöðuskýrslu. Ef um langtíma aðgerðir er að ræða er hentugt að hafa fastan tíma sem stöðuskýrslur eru sendar út. Við margra daga aðgerðir getur verið hentugt að gera stöðuskýrslur á kvöldin. Hinsvegar, þegar um mjög stuttar aðgerðir er að ræða, gæti verið hentugt að gefin sé út einungis ein stöðuskýrsla sem fellur saman við aðgerðaskýrsluna við aðgerðalok (sjá síðar í þessum kafla).

5.6.11 Lota II - Talning, skráning og stöðuyfirlit vegna þolenda

Talning

Vettvangsstjóri þarf að finna út hver fjöldi þolenda er og ástand þeirra. Í fyrstu eru þeir grófflokkaðir í slasaða, lítið slasaða og látna, sem kallast bráðaflokkun. Í viðauka er að finna eyðublað til þess að styðjast við vegna talningar. Við nánari skoðun á slösuðum eru þeir flokkaðir í þrennt: græna, gula og rauða, þetta ferli kallast áverkamat. Mikilvægt er að allar upplýsingar um þolendur séu réttar þar sem frekari framvinda aðgerða byggist á þessum upplýsingum. Jafnframt þurfa þessar upplýsingar að berast sem fyrst til AST þannig að hún, Samhæfingarstöðin og aðrir sem að málinu koma, geti hafist handa við að undirbúa flutning af svæðinu, ef þörf krefur, sbr. hér að framan.

Til þess að VST geti á hverjum tíma áttað sig á hvernig aðgerðirnar ganga þarf hvert starfssvæði að geta gert grein fyrir hvaða þolendur eru á þeirra starfssvæði, eða hafa verið fluttir burt og þá hvert. Á eftirtöldum stöðum þarf að halda til haga upplýsingum um fjölda og skiptingu þolenda. Þessum upplýsingum er komið til VST eftir þörfum:

- SSS
- SSÓ
- SSL

Auk þess þarf sá sem sér um að skipuleggja flutning þolenda af vettvangi að hafa nákvæmt yfirlit yfir hverja sé búið að flytja og hvert.

Þá þurfa eftirtaldir aðilar að gefa upplýsingar til AST um komu þolenda:

- Sjúkrahús
- Fjöldahjálparstöð
- Líkhús

AST þarf ekki að hafa frekari afskipti af þolendunum eftir að heilbrigðiskerfið hefur tekið við slösuðum eða látnum. AST þarf að tryggja viðeigandi ráðstafanir gagnvart því fólki sem er skráð inn í fjöldahjálparstöð.

Yfirlitsskráning/talning

Skráning/talning þolenda í áföllum er mikilvæg vegna margra hluta. Nauðsynlegt er að stjórnendur hafi yfirsýn hvar þolendur eru á hverjum tíma þar sem ákvarðanir um aðgerðir eru að stóru leiti byggðar á þeim upplýsingum. Talning er eitt af verkefnum Gæslustjóra og sér hann eða fulltrúi hans um að taka saman tölur frá talningapóstum og gefa upp stöðuna til VST/AST. Talið er á nokkrum lykil

stöðum með þar til gerðu talningablaði sem hægt er að nota á öllum starfssvæðum. Þegar þolendur fara af svæðinu á sjúkrastofnanir eða önnur söfnunarsvæði utan VST skilja þeir eftir afrifur greiningarspjalda við síðasta talningapóst.



Sjúkraflutningur-sjúkraflug

Við flutning af vettvangi á sjúkrastofnun er talið út og afrifa greiningarspjalds skilin eftir.

Talningablað er að finna aftast í þessu hefti.

Stöðuyfirlit

Vettvangsstjóri skal fylgjast með því hvernig gangi að flytja þolendur af slysavettvangi til söfnunarsvæða og svo þaðan burt af vettvangi. Ef framkvæmdin á vettvangi hefur verið vel skipulögð ganga flutningar frá slysstað að söfnunarsvæðum án mikilla afskipta vettvangsstjóra. Hins vegar er flutningur frá söfnunarsvæðum og af vettvangi verkefni sem leggst talsvert á vettvangsstjóra vegna samskipta við aðgerðastjórn og aðra aðila utan vettvangs. Jafnframt þarf hann að bera saman tölu fundinna þolenda við þær upplýsingar um hversu margir voru í slysinu (t.d. farþegalista) og tryggja að leit verði hafin ef ljóst er að ekki hafi allir þolendur fundist. Til þess að aðstoða VST við að halda slíkt yfirlit hefur verið útbúið sérstakt eyðublað sem heitir *Stöðuyfirlit vegna slysa*. Gert er ráð fyrir að blaðið sé fyllt út oftast en einu sinni í aðgerð og því er mikilvægt að skrifa tímasetningu þegar yfirlitið er gert. Upplýsingarnar á þessu blaði eru með þeim mikilvægustu sem fara á milli VST og AST.

5.6.12 Lota II - Atburðaskráning („logg“-skráning)

Skrá þarf atburði jafnóðum og þeir gerast eins og hægt er. Tilgangurinn er tvíþættur, annars vegar til að auðvelda mönnum að hafa yfirsýn yfir atburðarrásina og hins vegar til seinni tíma úrvinnslu á aðgerðinni í heild.

Hver stjórnandi þarf að halda atburðaskrá, en nákvæmni í upplýsingunum er breytileg eftir aðstæðum hverju sinni. Til þæginda getur verið að hafa sérstakan starfsmann til þess að sjá um heildaratburðarskráningu fyrir vettvangsstjórnina, t.d. frá Áætlun.

Skrá þarf a.m.k.:

1. hvað gerðist
2. hvenær
3. skráningartíma, ef ekki er um rauntímaskráningu að ræða.

5.6.13 Lota II - Fjölmíðlar

Ein er sú starfsstétt, sem hefur hlutverk á slysstað en gegnir ekki björgunarstörfum. Það eru fréttamenn. Ein af forsenda þess að þessir tveir starfshópar geti átt gott samstarf á vettvangi er að þeir þekki og geri sér grein fyrir starfi hvors annars.

Fréttamenn sjá um öflun fréttanna af atburðum líðandi stundar, svo sem slysum og óhöppum og miðla til þjóðarinnar. Fulltrúar fjölmíðla hafa bent á heimildargildi fjölmíðlunar þegar stórir atburðir á borð við slys og hamfarir eiga sér stað en þá eru fáir eða jafnvel engir sem við upphaf fyrstu aðgerða eru að hugsa um heimildaröflun. Fjölmíðlar eru mikilvægt tæki í almannavörnum til að koma upplýsingum og skilaboðum til almennings. Fjölmíðlar gegna stóru hlutverki í samfélaginu og finna þarf eðlilegan flöt á samstarfi viðbragðsaðila og fjölmíðlamanna á vettvangi.

Eitt þeirra mála, sem staðið hefur styr um er hvort viðbragðsaðilar á vettvangi eigi að hafa um það að segja hvað fjölmíðlar mynda og hvað ekki. Fjölmíðlar hafa bent á að á hverjum fjölmíðli sé ritstjórn, sem ber ábyrgð á því sem birt er í viðkomandi fjölmíðli. Þar eigi að fara fram ákvarðanatöku um það hvað er birt og hvað ekki. Stjórnendur aðgerða á vettvangi hafa bent á að oft hafi verið birtar ótímabærar fréttir (þ.m.t. myndir) í fjölmíðlum.

Vettvangsstjóri skal gera ráð fyrir að fjölmíðlafólk komi á vettvang til að taka myndir og ná viðtölum bæði við hann og aðra viðbragðsaðila. Vettvangsstjórinn skal taka á móti þeim eftir því sem ástand og álag leyfir og taka fjölmíðlun með í skipulagningu aðgerða. Það er margsannað að það auðveldar alla framkvæmd á vettvangi ef viðbragðsaðilar vinna með fjölmíðlum en ekki gegn þeim. Heppilegt getur verið að biðja gæslustjórann að sjá um að fylgja fjölmíðlafólki um svæðið.

Ein leið til að stýra innkomu myndatökumanna og ljósmyndara á vettvangi er að láta fjölmíðla setja á laggirnar svo nefnt POOL eða samnýtingu myndefnis. Í því felst að fjölmíðlarnir komi sér saman um einn myndatökumann og / eða ljósmyndara sem fer inn á svæðið og tekur myndir. Eftir á er myndefninu svo dreift jafnt milli fjölmíðlanna, sem að þessari samnýtingu koma. Þetta hefur færst í aukana í seinni tíð og mælst vel fyrir bæði hjá fjölmíðlum og viðbragðsaðilum.

Gert er ráð fyrir verkþættinum Fjölmíðlar í verkþáttaskipuritinu. Þar er umræddur verkþáttur settur beint undir stjórnandann. Stjórnandi getur síðan ákveðið hvort hann sinnir þessum verkþætti sjálfur eða hvort hann setur annan aðila í málið. Kjósi stjórnandi að sinna fjölmíðlum sjálfur er mikilvægt að hann tilnefni staðgengil fyrir sig í stjórnunina. Þetta á ekki síst við þegar um er að ræða viðtöl við fjölmíðla.

Þar sem störf á vettvangi gerast oft hratt og athygli vettvangsstjóra þarf að vera óskert við aðgerðina sjálfa, getur verið rétt að beina fjölmíðlum að aðgerðastjórn. Þar ætti ávallt að vera til heildaryfirsýn yfir framvindu mála og er sú eining m.a. hugsuð til að létta álagi af vettvangsstjóra.

Vettvangsstjóri skal vera undirbúinn að svara 5 grundvallarspurningum fjölmíðla um aðgerðirnar:

1. Hvað gerðist?
2. Af hverju?
3. Hverjar eru afleiðingarnar?
4. Hvert er ástandið nú?
5. Hver er hugsanleg framvinda?

Við skipulag fréttaviðtals skulu eftirtalin atriði höfð í huga:

- Spurðu fréttamanninn um hvað hann vill ræða og hver fyrsta spurning hans verður.
- Veldu tíma sem hentar þér.
- Gefðu upp fullt nafn og stöðu, ekki gælunafn.
- Gefðu gaum að bakgrunni.
- Sýndu yfirvegum og fagmennsku.
- Segðu þann sannleika sem óhætt er að segja.
- Sýndu þolinmæði.

- Ekki hika við að láta endurtaka upptöku ef þú ert ekki ánægður.

Í fréttaviðtali skal:

- Ekki neita að ræða málin.
- Ekki gefa persónulega skoðun á málinu.
- Ekki segja eitthvað sem er “bara milli mín og þín”.
- Ekki ljúga, né hagræða sannleikanum.
- Ekki nota fagorð/sérhæfð orð eða hugtök.
- Ekki lofa ákveðnum árangri.
- Ekki ræða orðróm.

5.6.14 Lota II - Vaktaskipti í vettvangsstjórn

Þegar um langtímaaðgerðir er að ræða er mikilvægt að huga að vaktaskiptum í tíma. Skipuleggja þau þannig að starfsemi og stjórnun aðgerðarinnar á vettvangi raskist sem minnst og geti haldið áfram í sama horfi. Segja má að vaktaskipti sé hægt að framkvæma með tvennum hætti:

- Með því að skipta allri vettvangsstjórninni út í einu.
- Með því að skipta hluta vettvangsstjórnarinnar út.

Það getur verið breytilegt hvort hentar betur. Áhrifaþættir þess hvor leiðin er valin eru t.d. hvort margir eða fáir eru í vettvangsstjórninni; hvort jafn hæfur mannaflí sé að taka við stjórninni; hvað um er að ræða langa aðgerð; hvers konar aðgerð; jafnvel hverju menn eru vanir úr vinnu, o.s.frv. Í tengslum við vaktaskipti er rétt að hafa í huga að:

- Skipuleggja vaktaskiptin í tíma.
- Halda stöðufund á vaktaskiptunum þar sem báðar vaktirnar sitja.
- Láta þá sem eru á nýju vaktinni og eru að taka við ákveðnum verkþáttum mæta t.d. klukkutíma fyrr og þá sem eru að fara af vaktinni vera klukkutíma lengur, til að auðvelda afleysingarfólki að komast inn í málin.
- Tryggja að þeim, sem ekki er verið að skipta út í stjórnstöðinni eða helstu stjórnendum á vettvangi, sé kunnugt um vaktaskiptin.

5.6.15 Lota III - Að draga úr aðgerðum og ljúka þeim

Vettvangsstjóri skal gera sér grein fyrir því hvenær ástæða er til að byrja að draga úr aðgerðum á vettvangi og gera aðgerðarstjórn grein fyrir því í tíma. Þegar líða tekur á aðgerðirnar fækkar þeim sem þurfa aðhlynningu og verkefni fyrir hjálparlið fara minnkandi. Smám saman fjölgar hjálparliði í bið og áherslur í stjórnunarverkefnum breytast. Mikilvægt er að það sé dregið úr aðgerðum með skipulögðum hætti. Huga skal að brottflutningi bjarga af vettvangi með góðum fyrirvara áður en að því kemur. Slík skipulagning skal unnin í samráði við stjórnendur verkþátta eins og aðrar aðgerðir á vettvangi.

Í lok aðgerða skal:

- Ganga úr skugga um að allir þolendur séu fundnir og hafi verið fluttir af vettvangi.
- Skrá bjargir sem hafa lokið störfum.
- Leysa stjórnendur frá störfum.
- Afhenda vettvanginn til rannsóknaraðila ef við á.
- Tilkynna aðgerðalok og brottför af vettvangi til AST.
- Líklegt er að VST sé beðin um að mæta til AST til þess að fara endanlega yfir stöðuna áður en VST er leyst frá störfum.

Þegar störfum hjálparliðs á einstökum starfssvæðum lýkur, tilkynnir viðkomandi verkþáttastjóri það til vettvangsstjóra sem leysir hópinn formlega frá störfum og sendir hann á biðsvæði. Líklegt er að margir hjálparliðar hafi orðið viðskila við bíla sína, búnað (teppi börur, talstöðvar og fleira) og jafnvel

samferðamenn sína. Hjálparliðar, sem leystir hafa verið frá störfum án frekara fyrirmæla, skulu fara á biðsvæðið og gefa sig fram við Móttöku.

Fljótlega eftir að aðgerðum lýkur skal:

- Halda fund með öllum stjórnendum aðgerðanna.
- Skrifa aðgerðaskýrslu.
- Yfirfara búnað og gera hann tilbúinn í næsta útkall.
- Láta vita af þeim búnaði sem þarf að endurnýja.
- Yfirfara eigin gátlista m.t.t. reynslunnar.

Þá skal vettvangsstjóri vera viðbúinn því að það kunni að verða leitað til hans síðar vegna frekari úrvinnslu og hugsanlegra funda að aðgerð lokinni.

Ef eðli áfallsins og sálrænt álag gefur tilefni til skal fá sérfræðinga í áfallahjálp til að skipuleggja og stjórna hópfundum fyrir björgunar- og hjálparlið, þar með talinn vettvangsstjóra. Æskilegt er að slíkir fundir séu haldnir innan 72 klst. frá lokum aðgerða.

Oft getur verið um áframhaldandi aðgerðir að ræða af hálfu aðgerðastjórnar eða rannsóknaraðila vegna slyss á fólki þó svo að vettvangsstjóri hafi lokið störfum. Taka skal tillit til þess þegar verið er að skipuleggja lok aðgerða af hálfu vettvangsstjóra.

Skilgreining á lokum aðgerða

Aðgerðum lýkur með mismunandi hætti eftir stjórnstigi:

1. Aðgerð er ekki lokið af hálfu *vettvangsstjóra* fyrr en allir þolendur og allar bjargar eru farnar af vettvangi og eru á leið á áfangastað.
2. Aðgerð er ekki lokið af hálfu *aðgerðastjórnar* fyrr en allir þolendur eru komin á áfangastað* og allar bjargar innan umdæmis komnar heim og utanaðkomandi bjargar farnar úr umdæminu.
3. Aðgerðum er ekki lokið af hálfu *Samhæfingarstöðvarinnar* fyrr en allir þolendur eru komin á áfangastað* og allar utanaðkomandi bjargar komnar heim.

*Með áfangastað er átt við:

- Slasaðir, þegar þeir innritast á sjúkrahús tekur heilbrigðiskerfið við þeim.
- Látnir, þegar vettvangurinn breytist úr björgunarvettvangi í rannsóknarvettvang er meðferð látinna alfarið í höndum lögreglunnar en ekki almannavarna.
- Óslasaðir, þurfa að fara í skoðun hjá lækni, helst á sjúkrahúsi, ef þeir hafa lent í slysi, þrátt fyrir að þeir greinist óslasaðir á vettvangi og fari þaðan á fjöldahjálparstöð. AST og Samhæfingarstöðin hafa ekki lokið aðgerðum fyrr en fjöldahjálparstöðvar eru orðnar tómar.

5.6.16 Lota III - Aðgerðaskýrslur

Vettvangsstjóri skal svo fljótt sem auðið er, eftir að aðgerð er lokið, skila til aðgerðastjórnar tímasettri heildarskýrslu um aðgerðina, skipulag hennar og framkvæmd á vettvangi.

Við gerð skýrslunnar getur verið heppilegt að styðjast við grunnverkpættina: *Stjórnun, Áætlun, Bjargar og Framkvæmd*. Skýrslan er bæði söguleg heimild og stuðningsgagn ef fara þarf yfir atburðarásina síðar.

Í byrjun skýrslunnar skal telja upp þann lærdóm sem vettvangsstjóri telur að megi draga af aðgerðunum sem og hugsanlegar tillögur til úrbóta. Í lokin skal vera stutt samantekt.

Í skýrslunni skal koma fram, að svo miklu leyti sem hægt er:

- Kort af áfallssvæðinu, sem sýnir öll starfssvæði, vegalokanir o.þ.h.
- Skýrsla með nöfnum vitna, heimilisföngum og símanúmerum.
- Ljósmyndir og uppdrættir varðandi skipulag og framkvæmd.

- Skýrslur stjórnenda um framkvæmd einstakra verkþátta.

5.6.17 Lota III - Rannsókn slysstaðar/slysavettvangs

Slysstaður/slysavettvangur er rannsakaður af þar til bærum yfirvöldum. Lögreglustjórar fara með stjórn rannsóknar slysavettvangs á landi. Þeirri rannsókn er ætlað að leiða í ljós hvort tildrög slyss megi rekja til refsiverðs athæfis. Þegar óhöpp verða hjá loftförum sinnir Rannsóknarnefnd flugslysa rannsókn, sem ætlað er að leiða í ljós orsakir óhappsins og gera tillögur til úrbóta. Það sama er að segja um Rannsóknarnefnd umferðaslysa, en henni er ætlað að fara með rannsóknir umferðaslysa og gera tillögur til úrbóta. Bæði Rannsóknarnefnd flugslysa og umferðaslysa starfa óháð rannsókn lögreglu á sama slysi, en lögreglan aðstoðar þessa aðila eftir þörfum.

Þrátt fyrir að björgun mannlífa hafi ætíð forgang fer rannsókn oft fram samhliða aðgerðum á vettvangi. Rannsóknin hefst að jafnaði þegar eitthvað er liðið á björgunaraðgerðina eða í beinu framhaldi af henni. Vettvangsstjóra, sem ætlað er að stýra björgunaraðgerðum á vettvangi, þarf að þekkja í hverju störf rannsóknarmanna felast. Vettvangsstjóri getur og/eða þarf að taka tillit til rannsóknaraðila án þess þó að það komi niður á björguninni. Þá er það vel inni myndinni að vettvangsstjóri verði beðinn um að aðstoða þann sem stýrir rannsókninni að björgunaraðgerðum loknum.

Hér á eftir fara nokkur atriði sem gott er fyrir vettvangsstjóra að hafa í huga og gætu skipt rannsakendur máli við störf sín á vettvangi. Það skal þó undirstrikað að ávallt er rétt að taka tillit til þessara atriða eftir því sem aðstæður leyfa. Mikilvægt er að þau **verði ekki til að hamla, eða tefja björgunaraðgerðir**:

- Skipuleggja verndun vettvangs og koma í veg fyrir að sönnunargögn eða vegsummerki spillist.
- Lágmarka umferð um vettvanginn.
- Lágmarka umferð um akstursleið farartækja.
- Hafa í huga að veður getur máð út vegsummerki.
- Færa ekki muni, sem tengjast slysinu, úr stað. Ef nauðsyn krefur að munir séu færðir skal skrá þá og merkja staðsetningu þeirra. Ljósmynda ef hægt er.
- Færa ekki látna einstaklinga úr stað. Ef brýna nauðsyn ber til að færa látna, þá skal skrá þá og merkja staðsetningu þeirra. Ljósmynda ef hægt er.
- Afla skal upplýsinga um nöfn og sambandsleiðir sjónarvotta eða vitna.
- Afla skal upplýsinga um það hvernig var umhorfs á vettvangi strax eftir óhappið / slysið, eða eftir að fyrstu vettvangsaðilar komu á staðinn.

5.7 Verkpáttastjórar

Vettvangsstjóri skipar verkpáttastjórana og þeir verða hans helstu samstarfsmenn á vettvangi. Hver sá, sem er skipaður stjórnandi yfir verkpætti, ber ábyrgð á starfinu innan hans og því að fylgja eftir fyrirmælum vettvangsstjóra. Stjórnendur verkpáttar þurfa að geta unnið sjálfstætt, lagt mat á málin, komið með tillögur og útbúið áætlanir innan síns verkpáttar og framfylgt þeim. Verkpáttastjórnendur þurfa að samhæfa störf sín á milli. Stjórnendur verkpáttar eru ábyrgir fyrir því að þeir sem starfa innan verkpáttar á hans stjórnunarsviði fái þær upplýsingar og fyrirmæli sem þeim eru nauðsynleg aðgerðarinnar vegna og til að geta sinnt starfi sínu.

Á hverju starfssvæði og við hvern verkpátt starfa margar verkeiningar eða starfsstéttir. Nauðsynlegt er að samhæfa störf þessara aðila og er það hlutverk verkpáttastjóranna. Verkpáttastjórar eru millistjórnendur sem stýra og samhæfa tæknilega úrlausn verkpáttar á vettvangi í umboði vettvangsstjórnar. Verkpáttastjórar sem hafa verið fyrirfram skilgreindir eru fjórir: björgunarstjóri, aðhlynningarstjóri, gæslustjóri og flutningastjóri. Æskilegt er að þeir sem taka að sér að vera stjórnendur fyrrnefndra verkpáttar hafi fengið til þess sérstaka þjálfun.

Fyrsta verk allra verkpáttastjóra, þegar þeir eru kallaðir til starfa, er að:

- gefa sig fram við vettvangsstjórn,
- fá yfirsýn yfir þann mannafla, búnað og tæki sem mæta á vettvang og leggja mat á hvort sá fjöldi hentar,
- skipa undirstjórnendur og útdeila verkefnum.

Björgunarstjóri stjórnar og samhæfir starfsemi á slysstað þ.á.m. slökkvistörf, björgun úr flaki, burði slasaðra frá flaki að bráðaflokkunarsvæði og bráðaflokkun. Í því fellst m.a. að:

- Ákveða bráðaflokkunarsvæði í öruggri fjarlægð frá slysstað.
- Tryggja fjarskipti frá slysstað til vettvangsstjóra og að söfnunarsvæði slasaðra.
- Staðfesta við vettvangsstjórn fjölda þeirra sem í slysinu lentu.
- Setja fólk í hleðslu sjúkrabíla og annarra sjúkraflutningstækja.

Aðhlynningarstjóri stjórnar og samhæfir starfsemi á söfnunarsvæði slasaðra og söfnunarsvæði óslasaðra. Fyrsta verk aðhlynningarstjóra er að undirbúa móttöku á þolendum frá slysstað. Í því fellst m.a. að:

- Undirbúa söfnunarsvæði slasaðra SSS.
- Setja fólk í skráningu á söfnunarsvæði slasaðra SSS, bæði við móttöku og brottför.
- Undirbúa forgangssvæði I, II, III á SSS, þar sem slasaðir fá viðeigandi meðferð.
- Undirbúa söfnunarsvæði óslasaðra SSÓ fyrir móttöku.
- Tryggja fjarskiptasamband við slysstað.
- Setja lækni / lækna í verkefni á söfnunarsvæði látinna SSL.

Gæslustjóri stjórnar og samhæfir umferðastjórn á vettvangi og skipuleggur verndun og gæslu allra starfssvæða á vettvangi. Í því fellst m.a. að:

- Setja upp innri lokun við slysstað til að tryggja starfsfrið og hagsmuni rannsókna.
- Tryggja að allir lokunarpóstar innan vettvangs séu mannaðir.
- Ræða við vettvangsstjórn VST um þörf á umferðastjórn innan vettvangs.
- Setja upp söfnunarsvæði látinna.
- Vernda önnur starfssvæði eftir þörfum hverju sinni.
- Setur upp talningu á viðeigandi stöðum.

Flutningastjóri stjórnar og samhæfir starfsemi á móttökustað, biðsvæðum og nýtingu flutningatækja. Hann hefur umsjón með framkvæmd sjúkraflutninga og flutningi á óslösuðum. Í því fellst m.a. að:

- Tryggja að Móttökustaður MÓT sé starfhæfur.
- Tilnefna umsjónarmenn á biðsvæði BH – BF – BTB.
- Ræða við vettvangsstjórn um flutningsþörf og flutningsleiðir innan vettvangs.
- Útvega bíla í flutninga frá slysstað til söfnunarsvæða.
- Tryggja skráningu á slösuðum og óslösuðum sem fluttir eru af slysstað / vettvangi.

Aðgerðalok

Verkpáttastjórar huga nú að frágangi og hreinsun á sínum starfssvæðum. Að því loknu tilkynna þeir vettvangsstjórn um lok verkefnis, sem þá leysir hjálparlið formlega frá störfum. Síðasta verk verkpáttastjóra er að fara á fund VST, gefa skýrslu, skila skráningarblöðum og öðrum gögnum. Í framhaldi af því eru þeir leystir frá störfum, nema að vettvangsstjóri ákveði annað.

Flutningastjóri aðstoðar allar verkeiningar við að ná saman þeim hjálparliðum sem tvístrast hafa og einnig búnaði þeirra og tækjum. Skipuleggur síðan í samstarfi við Móttöku brottför hjálparliðs af aðgerðasvæðinu. Móttakan tryggir að þær bjargir sem skráðar voru í aðgerðina hafi einnig verið skráðar við brottför.

Gæslustjóri í samvinnu við VST aflýsir þeim lokunarpóstum sem settir hafa verið upp innan vettvangs þegar allir þolendur hafa verið fluttir burt. Gæslustjóri getur þó í samstarfi við lögreglu þurft að tryggja áframhaldandi verndun verksummerkja á slysstað.

Frá því að farið var að skipuleggja vettvangsaðgerðir (þ.m.t. hernaðaraðgerðir) hafa grunnþættir slíkra aðgerða ávallt miðast við þrjú C:

COMMAND – CONTROL – COMMUNICATION

Stjórnun – Samhæfing- Samskipti (fjarskipti)

Samkvæmt ofansögðu eru fjarskipti/samband einn af grunnþáttum vel heppnaðra vettvangsaðgerða. Verður því ávallt að vanda til undirbúnings og skipulags á því sviði.

Megin reglan fyrir vel heppnuðum fjarskiptum er, að þeir sem stjórna aðgerðum á hverjum tíma geti fljótt og hindrunarlítið komið mikilvægum fyrirmælum til þeirra starfseininga sem eru við störf. Haft yfirsýn yfir ástand og horfur og safnað upplýsingum um framvindu og þróun. Því er mikilvægt að velja hæfan einstakling til að stjórna skipulagi fjarskipta og gerð fjarskiptaáætlunar.

Ekki er til algild formúla fyrir vel heppnuðum fjarskiptum. Miðað við nútímataækni og fjarskiptabúnað er mönnum skapaðir ýmsir möguleikar sé rétttri hugsun og skipulagi beitt. Þegar rætt er um fjarskiptatæki í þessu samhengi er átt við hvern þann tæknibúnað sem hægt er að nota til að ná sambandi milli einstaklinga, t.d.: talstöðvar, farsímar, almennir símar, faxtæki, tölvur, o.fl.

Við val á fjarskiptaleiðum og tíðnum skal hafa í huga hvaða starfseiningar þurfa hugsanlega að flytja viðkvæmar tilkynningar eða boð og velja þeim möguleika samkvæmt því, t.d. almennan síma eða farsíma, eða að öðrum kosti að nota fjarskiptatíðnir sem fáir hafa aðgang að. Á sama hátt er rétt að nota þær tíðnir sem margir hafa aðgang að til þess að flytja fyrirmæli og tilkynningar sem æskilegt er að sem flestir heyri.

Við gerð fjarskiptaáætlunar gildir að nota allar þær fjarskiptaleiðir sem til staðar eru en varast að leggja of mörg egg í sömu körfu (ekki stóla bara á eina leið). Þannig getur almennur sími eða farsími veitt traust og lítt truflað samband, t.d. milli vettvangsstjórnar og aðgerðastjórnar. Að sama skapi eru símkerfin mun viðkvæmari fyrir tæknilegum bilunum svo sem vegna ofurálags eða annarrar röskunar. Ávallt skal huga að varasamböndum. Þannig skal handhöfum fjarskiptatækja ávallt gert ljóst hvaða varaleiðir skulu notaðar ef aðalleið bregst. Einkanlega á þetta við um fjarskipti um lengri veg, s.s. við aðgerðastjórn.


Umfang fjarskipta á hverjum tíma miðast fyrst og fremst við stærð áfalls, víðfeðmi áfallssvæðisins og fjölda hjálparliðs á vettvangi. Því umfangsmeira sem áfallið er þeim mun meiri þörf er fyrir vel skipulögð fjarskipti. Þegar skipulag fjarskipta er ákveðið skulu eftirfarandi atriði höfð í huga.

- Hvaða aðilar / starfseiningar hafa þörf fyrir fjarskipti og í hve miklum mæli?
- Hvaða tíðnir / fjarskiptatæki eru til ráðstöfunar á vettvangi?
- Hvaða starfssvæði / aðilar eiga að geta haft samband sín á milli?
- Hvaða aðilar þurfa að hafa samband við aðila utan vettvangs?
- Að hve miklu leyti er tíðniskipan bundin aðilum utan vettvangs?
- Þarf að gera ráðstafanir til að útvega fjarskiptabúnað á vettvang?
- Er þörf fyrir færanlegan endurvarpa vegna fjarskipta um lengri veg?
- Eru nægar vararahlöður og hleðslutæki á vettvangi?

Með hliðsjón af framantöldu hefur neðangreint skipurit reynst vel. Grundvallar hugmynd þess er að á milli vettvangsstjóra og undirstjórnenda hans fari fjarskipti fram á sömu rásinni (stjórnrás), en fjarskipti innan hvers verkþáttar fari fram á annarri rás.

Að öðru leyti skal fjarskiptaskipulag miða að því að tryggja: (Bókstafir í svigum vísa til tíðna í skipuritinu hér að neðan).

- Öruggt samband milli aðgerðastjórnar og vettvangsstjórnar. (A)
- Öruggt samband milli vettvangsstjórnar og undirstjórnenda. (B)
- Öruggt samband vettvangsstjórnar og stjórnenda verkþátta við einstök starfssvæði.
- Öruggt samband stjórnenda verkþátta og þeirra undirstjórnenda. (C og D)
- Nauðsynleg sambönd milli hópa innan einstakra starfssvæða á vettvangi. (E) t.d. á milli forgangs röðun og flutningstæki.



Dæmi um fjarskiptaskipulag í séráætlun almannavarna.

Vettvangsstjóri eða umsjónarmaður fjarskipta í hans umboði getur haldlagt fjarskiptatæki einstaklinga eða sveita í þágu heildarskipulags fjarskipta á svæðinu. Ef haldlagningu er beitt skal halda nákvæma skrá yfir upptækar stöðvar, tegund, raðnúmer, fylgihluti og eiganda.

Brýnt skal fyrir handhöfum talstöðva að stilla notkun þeirra í hóf, þannig að viðskipti miðist fyrst og fremst við að flytja áriðandi fyrir mæli, boð eða tilkynningar.

7 Eigin undirbúningur vettvangsstjóra

Vettvangsstjórn í almannavarnaástandi er verkefni sem sjaldan reynir á í framkvæmd. Verkefni, sem sjaldan koma til framkvæmda, vilja gleymast eða verða síður töm og því er mikilvægt að þeir sem standa frammi fyrir því að vera skipaðir vettvangsstjórar, undirbúi sig undir það verkefni og haldi þekkingu sinni og reynslu við. Það má gera með ýmsum hætti og verður nokkuð af því rakið hér.

7.1 Þekking á verkþáttaskipiritinu

Einn lykilþáttur í markvissri stjórnun er að stjórnandinn hafi staðgóða þekkingu á því skipulagi sem honum og öðrum á vettvangi er ætlað að starfa eftir. Því skiptir mjög miklu máli að vettvangsstjórar viðhaldi þekkingu sinni á verkþáttaskipiritinu og almannavarnaskipulaginu almennt. Það má gera með ýmsu móti:

- Lesa reglulega yfir efni um vettvangsstjórn og almannavarnir.
- Taka reglulega þátt í æfingum (vettvangsæfingar og / eða skrifborðsæfingar).
- Að leitast við í daglegum aðgerðum að temja sér notkun þeirra hugtaka og heita, sem er að finna í vettvangsstjórnarskipulaginu.
- Kenna samstarfsaðilum notkun skipulagsins og verklagsreglur.

7.2 Upplýsingar um bjargir

Eitt af því mikilvægasta sem vettvangsstjóri þarf að tileinka sér er að geta nálgast upplýsingar um þær bjargir sem til staðar eru í hans eigin umdæmi og/eða nærliggjandi umdæmum.

Þar er fyrst að nefna þær bjargir sem tilheyra viðbragðs- og öryggisþjónustu viðkomandi umdæmis: þ.e.a.s. lögregla, slökkvilið, sjúkraflutningar, björgunarsveitir og Rauði kross Íslands. Hvaða mannaflí tilheyrir þeim og hvaða menntun / þjálfun hefur hann? Hver eru helstu tæki sem þær hafa yfir að ráða, flutningstæki, samgöngutæki og vinnuvélar. Hver er helsti sérbúnaður sem þær hafa yfir að ráða svo sem lýsingarbúnaður, björgunarbúnaður og önnur sérhæfð tæki. Ekki er ráðlegt að fara út í smáatriði í búnaðareign, en sjálfsagt er að taka fram sérstakan búnað svo sem snjóflóðayla o.þ.h. Vettvangsstjóri getur staðið frammi fyrir því að þurfa sjálfur að annast boðun á hluta eða öllum af þessum björgum og því getur verið rétt að hafa helstu boðleiðir klárar.

Hins vegar er að nefna bjargir eða önnur úrræði sem ekki tilheyra hinni hefðbundnu öryggis- og viðbragðsþjónustu. Þar má nefna bæjarstarfsmenn, iðnaðarmenn og aðra faglærða starfsmenn og tæknimenn. Þá er í öllum umdæmum til ýmis búnaður og tæki, sem nýst getur við aðgerðir. Þar má nefna flutningatæki, samgöngutæki, þungavinnuvélar, ýmsan sérbúnað, tæki og tól, sem iðnaðar- og tæknimenn nota í störfum sínum. Sumstaðar hafa menn brugðið á það ráð halda skrár með ofangreindum upplýsingum.

7.3 Halda góðu sambandi við vettvangslið í héraði

Það getur skipt tilvonandi vettvangsstjóra miklu máli þegar í aðgerðina er komið að þekkja vel til þeirra aðila sem sinna vettvangsstörfum. Það ætti meðal annars að auðvelda val vettvangsstjóra þegar hann skipar aðila í vettvangsstjórn eða í stjórn verkþátta á vettvangi. Ein besta leiðin til að ná því marki er að viðkomandi starfi með vettvangsaðilum, hvort sem þar er um að ræða æfingar eða raunverulegar aðgerðir. Þannig er óhætt að fullyrða að reglulegt samband hinna ólíku vettvangseininga leiði til skilvirkari vinnubragða á vettvangi, hvort sem um er að ræða í vettvangsstjórn eða úti í mörkinni. Heimsóknir milli ólíkra vettvangseininga getur leitt til gagnkvæmrar þekkingar, skilnings og virðingar. Vettvangsstjóri getur vel haft frumkvæði að slíkum heimsóknum.

7.4 Líkleg aðstaða / aðsetur vettvangsstjóra

Þó svo að staðsetning vettvangsstjórnar geti þurft að vera breytileg er rétt að væntanlegir vettvangsstjórar átti sig á þeim úrræðum sem til staðar eru í þeirra umdæmi.

7.4.1 Húsnæði

Ákveðin húsnæði henta sem vettvangsstjórnstöð, verði áfallið þar nærri og má þar nefna: bæjarstjórnarskrifstofur, lögreglustöð, slökkvistöð, björgunarsveitarhús, byggingar á flugvöllum, o.fl. Þar sem staðsetning áfallssvæðis getur verið mjög breytileg er ógjörningur að ætla að vera búinn að átta sig á öllum hugsanlegum möguleikum á uppsetningu vettvangsstjórnstöðvar í húsi.

7.4.2 Bílar

Vettvangsstjórnstöð í bíl kann að vera mjög álitlegur kostur, ekki síst þar sem vettvangur er mjög stór, fjarri byggingum eða að æskilegar byggingar eru laskaðar af völdum áfallsins. Í sumum umdæmum eru til þar til gerðir stjórnstöðvarbílar, nokkurs konar færanlegar stjórnstöðvar, sem vitaskuld henta mjög vel sem vettvangsstjórnstöðvar. Einnig má vel notast við aðrar rúmgóðar bifreiðar, sem eru búnar fjarskiptatækjum, svo sem björgunarsveita-, lögreglu- eða slökkviliðsbifreiðar.

7.4.3 Annað

Ef aðstæður eru þannig að vettvangsstjóri getur ekki komið upp vettvangsstjórnstöð í heppilegu húsnæði eða bíl þarf að beita öðrum úrræðum. Þá er gott að hafa á reiðum höndum hvernig best sé að koma vettvangsstjórn við. Tvö megin atriði ráða þar miklu, vettvangsstjórnarbúnaðurinn annars vegar og aðstaðan, sem vettvangsstjórninni er valinn staður í, hins vegar. Þannig getur verið gott að vita hvar sé til búnaður sem hægt er að grípa til við uppsetningu vettvangsstjórnstöðvar. Varðandi önnur úrræði á aðstöðu eða staðsetningu mætti horfa t.d. til annarra bíla (sendiferðabíla, fólksbíla). Víða eru til allgóð tjöld sem gætu nýst vel sem vettvangsstjórnstöð.

7.5 Gátlistar

Gátlistar (tékklistar) eru notaðir vítt og breitt í samfélaginu og að jafnaði með góðum árangri. Þá má nota með ýmsu móti, en segja má að hlutverk þeirra sé í megin atriðum tvíþætt. Í fyrsta lagi tryggja að þau atriði sem á að framkvæma séu framkvæmd og í öðru lagi að tryggja að atriðin séu framkvæmd í réttri röð.

Það vill gjarnan brenna við þegar rætt er við viðbragðs- og öryggisaðila um notkun gátlista að mönnum finnist það óþarfi og að verið sé að opinbera það að menn kunni ekki fag sitt. Svo er þó alls ekki og má í því samhengi benda á starfsstéttir, svo sem flugmenn og neyðarsímverði, sem notast að miklu leyti við gátlista í daglegu starfi sínu og engum finnst það athugavert.

Þar sem aðstæður og þarfir manna eru misjafnar getur verið gott fyrir menn að gera sína eigin gátlista. Við gerð gátlista er rétt að hafa eftirfarandi í huga:

- **Einfaldleiki:** Uppbyggingin þarf að vera einföld.
- **Hnitmiðaður:** Á gátlistanum á kjarni málsins að koma fram í stuttu máli.
- **Leiðandi:** Byrja efst og enda neðst, eða að eitt leiði af öðru.
- **Hentugt form:** Þannig að það sé þægilegt að taka gátlistann með sér.
- **Skráning á listann:** Stundum getur hentað að geta skráð á listann, t.d. að merkja við að ákveðnu verkefni sé lokið eða færa inn upplýsingar.

Dæmi um gátlista sem er gott að hafa við höndina:

- Hvaða upplýsingar vil ég fá þegar ég er kallaður út?
- Almennur gátlisti um hvernig hefja skal og reka vettvangsstjórn.
- Áætlanagerð.
- Stöðurit og stöðufundir.

7.6 Önnur hjálpargögn

Hjálpargögn vettvangsstjórans geta verið af ýmsum toga og mismunandi eftir aðgerðum hvað hentar. Ef nefna ætti nokkur af helstu hjálpargögnum mætti nefna:

- fjarskiptatæki (talstöð, farsíma, síma, fax)
- blöð og skriffæri
- gátlistar
- landakort og kortagögn (reglustika, gráðubogi, hringfari)
- myndavél
- vasaseguband
- handbækur (símaskrá, almanak HÍ, vettvangsstjórnarrit, búnaðarrit o.fl.)

7.7 Upplýsingar af internetinu

Sífelld verða fleiri upplýsingar aðgengilegar í gegnum tölvur. Þó svo að ekki sé reiknað með því að vettvangsstjórar hafi að jafnaði tölvu með nettengingu við höndina er rétt að tilvonandi vettvangsstjórar viti um eitthvað af þeim gögnum sem hægt er að nálgast af netinu. Hér verða nokkrar af mörgum gagnlegum heimasíðum nefndar:

Ríkislögreglustjórinn almannavarnadeild: <http://www.almannavarnir.is>

Upplýsingar um almannavarnir í landinu, fréttatilkynningar í aðgerðum.

Veðurstofa Íslands: <http://www.vedur.is>

Meðal annars upplýsingar um: veður, veðurspár, náttúruvá, s.s. jarðskjálfta, snjóflóð, hafís, o.fl.

Vegagerðin: <http://www.vegagerdin.is>

Upplýsingar um færð á vegum, snjómokstur, veður, o.fl.

Landssíminn: <http://www.siminn.is>

Meðal annars: útbreiðslukort vegna farsíma, SMS þjónusta, símaskráin, þjónustumöguleikar símkerfanna, o.fl.

OgVodafone: <http://www.ogvodafone.is>

Meðal annars: útbreiðslukort vegna GSM, SMS þjónusta, símaskrá , o.fl.

Siglingastofnun: <http://www.sigling.is>

Meðal annars upplýsingar um: sjólag, ölduspá, veður, flóðahæð, o.fl.

Morgunblaðið (mbl.is): <http://www.mbl.is>

Meðal annars: fréttir líðandi stundar (uppfært reglulega).

Visir.is: <http://www.visir.is>

Meðal annars: fréttir líðandi stundar (uppfært reglulega).

Textavarpíð: <http://www.textavarp.is>

Meðal annars: færð á vegum, veður, neyðarnúmer, samgöngur, o.fl.

8 Kort, loftmyndir, kortatákn og merkingar

8.1 Landakort og loftmyndir

Landakort og loftmyndir eru ákjósanleg verkfæri til að fá yfirsýn yfir vettvang eða til að nota við skipulag aðgerða. Landakort eru einfölduð mynd (teikning) af yfirborði jarðar þar sem tiltekin aðalatriði eru dregin fram og gjarnan einfölduð í einhverjum mæli. Loftmyndir eru á hinn bóginn ljósmyndir af raunverulegri ásjónu jarðar.

Kort eða vettvangsuppráttur getur verið eitt af mikilvægustu hjálpartækjum stjórnenda aðgerða, hvort sem um er að ræða vettvangsstjórn eða aðgerðastjórn, til þess að auka yfirsýn aðgerða. Á kortum er hægt að setja fram á myndrænan hátt það sem hefur gerst og hvað er verið að gera til að bregðast við atburðinum. Nýta má kort með góðum árangri til að sýna hvar ákveðnir hlutir hafa gerst, til að sýna mörk starfssvæða, sýna hvaða svæði þarf að varast eða hvaða svæðum þarf að hafa sérstakar gætur á. Kort nýtast einnig vel til að sýna hvernig vettvangur liggur við samgöngum eða til að gera grein fyrir veðri og hvernig landslag getur haft áhrif á það.

Kort skiptast í meginráttum í tvo flokka, þematísk kort og staðfræðikort. Þematísk kort eru t.d. notuð til að sýna útbreiðslu, magn eða gæði. Dæmi um þematískt kort sem sýnir útbreiðslu gæti verið jarðfræðikort sem sýnir útbreiðslu jarðmyndana á yfirborði jarðar. Dæmi um kort sem sýnir magn gæti verið kort sem sýnir meðalúrkomu á ári. Staðfræðikort eru einfölduð mynd af landslagi og mannvirkjum. Einföldunin eða alhæfingin ræðst af mælikvarða kortsins og af því með hvaða tækni kortið er gert.

8.2 Mælikvarði korta og loftmynda


Þegar rætt er um mælikvarða korta og loftmynda er verið að tala um hlutfallið milli stærðar í raunveruleikanum og stærðar á korti. Eftirfarandi tafla sýnir þessi tengsl. Mælikvarði korta ræður mestu um það hversu miklar upplýsingar er hægt að setja á kort.

Mælikvarði	Vegalengd	Flatarmál
1:500 000	1 cm á korti sýnir 5 km á landi	1 cm ² á korti jafngildir 25 km ² á landi
1:250 000	1 cm á korti sýnir 2,5 km á landi	1 cm ² á korti jafngildir 6,25 km ² á landi
1:100 000	1 cm á korti sýnir 1 km á landi	1 cm ² á korti jafngildir 1 km ² á landi
1:50 000	1 cm á korti sýnir 0,5 km (500 metra) á landi	1 cm ² á korti jafngildir 0,25 km ² á landi
1:25 000	1 cm á korti sýnir 0,25 km (250 metra) á landi	1 cm ² á korti jafngildir 62 500 m ² á landi
1:10 000	1 cm á korti sýnir 0,1 km (100 metra) á landi	1 cm ² á korti jafngildir 10 000 m ² á landi
1:5 000	1 cm á korti sýnir 0,05 km (50 metra) á landi	1 cm ² á korti jafngildir 2500 m ² á landi
1:1 000	1 cm á korti sýnir 0,01 km (10 metra) á landi	1 cm ² á korti jafngildir 100 m ² á landi

Á kortum sem eru í litlum mælikvarða (t.d. 1:500 000) þarf að alhæfa mikið, þ.e. að einfalda myndina sem sýnd er af raunveruleikanum. Á slíkum kortum eru þorp og bæir oft sýnd með einföldu tákni svo sem depli. Á kortum í stórum mælikvarða (t.d. 1:1000) er lítil þörf á einföldun. Þar eru gjarnan sýndar útlínur einstakra bygginga og skeikar þar sjaldnar meira en 20 cm í staðsetningu.

Algengustu kort sem unnið er með í dreifbýli eru í mælikvarða: 1:500.000, 1:250.000, 1:100.000, 1:50.000 og 1:25.000. Kort af þéttbýli eru hinsvegar gjarnan í kvörðunum: 1:10.000, 1:5000, 1:2000 og 1:1000. Þá er nokkuð um að til séu loftmyndir af þéttbýlissvæðum, sem nýst geta mjög vel við stjórn neyðaraðgerða. Algengir mælikvarðar á loftmyndum eru 1:36 000, 1:10 000 og 1:5000.

Dæmi um helstu gerðir korta:



Ferðakort 1:500 000

Á þessu korti er allt landið sýnt á einu blaði. Þetta er gott yfirlitskort sem sýnir vegi, þorp og bæi, jökla, helstu ár og stöðuvötn og mörk umdæma. Alhæfing er mikil á þessum kortum.




Staðfræðikort 1:250 000

Allt landið er sýnt á 9 kortblöðum. Þetta eru mjög góð landshlutakort.



Staðfræðikort 1:100 000

Sýna landslag og mikið af örnefnum. Þessi kort eru að stofninum til frá árunum 1908 til 1943. Hæðarlínuteikning á kortunum er ekki mjög nákvæm.



Staðfræðikort 1:50 000

Nákvæm staðfræðikort gerð í samvinnu Landmælinga Íslands og DMA. Stundum eru þau nefnd UTM kort, eftir hnitakerfi því sem þau eru strikuð í. Þessi kort eru til af rúmlega helmingi landsins.



Staðfræðikort 1:25 000

Nákvæm staðfræðikort gerð af Landmælingum Íslands. Þessi kort eru til af takmörkuðum svæðum, t.d. af SV-horni landsins og af Fljótsdalshéraði.



1:5000

Hér er dæmi um nákvæmt þéttbýliskort en hér er auðvelt að greina einstök hús, húsasund, göngustíga o.fl.




1:10 000

Kort í mælikvarða 1:10 000 sem er upprunnið í Landupplýsingakerfi Reykjavíkurborgar (LUKR).



1:5000

Kort í mælikvarða 1:5000 sem er upprunnið í Landupplýsingakerfi Reykjavíkurborgar (LUKR).



1:1000

Kort í mælikvarða 1:1000 sem er upprunnið í Landupplýsingakerfi Reykjavíkurborgar (LUKR).

Dæmi um loftmyndir í mismunandi mælikvarða



1:14 400

Loftmynd í kvarðanum 1:14 400. Á loftmynd í þessum mælikvarða má greina götur og hús á auðveldan hátt.



1:5000

Loftmynd í kvarðanum 1:5000. Hér má greina einstök hús eða húshluta, götur sjást greinilega og minni hlutir s.s. bílar sjást.



1:2000

Loftmynd í kvarðanum 1:2000. Hér má greina minni húshluta eins og kvisti og þakgerð húsa er nokkuð greinileg. Þá sjást akreinaskeiðingar gatna og greina má bíla.



1:1000

Loftmynd í kvarðanum 1:1000. Á loftmynd í þessum kvarða má greina mismunandi gerðir bíla. Takið eftir vörubílum sem stendur inni á lóð hægra megin við miðja mynd og skutbílum á götunni ofan við hann.

Til þess að kort og vettvangsuppdráttur nýtist sem best er mikilvægt að tileinka sér beitingu þeirra. Eitt sem rétt er að hafa í huga í þeim efnum er notkun tákna fyrir ákveðna merkingu, samanber hér að aftan. Annað sem reynst getur áhrifaríkt við korta- og vettvangsuppdráttavinnu, er notkun lita til að aðgreina ákveðin svæði, atburði, verkefni eða annað sem mikilvægt er að aðgreina eða auðkenna sérstaklega.

Oft getur verið hjálplegt að gera vettvangsuppdrátt til að leiða vettvangsstjórnann áfram við að búa til skipulagt starfsumhverfi á vettvangi og til að kenna viðbragðsaðilum á skipulagið á fljótlegan hátt. Vettvangsuppdrættir eiga að vera einfaldir en helstu atriði sem koma fram á vettvangsuppdrætti eru:

1. Einkennandi mannvirki eða kennileiti
2. Vegir
3. Áttavitastefna
4. Vindstefna
5. Mörk eða staðsetning slysstaðar
6. Hættusvæði
7. Lokanir
8. Starfssvæði (söfnunarsvæði, biðsvæði og móttaka)
9. Umferðaskipulag innan vettvangs
10. Vettvangsstjórnstöð.

Heppilegt er að teikna uppdráttinn á kort, ef hægt er, en einföld teikning á pappír nægir. Hægt er að teikna vettvangsuppdrátt á marga vegu og er hér á eftir koma dæmi um umferðarslys á gatnamótum Suðurlandsvegur og Bláfjallavegar teiknuð af þremur aðilum.

9 Viðaukar

1. Eyðublað: Talningarblað
2. Eyðublað: Stöðuyfirlit vegna slysa.
3. Eyðublað: Skráning bjarga.
4. Eyðublað: Dagbók („logg“).
5. Eyðublað: Flokkar og stjórnendur.
6. Eyðublað: Uppdráttur vettvangs.
7. Eyðublað: Beiðni um aðstoð.
8. Veggspjald: Verkpáttaskipurit
9. Veggspjald: Vettvangsstjórn –skipulag framkvæmda á slysavettvangi.

Ofantalin eyðublöð er hægt að sækja af heimasíðu almannavarnadeildar ríkislögreglustjórans á www.almannavarnir.is

TALNINGABLAÐ

Talningastaður

☐SLY ☐SSS ☐SSL ☐LP ☐HLIÐ ☐_____

Númer greiningarspjalds sett í viðeigandi reit fyrir þann sem talin er eftir lit á greiningarspjaldi.

GRÆNN		GULUR		RAUÐUR		SVARTUR	
5	Kl. —:—	5	Kl. —:—	5	Kl. —:—	5	Kl. —:—
10	Kl. —:—	10	Kl. —:—	10	Kl. —:—	10	Kl. —:—
15	Kl. —:—	15	Kl. —:—	15	Kl. —:—	15	Kl. —:—
20	Kl. —:—	20	Kl. —:—	20	Kl. —:—	20	Kl. —:—

Nafn talningamanns: _____

Blað nr. _____ Af _____

SKILIST TIL GÆSLUSTJÓRA

Stöðuyfirlit nr. — af —

Klukkan 

Stöðuyfirlit nr. — af —

Klukkan 

Stöðuyfirlit vegna slysa

	Enn á vettvangi	Fluttir af vettvangi	Samtals
Rauðir			
Gulir			
Grænir			
Svartir			
Ófundnir			
Samtals:			

Athugasemdir

Stöðuyfirlit vegna slysa

	Enn á vettvangi	Fluttir af vettvangi	Samtals
Rauðir			
Gulir			
Grænir			
Svartir			
Ófundnir			
Samtals:			

Athugasemdir

Dagbók

[illegible]

Dagsetning _____

Eldakkar og stjórnmendir

Vettvangsskipt _____

Aætlun

Bjargir

Framkvæmd _____

[illegible]

fjöldahjálp

This image shows a single sheet of white paper with rounded corners. It features ten horizontal blue lines spaced evenly apart, providing a template for handwriting practice or note-taking. The paper is oriented vertically and has no other markings or text.

[illegible]

Hver fyllir út _____

Staðsetning atburðar

Dagsetning Klukkan

Uppdráttur vettvangs


- Hættusvæði
→ Lokanir
→ Starfssvæði
→ Umferðastefna
→ Vettvangsstjórnstöð

- Einkennandi mannvirki eða kennileiti
→ Vegir
→ Áttavitastefna
→ Undirstefna
→ Mörk eða staðsetning

YL	VST	SLY	MÓT	BTB	SSS	Lp
IL	AST	BF	BH	SSÓ	SSL	af 77

Beiðni um aðstoð

Hvers konar aðstoð:	
Hversu mikið (fjöldi / magn):	
Hvað liggur mikið á, forgangs röðun (1 / 2 / 3):	
Hvert á að senda umbeðnar bjargir:	
Við hvern á að tala hjá vettvangsstjórn ef ræða þarf um beiðnina:	
Nánari lýsing:	
Hvernig var beiðnin send:	
☐ Lesin í síma	☐ Send í faxi
☐ Lesin í talstöð	☐ Send í tölvupósti
Móttaka staðfest af:	



VETTVANGSSTJÓRN

SKIPULAG FRAMKVÆMDA Á SLYSAVETTVANGI



Útgefandi: Almannavarnadeild Ríkissöfnun 2009